# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

270. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2017




Fjölskyldan á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði finnur sannarlega fyrir aukinni eftirspurn eftir hangikjöti þegar nær dregur jólahátíðinni. Guðmundur Sigurjónsson, bóndi á Bjarteyjarsandi, gengur hér úr skugga um að allt sé með felldu í reykkofanum. „Við erum að brasa í þessu á haustin eftir sláturtíð og alveg fram að jólum,“ segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sveinn Andri kærður fyrir þvinganir

**Skúli í Subway hefur kært Svein Andra Sveinsson hæstaréttarlögmann til héraðssaksóknara fyrir ólögmætar þvinganir í starfi hans sem skiptastjóri félagsins EK1923. Háttsemi Sveins fer í bága við siðareglur lögmanna að mati úrskurðarnefndar Lögmannafélags Íslands.**

**DÓMSMÁL** Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway, hefur ásamt viðskiptafélögum sínum kært Svein Andra Sveinsson hæstaréttarlögmann til héraðssaksóknara fyrir meintar ólögmætar þvinganir og rangar sakargiftir.

Tildrög kærunnar eru meintar hótanir og þvinganir Sveins Andra í störfum hans sem skiptastjóri félagsins EK1923. Með tölvupóstum sem kærendum bárust á Þorláksmessukvöld 2016 krafðist hann greiðslna upp á tugi milljóna inn á vörslureikning sinn frá tveimur félögum á vegum kærenda vegna riftanlegra gerninga milli félaganna tveggja og EK1923. Tekið var fram að yrðu kröfurnar ekki greiddar fyrir árslok 2016 yrðu höfðuð riftunarmál á hendur félögunum og kærur sendar til héraðssaksóknara á hendur fyrirsvarsmönnum þeirra, fyrir fjársvik og skilasvik.

Um meinta ólögmæta þvingun segir í kærunni að það hafi vakað fyrir skiptastjóranum að fá kærendur ofan af því að taka til varna í einkamáli um umdeildar riftunarkröfur, með því að hóta þeim kæru til héraðssaksóknara fyrir meint hegningarlagabrot. Sveinn er einnig kærður fyrir rangar sakargiftir með því að kæra þá fyrir alvarleg auðgunarbrot þrátt fyrir að honum mætti vera ljóst að ásakanirnar tengdust með beinum hætti niðurstöðu riftunarmála sem hann hafi sjálfur höfðað fyrir héraðsdómi.

Kærendur kvörtuðu undan Sveini til úrskurðarnefndar Lögmannafélagsins og kvað nefndin upp úrskurð 9. október síðastliðinn. Þar kemur fram að í bréfum skiptastjórans felist ótilhlýðileg þvingun gagnvart kærendum í skilningi 35. gr. siðareglna lögmanna og að aðfinnsluvert hafi verið að setja fram ítrekaðar kröfur um greiðslu skuldbindinga sem ljóst var að kærendur féllust ekki á og vildu verjast fyrir héraðsdómi, með tilvísun til þess að yrðu þær ekki greiddar yrðu fyrirsvarsmenn félaganna kærðir til embættis héraðssaksóknara. **– aá /** **sjá bls. 6.**

# Tannhvíttun með kolum sögð byggð á blekkingum




**NEYTENDUR** „Sú virkni sem haldið er fram að þessi efni hafi byggir ekki á sterkum vísindalegum grunni,“ segir Vilhelm Grétar Ólafsson, tannlæknir og lektor við tannlæknadeild HÍ, um nýjasta æðið í hvíttun tanna. Það felur í sér að fólk burstar tennur sínar upp úr kolum, sem sögð eru 100 prósent náttúruleg, ýmist í púður- eða tannkremsformi í leit að hvítara brosi. Vilhelm segir alls ekki hægt að mæla með notkun efnanna sem notið hafa töluverðra vinsælda hér á landi sem og erlendis að undanförnu. Hér á landi er kolatannkrem í boði frá nokkrum framleiðendum. Æði þetta hefur verið knúið áfram af markaðssetningu á netinu þar sem áhrifavaldar á samfélagsmiðlum hafa haldið því sem sérfræðingar kalla blekkingar að ungu fólki í leit að töfralausnum. Erlendir sérfræðingar hafa sömuleiðis varað við notkun tannhvíttunarefna unninna úr kolum þar sem þau geti hreinlega skaðað tennur. **– smj /** **sjá síðu 8**


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sýnum iðnnámi virðingu, skrifar Sigurður Hannesson. **17**

**SPORT** Ólafía Þórunn hefur leik á lokamóti ársins í dag. **28**

**MENNING** Þjóðrembingurinn á ekkert erindi í eðlilega og skynsamlega ræktun og verndun tungunnar, segir Ari Páll Kristinsson. **38**

**LÍFIÐ** Hanna Rún Bazev Óladóttir eyddi 300 klukkustundum í að sauma brúðarkjól á vinkonu sína. **54**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **AFS Á ÍSLANDI**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag verður vestanstrekkingur með kröftugum éljagangi. Á austanverðu landinu rofar til og gæti séð til sólar. Hiti um frostmark. SJÁ SÍÐU 34



Flokkarnir ræða skiptingu ráðuneyta.

# Ræða fjölgun ráðherra

**STJÓRNMÁL** Skipting ráðuneyta er nú rædd meðal þeirra flokka sem eiga í formlegum viðræðum um myndun ríkisstjórnar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leggja Framsóknarmenn ríka áherslu á að fá efnahagsmálin til sín vegna áherslu flokksins á kerfisbreytingar í fjármálakerfinu. Vegna snjóboltaáhrifa af kröfu Vinstri grænna um að Katrín Jakobsdóttir verði forsætisráðherra, er fjármálaráðuneytið hins vegar óumsemjanlega frátekið fyrir Bjarna Benediktsson. Því hefur komið til tals að fjölga ráðuneytum þannig að fjármálunum verði skipt upp í tvö ráðuneyti og þannig horfið aftur til þess fyrirkomulags sem tíðkaðist fyrir árið 2009 þegar ríkisfjármálin annars vegar og efnahags- og viðskiptamálin hins vegar voru í sitthvoru ráðuneytinu. Í ríkisstjórn Geirs H. Haarde, sem fór frá í kjölfar efnahagshrunsins, hafði Sjálfstæðisflokkurinn fjármálaráðuneytið sem Árni Mathiesen stýrði en Björgvin G. Sigurðsson var ráðherra Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Verði þessi uppstokkun að veruleika má ætla að málefni sem tengjast annars vegar Seðlabankanum og hins vegar kjaramálunum verði í fjármálaráðuneytinu en uppstokkun fjármálakerfisins og málefni bankanna verði í hinu nýja ráðuneyti.

Fjölgun ráðuneyta yrði þá einnig til hagsbóta fyrir Sjálfstæðisflokkinn, enda hefði fjölgunin líklega í för með sér að flokkurinn fengi ekki aðeins fimm heldur sex ráðuneyti. **– aá**

## Valdarán í Simbabve



Mikil óvissa ríkir í Simbabve eftir að hershöfðingjar landsins skipuðu sveitum sínum að setja Robert Mugabe, forseta landsins, í stofufangelsi. Ríkisútvarp Simbabve var jafnframt hertekið og í ávarpi sagði leiðtogi hersveitanna að um væri að ræða aðgerð til að hreinsa út „glæpamenn“ í æðstu stöðum. Þessar stúlkur létu sér fátt um finnast þegar þær rákust á einn af mörgum skriðdrekum á götum höfuðborgarinnar Harare. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Kannast ekki við fjölgun trampólínslysa

**VELFERÐ** Eigandi Trampólíngarðsins segist ekki kannast við að óvenju mörg slys hafi orðið þar frá því að fyrirtækið opnaði dyr sínar fyrir þremur mánuðum. Fréttablaðið greindi frá því í gær að um fimmtíu manns hefðu leitað á Landspítala undanfarið eftir hopp og skopp í Trampólíngarðinum. Þar á meðal eru mörg alvarleg beinbrot.

„Það hafa orðið sex alvarleg slys hjá okkur og sjö minniháttar,“ sagði Örn Ægisson, eigandi Skypark, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Ég veit ekki hvaðan þessar tölur koma.“

Um 24 þúsund manns hafa komið í Trampólíngarðinn frá því að hann var opnaður. Örn segir það ekki svo að of mörgum sé hleypt á trampólínin í einu. „Ég held að við séum að stjórna þessu eins og þetta á að vera,“ segir Örn. **– ebg**




# Stefán Karl vill lóð undir gámaþorp í Hafnarfirði

**Fyrirtækið Spretta vill lóð við Strandgötu í Hafnarfirði og rækta þar sprettur og salat. Stefán Karl Stefánsson hefur óskað eftir fundi sem allra fyrst með bæjaryfirvöldum. Stefnt er að því að rækta grænmetið í endurunnum frystigámum.**

**NÝSKÖPUN** Sprotafyrirtækið Spretta, í eigu Stefáns Karls Stefánssonar leikara, hefur óskað eftir lóð við Strandgötu í Hafnarfirði undir gámaþorp og vill rækta þar sprettur (e. microgreens) og salat. Vill fyrirtækið gera þriggja til fimm ára samning og hefur Stefán Karl óskað eftir fundi með bæjaryfirvöldum sem allra fyrst.

Forsvarsmenn Sprettu, þau Stefán Karl og Soffía Steingrímsdóttir, sendu Hafnarfjarðarhöfn bréf þann 7. nóvember og óskuðu eftir samstarfi vegna tilraunaverkefnisins. Í því segjast þau vilja rækta spretturnar og innan tíðar salat í endurunnum frystigámum á lóðinni Strandgötu 86 fyrir veitingahús og almenning. Lóðin sé á milli „gamla Slipphússins“ og „gamla Íshússins“ við höfnina og að þau telji hana geta hentað verkefninu um matvælaræktun í borg (e. urban farming) afar vel.

„Í gámaþorpi því sem við myndum vilja reisa við höfnina yrði gætt vandlega að útliti og aðkomu allri. Frágangur lóðar yrði á okkar ábyrgð og í fullri samvinnu við yfirvöld. [...] Þarna gæti orðið til vísir að matvælamarkaði í Hafnarfjarðarbæ þar sem hugsa mætti sér að um helgar væri hægt að nálgast hafnfirska matvöru og kaffisölu í hjarta bæjarins,“ segir í bréfinu og þar tekið fram að fyrirmyndir verkefnisins séu sóttar meðal annars til Bandaríkjanna og Bretlands.

Erindi Sprettu var tekið fyrir á fundi hafnarstjórnar síðasta föstudag og Lúðvík Geirssyni hafnarstjóra þá falið að ræða nánar við forráðamenn félagsins.

„Hafnarstjórnin hefur ekki tekið neina afstöðu og kallaði eftir frekari gögnum og upplýsingum. Þar er málið statt núna,“ segir Lúðvík í samtali við Fréttablaðið.

„Þetta er lóð sem höfnin á og er á mikilvægum stað hérna sem tengir saman miðbæjarsvæðið og höfnina og við höfum haldið eftir, því að bæði skipulag og nánari hugmyndavinna um framtíð svæðisins eru ófrágengin. Við undirbúum nú opna samkeppni um allt þetta svæði sem fer í gang í byrjun nýs árs og á meðan erum við ekki að úthluta lóðinni en þarna er Spretta einungis að biðja um tímabundin afnot,“ segir Lúðvík. Ekki náðist í Stefán Karl eða Soffíu Steingrímsdóttur þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **haraldur@frettabladid.is**



Stefán Karl Stefánsson, leikari og eigandi Sprettu ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

> **Við undirbúum nú opna samkeppni um allt þetta svæði sem fer í gang í byrjun nýs árs.**
>
> Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri Hafnarfjarðar



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu á www.husa.is

# Seríur

FROST

Samtengjanlegar LED útiseríur 50 ljósa

**2.990 kr**

~~3.990 kr~~

Blá, rauð, köld hvít, hlý hvít og marglit
14500290-293

**25% afsláttur**

---

Sjáðu verðið!

FROST

**4.990 kr**

Ljósahringur
LED, 26 cm, 100 LED, einnig til 43 cm, 200 LED. Einstaklega fallegt í glugga.
14500410

---

Sjáðu verðið!

**1.990 kr**

Frostrós í glugga
Hvít, rauð eða marglit.
2703001/39-40

---

Sjáðu verðið!

FROST

**1.990 kr**

40 LED inni- og útisería
14500340-342

---

Seríur fyrir þakkantinn og svalirnar

Sjáðu verðið!

FROST

**7.990 kr**

Frost LED Partý útisería, 20 ljósa samtengjanleg
20 ljósa samtengjanlegar útiseríur. 230W, 5 metrar. Hægt að tengja allt að 40 seríur saman á eina innstungu.
14500261-4, 14500690-3

---

JOTUN

## Lady litur mánaðarins

1352 **FORM**
Hlýr, þægilegur og passlega grár tónn sem tekur þægilega á móti þér.

**20% afsláttur** af LADY Pure Color

LADY

Blöndum alla liti

**LADY Pure Color**
Okkar fallegasta málning
- Algjörlega mött
- Einstök litaupplifun
- Mjög góð þekja
- Slitsterk

0,75 l

**2.956 kr**

~~3.695 kr~~

---

*Jólatilboð*

**1.490 kr**

~~1.990 kr~~

**25% afsláttur**

Jólastjarna
Stór og flott.

---

**1.199 kr**

~~1.990 kr~~

**40% afsláttur**

Aðventuljós
7 ljósa, 4 litir.
14500400-403

---

*Eitt mesta úrval landsins*

## Gervijólatré

*135 cm*
**5.990 kr**
135 cm Alaska Pine.
2718502

*150 cm*
**7.990 kr**
150 cm Alaska Pine.
2718503

*180 cm*
**9.990 kr**
180 cm Alaska Pine.
2718503

*210 cm*
**13.990 kr**
210 cm Alaska Pine.
2718505

*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

Jólavörurnar eru komnar í vefverslun **husa.is**

# Íslenskir nýrnasjúklingar settir í forgang og níu fengið ígræðslu

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar á biðlista eftir nýrnaígræðslu í gegnum norrænt samstarf um líffæragjafir voru settir í forgang eftir fund líffæraígræðsluteymis Landspítalans með fulltrúum Sahlgrenska-háskólasjúkrahússins í Svíþjóð í nóvember í fyrra. Níu aðgerðir hafa verið gerðar það sem af er þessu ári sem er met. Ófremdarástand var í þessum málaflokki í fyrra þar sem aðeins ein aðgerð hafði verið framkvæmd þegar teymið óskaði eftir fundi með fulltrúum sjúkrahússins til að krefjast skýringa. Það skilaði sér í því að algjör viðsnúningur hefur orðið í ár.

„Við vorum óánægð með hversu fá nýru við vorum að fá úti í Gautaborg því við höfðum verið að gefa heilmikið af nýrum í verkefnið. Þeir brugðust mjög vel við og árangurinn talar sínu máli,“ segir Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga og umsjónarmaður líffæraígræðsluteymis Landspítalans.

„Allir íslensku einstaklingarnir á biðlistanum voru settir í forgang og það hafa verið níu nýrnaígræðslur frá látnum gjöfum í Gautaborg á þessu ári. Á sama tíma hafa verið átta frá lifandi gjöfum þannig að þetta hafa verið 17 ígræðslur alls og það er það mesta sem nokkurn tímann hefur verið á einu ári.“

Samstarfið sem um ræðir er undir merkjum ígræðslustofnunarinnar Scandiatransplant sem starfrækir líffærabanka. Líffæri sem Íslendingar gefa fara í bankann og ígræðsla fer oftast fram á Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsinu í Svíþjóð, sem er samstarfssjúkrahús verkefnisins.



Runólfur Pálsson.

Að meðaltali höfðu Íslendingar verið að fá um fimm til sex nýrnaígræðslur á ári í gegnum samstarfið, átta árið 2015 en síðan aðeins eina í fyrra. Fundurinn virðist því hafa verið mikilvægur vendipunktur.

„Samt sem áður eru enn ellefu Íslendingar á biðlistanum í Gautaborg sem sýnir hvað þörfin er mikil. Svo erum við með í kringum 15 einstaklinga í undirbúningi fyrir nýrnaígræðslu frá lifandi gjafa sem gerðar eru á Landspítalanum. Þannig að það er eins gott að það var hægt að bregðast við þessu.“ **– smj**



Koma á í veg fyrir brask með íbúðir í París. NORDICPHOTOS/AFP

## Airbnb boðar takmarkanir á útleigu í París

**FRAKKLAND** Airbnb-heimagistingin hefur ákveðið að frá og með 2018 megi ekki leigja út heilar íbúðir í fjórum hverfum miðborgar Parísar lengur en í 120 nætur á ári. Ákvörðunin var tekin eftir að borgaryfirvöld höfðu margsinnis hert reglur um útleigu til þess að takmarka brask.

Í mörgum stórborgum Evrópu hafa braskarar keypt íbúðir miðsvæðis til þess að leigja ferðamönnum. Afleiðingarnar eru sagðar snarhækkun íbúðaverðs. **– ibs**

## Flugfélög á hausaveiðum

**KATAR** Arabísku flugfélögin Qatar Airways og Emirates, sem fara ört stækkandi, sárvantar flugmenn. Þau reyna nú að lokka danska flugmenn til sín með háum greiðslum.

Samkvæmt frétt á vef Berlingske getur danskur flugmaður sem flytur til Sameinuðu arabísku furstadæmanna eða Katar þénað yfir eina milljón danskra króna á ári skattfrjálst eða um 16,5 milljónir íslenskra króna.

Fulltrúi félags danskra flugmanna segir danska flugmenn duglega og að mikil eftirspurn sé eftir þeim. Mörg hundruð danskir flugmenn séu við störf í fjölda landa. **– ibs**

# Skipstjóri hjólabátsins segist ekki hafa getað sýnt meiri aðgát

**Skipstjóri hjólabáts, sem varð valdur að dauða konu við Jökulsárlón, og starfsmaður á malarplani við lónið segja ekkert óeðlilegt við það hvernig bátnum var ekið. Aðalmeðferð í málinu heldur áfram í dag en maðurinn er ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Eiginmaður og sonur konunnar voru hætt komnir.**

**SAKAMÁL** Maður sem bakkaði yfir kanadíska konu við Jökulsárlón í ágúst 2015, með þeim afleiðingum að hún lést samstundis, segist hafa sýnt fyllstu aðgát á vettvangi. Aðalmeðferð í máli mannsins hófst í gær í Héraðsdómi Austurlands. Hann er ákærður fyrir manndráp af gáleysi.

Í vitnisburði sínum sagði maðurinn að hann hefði varla getað sýnt meiri aðgát en hann gerði. Samstarfsmaður hans tók undir þetta og voru þeir sammála um að ekkert óhefðbundið hefði verið við hvernig bátnum var ekið.

Báturinn sem um ræðir er svokallaður hjólabátur sem bæði ekur á landi og siglir á sjó. Slysið varð á malarplani við lónið. Í skýrslutöku sagði maðurinn að hann hefði aldrei orðið var við fólk í kringum bátinn, en bakkmyndavél bátsins var biluð þennan dag.

Þá á starfsmaður á landi að ganga með bátnum og gæta þess að enginn vegfarandi sé nálægur. Sá starfsmaður sagðist fyrir dómi ekki geta staðfest hvort hann hafi séð allt sem var fyrir aftan bátinn.

Eiginmaður konunnar sem lést gaf skýrslu í gegnum síma. Hann segir að litlu hafi munað að báturinn færi einnig yfir sig. Maðurinn, konan og sonur þeirra biðu við lónið eftir að þyrla þeirra kæmi aftur á staðinn.

„Allt í einu bakkaði farartækið á okkur. Þetta gerðist svo hratt,“ sagði eiginmaðurinn. „Konan mín lá á maganum og beint fyrir aftan dekkið sem fór svo yfir hana. Síðustu orðin hennar voru „Hvað er að gerast? Guð minn góður,“ og svo fór dekkið yfir hana og hún dó samstundis.“



Slysið átti sér stað við Jökulsárlón í ágúst 2015. Skipstjórinn var ákærður fyrir manndráp af gáleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Fólk er að labba þarna þvers og kruss um allt, þetta er algjört kaos.
>
> Þyrluflugmaður sem flaug með kanadísku fjölskylduna

Sonur hjónanna hljóp fram fyrir bátinn og gerði skipstjóra viðvart með því að berja í bátinn og hrópa en eins og áður segir lést konan samstundis.

Þyrluflugmaðurinn sem flaug með kanadísku fjölskylduna þennan dag sagði fyrir dómi að á malarplaninu, þar sem slysið varð, sé oft mikið af fólki. „Fólk er að labba þarna þvers og kruss um allt, þetta er algjört kaos.“ Eftir slysið hefur borðum verið komið fyrir og malarplanið því afgirt en þó eru dæmi um að fólk virði ekki takmarkanir og gangi enn um planið. **– vdó**







## Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 10 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Kirkjusóknir reknar með miklum hagnaði

**ÞJÓÐKIRKJAN** Kirkjusóknir á landinu voru reknar með rúmlega 400 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Sóknargjöld kirkjusókna var um tveir milljarðar króna en aðrar tekjur um 900 milljónir króna. Hrein eign kirkjusókna landsins var í árslok um 30 milljarðar íslenskra króna.

Ríkissjóður greiðir söknum landsins sóknargjöld, sem er ákveðin fjárhæð á mánuði vegna hvers einstaklings innan kirkjunnar. Gjald þetta var á árinu 2016 rúmlega tveir milljarðar króna. Söknum landsins ber að skila rekstraryfirliti til ríkisendurskoðunar á ári hverju. Af þeim 267 söknum hafði Ríkisendurskoðun fengið til sín 234 ársreikninga til skoðunar.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata á þessu kjörtímabili, þykir ársreikningar þessara sókna um margt áhugverðir og þá einkum sérstakar söknir. „Við fyrstu sýn er mjög áhugavert að skoða Hallgrímskirkjusókn þar sem hún skilar áttatíu milljóna króna hagnaði. Söknin fær um 33 milljónir í sóknargjöld úr ríkissjóði en aðrar tekjur kirkjunnar nema um 270 milljónum króna. Hver er þörfin í því tilfelli til að veita þessari sókn sóknargjöld?“ spyr Helgi Hrafn. „Þó við myndum taka sóknargjöldin alfarið frá kirkjunni væri kirkjan samt sem áður rekin með fimmtíu milljóna króna hagnaði,“ bætir Helgi Hrafn við.

Fréttablaðið sagði frá því í byrjun árs að Þjóðkirkjan teldi sig hlunnfarna af ríkinu. Íhugaði biskup því alvarlega að stefna ríkinu fyrir vangoldin sóknargjöld. Taldi þjóðkirkjan ríkið seilast ofan í vasa kirkjunnar af mikilli hörku. Hundruð milljóna vantaði í sóknargjöld að mati kirkjuráðs þar sem innheimt sóknargjöld af sóknarbörnum skiluðu sér ekki að fullu til ríkis.

Félögum í hinni íslensku þjóðkirkju hefur stöðugt fækkað á þessari öld og er svo komið að færri en sjö af hverjum tíu Íslendingum eru meðlimir í kirkjunni. **-sa**


**Hallgrímskirkja skilaði 80 milljóna króna hagnaði í fyrra.**


**Grensáskirkja.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögreglu heimilt að bregðast við

**ÞJÓÐKIRKJAN** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun ekki upplýsa um hvort farið verði í frumkvæðisrannsókn á meintum kynferðisbrotum sr. Ólafs Jóhannssonar, sóknarprests í Grensáskirkju, á hendur fimm konum. Konurnar fimm hafa kært Ólaf til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota en nefndin fer almennt með rannsóknarvald í slíkum málum, nema annars sé óskað af þolendum. Lögreglunni er hins vegar heimilt að taka málin upp á eigin spýtur.

„Það er skylda lögreglu, samkvæmt lögum um meðferð sakamála, að bregðast við kærum ef þær koma fram, eða ef við fáum upplýsingar um meinta refsiverða háttsemi. Kæra þarf ekki að koma til til þess að hafin sé rannsókn hjá lögreglu – það er hið almenna,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglu.

Sr. Ólafur var sendur í leyfi eftir ásakanir um kynferðislega áreitni. Konurnar tengjast kirkjunni nánum böndum og störfuðu fyrir kirkjuna þegar meint brot voru framin. Þær rituðu Agnesi M. Sigurðardóttur, biskupi Íslands, bréf þar sem þær segjast bera fullt traust til úrskurðarnefndar kirkjunnar, og las Agnes upp úr bréfinu á kirkjuþingi á mánudag. Ólafur hefur neitað sök í málinu. **– sks**

# Ásökunum Skúla vísað á bug

## Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður segir ávirðingar Skúla og viðskiptafélaga hans fráleitar. Vildi vera almennilegur og gefa Skúla og hinum kost á að vinda ofan af gerningum sem hann taldi auðgunarbrot.

**DÓMSMÁL** „Sem skiptastjóri kærði ég Skúla og tvo samstarfsmenn hans fyrir skilasvik, ranga skýrslugjöf og skjalabrot og það er gersamlega fráleitt að tala um útbreiðslu rangra sakargifta þegar fyrir liggur að héraðssaksóknari vísar ekki frá kærum þrotabúsins heldur hefur ákveðið að setja sakamálarannsókn af stað,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sem Skúli Gunnar Sigfússon og fleiri menn hafa kært til héraðssaksóknara fyrir ólögmætar þvinganir og rangar sakargiftir, vegna háttsemi hans sem skiptastjóri þrotabús félagsins EK1923.

„Ef ég vissi ekki að lítið fer fyrir skopskyninu hjá viðkomandi myndi ég halda að þetta væri grín. Það er spurning hvort ég bæti við kæru á hendur þessum aðilum fyrir rangar sakargiftir,“ segir Sveinn Andri, sem kom af fjöllum þegar blaðamaður hafði samband til að inna hann eftir viðbrögðum við kærum þeirra Skúla og félaga á hendur honum.

Í kærunni er því meðal annars beint til héraðssaksóknara að hann taki til rannsóknar hvort skiptastjóri hafi gert tilraun til að kúga fé af kærendum með hótun um kæru sem byggist á röngum sakargiftum en háttsemi hans renni stoðum undir að annarleg sjónarmið og persónulegir hagsmunir hans ráði för fremur en hagsmunir þrotabúsins.

Sveinn Andri segir það mikinn misskilning að kærurnar hafi verið lagðar fram til að þvinga fram greiðslur eins og byggt er á í kærunni og úrskurðarnefnd Lögmannafélagsins féllst á með kærendum í úrskurði frá 9. október síðastliðinn.

„Þessu er einmitt öfugt farið því ég vakti athygli Skúla og hinna á því að ég teldi þarna hafa verið brotið gegn ákvæðum laga og gaf mönnum kost á því að vinda ofan af því sem ég taldi vera auðgunarbrot en það var ekki gert.“ Sveinn lætur þess getið, eins og kemur fram í kæru Skúla og félaga, að þegar mál þetta var tekið fyrir í héraðsdómi fyrir nokkru, hafi héraðsdómari talið að hann hefði átt að tilkynna hin meintu brot strax. „Lögmaður þeirra kvartaði undan því við héraðsdómara að ég hefði ekki kært strax í staðinn fyrir að gefa þeim kost á fresti og vera almennilegur,“ segir Sveinn Andri.

Samkvæmt 84. gr. gjaldþrotalaga er skiptastjóra uppálagt að tilkynna grun um refsivert athæfi til héraðssaksóknara. Í málinu er meðal annars um það deilt hvort skiptastjóri hafi rétt á, í stað tilkynningar, að ráðast sjálfur í rannsókn og kæra svo á grundvelli hennar. Í öðru lagi hvort heimilt sé með vísan til hinnar fortakslausu tilkynningarskyldu að sleppa mönnum við tilkynningu til saksóknara, inni menn umkrafðar greiðslur af hendi.

„Málið er að skilin eru mjög óljós á milli gerninga sem hægt er að rifta í einkamáli og refsiverðra skilasvika,“ segir Sveinn Andri aðspurður um túlkun 84. gr. og bendir á að það varði aðallega huglæga afstöðu manna og ásetning. „Ég hef hins vegar leitt að því óyggjandi rök að þarna væru menn fullkomlega grandsamir um að gerningar þeirra væru riftanlegir.“

adalheidur@frettabladid.is


**Skúli í Subway telur að annarleg sjónarmið ráði hjá Sveini.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ef ég vissi ekki að lítið fer fyrir skopskyninu hjá viðkomandi myndi ég halda að þetta væri grín. Það er spurning hvort ég bæti við kæru á hendur þessum aðilum fyrir rangar sakargiftir.**

Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður.


**Sveinn Andri Sveinsson**





KIA
The Power to Surprise

Tveir sem vekja aðdáun — hvor hentar þér betur?




24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

# Tannlæknar vara við kolahvíttunaræði

**Nýjasta æðið er að bursta tennur sínar upp úr kolum í púður- eða tannkremsformi í von um hvítari tennur. Vörurnar eru markaðssettar fyrir ungt fólk á samfélagsmiðlum. Blekking, segja sérfræðingar og íslenskir tannlæknar segja ekki hægt að mæla með notkun efnanna.**



Á YouTube má finna ótal myndbönd af lífsstílsbloggurum prófa kolavörur sem eiga að hvítta tennur. SKJÁSKOT/YOUTUBE

**NEYTENDUR** „Það er alls ekki hægt að mæla með þessum tannhreinsivörum þar sem virkni þeirra er alls ekki sönnuð, hvorki hvað forvarnir né tannhvíttun varðar, né hafa þær sýnt sig sem öruggar,“ segir Vilhelm Grétar Ólafsson, tannlæknir og lektor við tannlæknadeild Háskóla Íslands, um kolatannhvíttunarvörur, nýjasta æðið í hvíttun tanna bæði hér og erlendis. Norræna tannlækningastofnunin, NIOM, varaði nýverið við því að fólk burstaði tennur sínar upp úr kolum, hvort heldur sem er í púður- eða tannkremsformi, og sagði markaðssetningu villandi og neytendur blekkta. Vörurnar eru fyrst og fremst markaðssettar til að höfða til ungra neytenda á samfélagsmiðlum og á netinu.

Hér á landi er kolatannkrem og -púður í boði frá nokkrum framleiðendum sem að sjálfsögðu fullyrða allir um yfirburði eigin vöru. Kolin, sem oft eru kol unnin úr kókoshnetuskeljum eða bambus, eru markaðssett sem 100% náttúruleg, skaðlaus leið til að hvítta tennur og kosta hátt í fjögur þúsund krónur einingin. En þrátt fyrir sannfæringarkraft framleiðenda og svokallaðra áhrifavalda á samfélagsmiðlum eru sérfræðingar og vísindamenn efins.

Vilhelm Grétar hefur í gegnum tíðina fjallað töluvert um tannlýsingu og tannlýsingarvörur sem seldar eru í lausasölu og komist að því að margar þeirra eru gagnslausar. Aðspurður um kolin vísar hann í nýja samantektargrein sem birtist í Journal of the American Dental Association (JADA), eins allra virtasta vísindarits greinarinnar.

„Niðurstöðurnar þar eru í stuttu máli þær að sú virkni sem haldið er fram að þessi efni hafi, byggir ekki á sterkum vísindalegum grunni. Verulegur skortur er á traustum rannsóknum á þessum efnum og því er ekki hægt að halda því fram að þau standi jafnfætis flúortannkremi hvað hreinsun og forvarnir varðar, né að þau lýsi tennur til jafns við þau tannhvíttunarefni, s.k. peroxíðefni, sem hafa sannaða virkni.“

Margir sérfræðingar hafa bent á að hvíttunaráhrifin sem notendur telja sig upplifa megi að mestu rekja til þess að kolin liti tannholdið og tennurnar virðist því hvítari í samanburði.

Vilhelm Grétar segir að í greininni í JADA hafi komið fram frásagnir af dökknun tannholds þegar kolaagnir setjist í tannhold notenda. Vilhelm segir það óæskilega aukaverkun. Alls ekki sé hægt að mæla með notkun tannhirðuvara unnum úr þessum kolum.

Í norska fréttaskýringaþættinum Helsekontrollen á TV2 var kolatannhvíttunaræðið tekið fyrir nýlega. Þar var Jon E. Dahl, forstöðumaður NIOM, ómyrkur í máli og sagði kolin ekki hvítta tennur heldur einmitt skapa þessa tálsýn með andstæðu tannholds og tanna. „Notendur eru einfaldlega blekktir,“ var haft eftir honum í þættinum og fleiri sérfræðingar voru á sama máli. Vörurnar væru varhugaverðar og gagnslitlar ef ekki gagnslausar til þeirra töfralausna sem þær boðuðu.

Inga B. Árnadóttir, tannlæknir og prófessor við tannlæknadeild Háskóla Íslands, tekur aðspurð undir varnaðarorð kollega sinna hjá NIOM sem birtust í norska þættinum. **mikael@frettabladid.is**

> **Niðurstöðurnar þar eru í stuttu máli þær að sú virkni sem haldið er fram að þessi efni hafi, byggir ekki á sterkum vísindalegum grunni.**



Vilhelm Grétar Ólafsson, lektor í tannfyllingum og tannsjúkdómafræði við Tannlæknadeild HÍ




ENNEMM / SÍA / NM85100 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**SUBARU LEVORG PREMIUM**
bensín, sjálfskiptur. Eyðsla 6,9 l/100 km*

**EyeSight** öryggiskerfi Subaru er það fullkomnasta sem völ er á. Kerfið aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstur.

EyeSight öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080
**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# Hagspá Landsbankans

## Ekki sér fyrir endann á uppsveiflunni

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem ný þjóðhags- og verðbólguspá Hagfræðideildar bankans til næstu þriggja ára verður m.a. kynnt. Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu, miðvikudaginn 22. nóvember kl. 8:30–10:00. Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00.




**Dagskrá fundar**

**Setning fundar**
Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

**Þjóðhags- og verðbólguspá Landsbankans**
Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans.

**Mun þróun fasteignaverðs stefna stöðugleikanum í hættu?**
Ari Skúlason, hagfræðingur hjá Landsbankanum.

**Hvað hefur áhrif á arðgreiðslugetu banka?**
Fjármagnsskipan banka í ljósi breytinga á alþjóðlegu regluverki. Simon McGeary, framkvæmdastjóri hjá Citigroup.

**Fundarstjóri:** Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum.

**Skráning á landsbankinn.is**

#hagspa





# Segja ekki byggt í Víkurgarði og hótel fær grænt ljós

**SKIPULAGSMÁL** Ósk Lindarvatns ehf. um breytt deiliskipulag á Landsímareit vegna hótelbyggingar þar var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði í gær.

Á sama tíma ræddi kirkjuþing um bókun þar sem skorað er á yfirvöld að koma í veg fyrir framkvæmdir sem raski gröfum í Víkurgarði.

Eins og sagt hefur verið frá í Fréttablaðinu bárust borginni mörg mótmæli vegna áformanna. Umhverfis- og skipulagsráð segir deiliskipulagið í heild hins vegar endurspegla og taka fullt mið af fyrri niðurstöðu um vernd húsa á reitnum. Gera megi ráð fyrir að minjum um byggð eða greftrun á reitnum verði ekki raskað frekar en orðið sé vegna byggingarframkvæmdanna.

„Loks er minnt á að ákveðið hefur verið að halda samkeppni um torgið yfir Víkurgarði og að þar verði haldið á lofti minningu garðs og kirkju sem þar stóð um aldir,“ segir í bókun skipulagsráðs.



**Halla Halldórsdóttir, lengst til hægri, mælti fyrir breytingartillögu um ályktun kirkjuþings vegna Víkurgarðs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í gær samþykkti kirkjuþing 2017 að fela kirkjuráði að koma á framfæri við „þar til bær stjórnvöld“ að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð. Vísað var til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu:

„Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dóm prófasts. Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík segir í umsögn að engar fyrirætlanir séu í deiliskipulagstillögunni um að byggja í Víkurgarði sem áður hafi verið kirkjugarður en sé nú almenningsgarður. **– gar**


Kvika gefur út skuldabréf

## Reykjavík, 16. nóvember 2017

Kvika banki hf. hefur gefið út skuldabréf að fjárhæð 1.030 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í skuldabréfaflokknum KVB 17 02 og er heildarheimild flokksins 4.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku skuldabréfanna til viðskipta þann 15. nóvember 2017, og sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku *https://www.kvika.is/verdbrefalysingar*.

KVIKA

kvika.is


# Spáir fleiri kærum með reglum um kjör presta

**Hart var deilt á kirkjuþingi um breytingar á reglum um kjör presta. Tillaga var um að ekki mætti kjósa presta nema allir kjörnefndarmenn væru mættir á fund. Biskup og fleiri sögðu það algerlega óraunhæft og tillagan var samþykkt breytt.**

**TRÚFÉLÖG** Tillaga löggjafarnefndar kirkjuþings um breytingar á reglum um kjör presta hlaut óblíðar móttökur á þinginu í gær. Meðal annars átti að gera að skilyrði að kjörnefndir í söknum yrðu að vera fullskipaðar þegar gengið væri til kjörs á presti.

Margir kirkjuþingsmenn voru þessu algerlega andvígir og gerði Agnes M. Sigurðardóttir biskup breytingartillögu.

„Margar ástæður geta leitt til þess að kjörnefndarfólk forfallast,“ benti biskup á. Hún sagði „algerlega óraunhæft“ að mæla fyrir um hundrað prósent mætingu á kjörnefndarfund og lagði til í staðinn skilyrði um að tvo þriðju hluta kjörmanna þyrfti á fund þar sem prestur væri kjörinn.

„Ég undrast það að nefndin sem hér fjallar um málið skuli ekki vilja hlusta á reynslu okkar,“ sagði séra Gísli Jónasson sem tók undir með biskupi. Greinilegt væri að ókunnugleiki meðlima löggjafarnamefnda væri svo mikill „að það er varla vansalaust“, eins og hann orðaði það. „Ég upplifi það sem blauta tusku í andlitið á mér,“ bætti hann svo við.

Fleiri tóku undir þessi sjónarmið og var hlé gert á fundi svo löggjafarnefndin gæti fundað um málið aftur.

Eftir hlé kynnti síðan séra Skúli Sigurður Ólafsson breytingar. Í þeim fólst meðal annars að kjör prests teljist ekki gilt nema kjörnefnd sé skipuð að lágmarki tveimur þriðju hlutum fulltrúa. Að auki þyrfti meirihluta allra kjörnefndarmanna, líka að meðtöldum þeim sem ekki væru mættir, til að prestur teldist kjörinn.

> **Ég bendi á að þetta opnar á ný fyrir kærurnar sem voru megin ástæða þess að biskup mæltist til þess við kirkjuþing að frá valnefndarreglunum yrði horfið**
>
> Séra Geir Waage í Reykholti



Þá var lagt til að kæmist kjörnefndin ekki að niðurstöðu gæti biskup skipað í embættið eða framlengt umsóknarfrest. Við þessar tillögur urðu aðrir ósáttir.

„Það er mér hreint ekki ljúft að sætta mig við það að það sé gefinn einhver afsláttur á kjörnefnd. Við erum að tala um það að velja prest til starfa,“ sagði Stefán Magnússon.

„Annaðhvort er fundurinn löglegur eða ekki og yfirleitt er það þannig á fundum að meirihlutinn ræður,“ sagði séra Gísli Gunnarsson sem gagnrýndi það að gerð væri krafa um að meirihluta þyrfti í atkvæðagreiðslu í kjörnefnd líkt og um fullskipaða nefnd væri að ræða þótt aðeins tveir þriðju hlutar kjörmannanna væru mættir.

Séra Geir Waage sagði að með tillögu biskups og fleiri væri augljóslega aukið á flækjustig við kjör presta.

„Sú regla sem lögð er til að kjörið gangi til biskups nái kjörnefnd ekki að kjósa á kjörfundi með tilskildum meirihluta er fengin úr gömlu valreglunum. Ég bendi á að þetta opnar á ný fyrir kærurnar sem voru meginástæða þess að biskup mæltist til þess við kirkjuþing að frá valnefndarreglunum yrði horfið,“ sagði séra Geir sem kvaðst þó láta gott heita líkt og Stefán Magnússon þótt honum væri það ekki ljúft.

„En ég er því viðbúinn að á næsta kirkjuþingi eða mjög fljótlega verði uppi þær aðstæður að við eigum fárra kosta völ annarra en að hverfa aftur að almennum prestskosningum. Það er líklega sú aðferð, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, sem fæsta og minnst flókna eftirmála kann að hafa.“

Kirkjuþingi var frestað í gær en verður framhaldið eftir áramót.

**gar@frettabladid.is**





Vaxtalaus afborgun af
ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM

Raðgreiðslulán með Netgíró, Pei
eða kreditkorti í allt að 12 mánuði.

Vaxtalausir dagar standa til og með 19. nóvember.

Gildir ekki með öðrum tilboðum

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is

# SPARIÐ

# 25%

## AF ÖLLUM VÖRUM*

## laugardag og sunnudag



*Gildir ekki um LEGO®-sett, leikjatölvur, spjaldtölvur og vörur sem þegar eru með afslætti. Tilboðin gilda 18.11-19.11 2017

Toys R Us®

# Hjartavernd vill finna fólk í lífshættu

**„Finnum fólk í lífshættu – útrýmum ótímabærum hjarta- og æðaáföllum“ er yfirskrift söfnunarátaks Hjartaverndar. Því verður fylgt úr hlaði á föstudaginn í opinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2. Markmiðið er að innleiða áhættureikni á heilsugæslustöðvum landsins.**


Vilmundur Guðnason er forstöðulæknir Hjartaverndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HEILBRIGÐISMÁL** Tilefni söfnunarinnar er að Hjartavernd hefur þróað nýjan áhættureikni sem greinir æðkölkunarsjúkdóm á frumstigi á mun nákvæmari hátt en hefur verið mögulegt hingað til. Söfnunarfénu verður varið til að mæta kostnaði við innleiðingu á áhættureikninum á heilsugæslustöðvum landsins. Hjartavernd hefur unnið í nær 15 ár að rannsóknum sem hafa leitt til þessa nýja reiknis. Fleiri þúsund manns leita til Hjartaverndar á ári hverju, bæði karlar og konur og er meðalaldur þeirra um fimmtíu ár. Þeir sem komu voru að meðaltali með hærri áhættu en jafnaldrar borið saman við gögn Hjartaverndar. Möguleg skýring gæti verið að þeir sem fara í áhættumat hafa oft ættarsögu um hjarta- og æðasjúkdóma. Ættarsaga er þekktur áhættuþáttur en aðra áhættuþætti þarf líka að taka með í myndina og hafa í huga að líkur á að fá hjarta- og æðasjúkdóma eru einstaklingsbundnar.

### Eini sinnar tegundar í heiminum

„Okkar nýi áhættureiknir er sá eini sinnar tegundar sem við vitum um í heiminum í dag. Hann var þróaður í tengslum við nokkrar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið prófaður þar og virkar vel. Rannsóknin okkar byggir á 7.000 manna þýði. Með áhættureikninum er hægt að finna stóran hluta einstaklinga sem hafa æðakölkun í hálsslagæðum en engin önnur einkenni æðakölkunar. Nú er tími til að fara að vinna að innleiðingu hans um land allt, og því förum við af stað í söfnunarátakið til að ná því. Markmiðið er að allir heilsugæslulæknar geti með einföldum hætti greint þá sem eru í áhættu og gert viðeigandi ráðstafanir. Þeir sem eru ekki í augljósum áhættuhópi fá oft klapp á bakið um að allt sé í lagi þó þeir séu með dulda æðakölkun sem getur á endanum dregið menn til dauða,“ segir Vilmundur Guðnason, prófessor og forstöðulæknir Hjartaverndar.

### Grípum fyrr inn í og björgum mannslífum

Á hverju ári deyja nær 200 einstaklingar ótímabærum dauða vegna hjartaáfalla. Meira en 1.000 einstaklingar lifa af áfall eða gangast undir lífsbjargandi æðaaðgerðir. „Unnt hefði verið að koma í veg fyrir umtalsverðan hluta þessara afleiðinga hefði æðakölkunin greinst fyrr. Þetta þýðir að í dag eru um 25.000 manns eldri en 50 ára lifandi með fyrirbyggjanlegar afleiðingar æðakölkunar með tilheyrandi lífsgæðaskerðingu og vægast sagt miklum kostnaði fyrir samfélagið. Helmingur þessara einstaklinga er yngri en sjötugur.“

„Hér á landi eru gerðar 700-800 kransæðaútvíkkanir árlega og allt að 150 hjáveituaðgerðir sem eru vissulega lífsnauðsynlegar. Stærsti hluti þessara áfalla er fyrirbyggjanlegur með greiningu og inngripi. Því fyrr sem við berum kennsl á einstaklinga sem eru í hættu þá er auðséð að minnka má afleiðingarnar. Segjum að fækka mætti hjáveituaðgerðum í 50 á ári sem yrði gríðarlegur sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið. Við viljum vissulega að 50 á ári séu ekki hámarksfjöldi aðgerða vegna skorts á fjármunum heldur að 50 á ári sé vegna þess að það eru ekki fleiri einstaklingar sem þurfa þess. Hinn hefðbundni áhættureiknir finnur auðveldlega þá sem eru í mikilli hættu á að fá kransæðaáfall á næstu 10 árum. Staðreyndin er hins vegar sú að langflestir einstaklingar sem hafa æðakölkun og fá afleiðingar hennar eins og hjartaáfall, heilaáfall eða verða að fara í lífsbjargandi aðgerðir eins og kransæðahjáveituaðgerð eða blásningu hafa lága eða miðlungsáhættu á að fá áfall og oftast enga áþreifanlega áhættuþætti sem unnt er að ráðast á. Það getur því verið dauðans alvara að fá klapp á bakið og fullvissu um að allt sé í lagi. Markmið okkar er að bjarga mannslífum og fara í aðgerðir sem draga úr líkum á hjartaáföllum í framtíðinni,“ segir Vilmundur Guðnason og hvetur landsmenn til að taka þátt í söfnuninni því að málefnið er öllum skylt.

### Um Hjartavernd

Hjartavernd, landssamtök voru stofnuð árið 1964. Rannsóknarstöð Hjartaverndar sem er 50 ára í ár hóf starfsemi sína þremur árum síðar eða árið 1967 með mjög víðtækri faraldsfræðilegri rannsókn, Hóprannsókn Hjartaverndar, þar sem áhersla var lögð á að finna helstu áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma meðal Íslendinga. Rannsóknin hefur staðið yfir í 50 ár og hefur náð til rúmlega þrjátíu þúsund Íslendinga. Margar nýjar rannsóknir hafa tengst henni eins og áhættuþáttakönnun Hjartaverndar sem náði til 7.000 karla og kvenna og nýi áhættureiknirinn byggir á. Þessar rannsóknir hafa orðið grundvöllur þekkingar hérlendis á helstu áhættuþáttum kransæðasjúkdóma. Hjartavernd hefur frá upphafi lagt áherslu á að koma niðurstöðum úr rannsóknum sínum til almennings og heilbrigðisstarfsfólks. Frekari upplýsingar um Hjartavernd er að finna á vefsíðunni www.hjarta.is.

astahrafnhildur@frettabladid.is









SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON

# „ALGJÖRLEGA MERGJUÐ“

BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR, RÁS 2



★★★★★
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FT UM MÁLVERKIÐ

„FRAMÚRSKARANDI HÖFUNDUR.“
BOSTON GLOBE




**SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON ER ÁHRIFAMIKIL SKÁLDSAGA UM SEKT OG SAKLEYSI, ÁST OG EFTIRSJÁ, YFIRHYLMINGU OG LEYND.**

Nemandi í Landakotsskóla verður vitni að því þegar séra Ágúst Frans skólastjóri hrapar niður úr turninum á Kristskirkju. Tveimur áratugum síðar vill drengurinn hitta nunnuna sem í aðdraganda þessa atburðar var fengin til að rannsaka framkomu skólastjórans við nemendur.

3.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundi skáldverk og hljóðbækur

VERÖLD

# Ástand heimsins













1. Francis páfi tók í gær við glænýjum sportbíl ítalska bílaframleiðandans Lamborghini í Vatíkaninu. Um er að ræða sérstaka útgáfu af tegundinni Huracan sem verður seld á uppboði og ágóðinn látinn renna til góðgerðarmála.

2. Aðgerðasinnar stilltu upp 80 metra löngum borða á COP23, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, í Bonn í gær, þar sem Angela Merkel, kanslari Þýskalands, var hvött til að draga úr kolaframleiðslu, og að lokum hætta henni, og halda kolunum „ofan í jörðinni“.

3. Ástralskir stuðningsmenn þess að samkynhneigð pör fái að ganga í hjónaband þar í landi fögnuðu, meðal annars í Sydney í gær, niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem 61 prósent kjósenda var á sömu skoðun.

4. Þessi maður ákvað að prófa nýja gerð af fegurðargrímu (e. beauty mask) á sýningunni Cosmoprof í Hong Kong í Kína í gær. Þar kynna nú framleiðendur snyrtivara og aðrir úr fegurðarbransanum nýjungar sem eiga á einn eða annan hátt að bæta útlitið.

Voltaren Gel

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15% afsláttur af 100g og 150g Voltaren Gel



Voltaren Gel - njótum þess að hreyfa okkur

Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenaktvíetýlamín. Staðbundnir bólgukvillar. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn - lægra verð




# Vetur 2017
# Full búð af nýjum vörum

## 30-50% afsláttur af eldri gerðum dagana 9.-18. nóvember

MAMMUT · SWIX · alpina · odlo · ziener made by pros

EVEREST

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

## Greiddi 1.450 milljónir fyrir bresk fyrirtæki

Greiðslukortafyrirtækið Valitor greiddi tæplega 1.450 milljónir króna fyrir bresku greiðslumiðlunarfyrirtækin Chip & PIN Solutions og IPS Ltd. en tilkynnt var um kaup Valitor á félögunum með skömmu millibili fyrr á árinu.

Greint er frá kaupverðinu í árshlutareikningi Arion banka, sem er eigandi alls hlutafjár í Valitor, sem var birtur í fyrradag. Þar segir að ekki sé búið að ganga frá greiðslu alls kaupverðsins en það verði gert í síðasta lagi á fyrri helmingi næsta árs.

Fram kom í tilkynningu Valitor í byrjun júlí síðastliðnum, vegna kaupanna á Chip & PIN Solutions, að kaupin myndu breikka til muna þann viðskiptavinahóp Valitor í Bretlandi sem fyrirtækið þjónar milliliðalaust. Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor, sagði kaupin „strategískt mjög þýðingarmikil fyrir Valitor“ en með þeim bættust sjö þúsund fyrirtæki í viðskiptavinahóp félagsins.

Hagnaður Valitor í fyrra nam samtals 271 milljón króna og var heildarvelta félagsins rúmlega 14,2 milljarðar. Greint var frá því í vikunni að tuttugu starfsmenn Valitor á Íslandi myndu missa vinnunna vegna skipulags- og hagræðingaraðgerða. Ellefu störf myndu færast frá Íslandi til Bretlands en Viðar sagði ástæðuna fyrir þessum aðgerðum vera versnandi rekstrarumhverfi á Íslandi. Fyrirtækið sé með stærstan hluta tekna sinna í erlendri mynt en á sama tíma hafi krónan verið í sögulegu hámarki og þá spili inn í innlendar kostnaðarhækkanir. – hæ






# Hægist hratt á hagvexti í ár vegna minni útflutnings

**Hagvöxtur helmingast frá fyrra ári og verður 3,7 prósent í ár. Viðskiptaafgangur dregst mjög saman á komandi árum. Ekki er von á breytingum á innflæðishöftum á næstunni. Leiðrétting á íbúðaverði ólíkleg.**

Hagvöxtur mun helmingast á þessu ári og verða 3,7 prósent samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans en í spá bankans aðeins þremur mánuðum áður var gert ráð fyrir að vöxturinn yrði 5,2 prósent. Á síðasta ári mældist hagvöxtur á Íslandi 7,4 prósent, sem var mesti vöxtur frá 2007, en nú er útlit fyrir að hann dragist nokkuð hratt saman vegna aukins innflutnings og hægari vaxtar útflutnings. Þar ræður mestu að lengri tíma hefur tekið fyrir sjávarútvegsfyrirtæki að vinna upp framleiðslutap eftir verkfall sjómanna í ársbyrjun og þá hefur dregið hraðar úr vexti þjónustuútflutnings en áætlað var í síðustu spá bankans.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýjasta hefti Peningamála Seðlabanka Íslands sem kom út í gær samhliða því að peningastefnunefnd bankans tilkynnti að vextir yrðu áfram 4,25 prósent. Ákvörðunin var í samræmi við allar birtar spár greinenda en í yfirlýsingu nefndarinnar segir að vísbendingar séu um að „spennan í þjóðarbúskapnum kunni að hafa náð hámarki“. Nefndin bendir á að dregið hafi úr verðhækkunum á húsnæðismarkaði sem aftur muni stuðla að minni verðbólgu haldi sú þróun áfram en á móti fjara áhrif sterks gengis krónunnar. Verðbólga mælist nú 1,9 prósent og hefur verið undir markmiði Seðlabankans samfellt í tæp fjögur ár.

Þótt ákvörðun peningastefnunefndarinnar um að halda vöxtum óbreyttum hafi verið viðbúin þá hækkaði ávöxtunarkrafa nokkuð á skuldabréfamarkaði í viðskiptum í gær sem má líklega rekja til þess að miðað við tóninn í yfirlýsingu nefndarinnar telji fjárfestar líkur á að vextir muni lækka minna – og hægar – en áður var búist við. Þá kom einnig fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra að ekki stæði til að gera breytingar alveg á næstunni á innflæðishöftum Seðlabankans en samkvæmt núgildandi reglum þurfa erlendir aðilar sem ætla að fjárfesta í skuldabréfum hér á landi að binda 40 prósent af fjárfestingunni á vaxtalausum reikningum í eitt ár. Mjög hefur dregið úr innflæði fjármagns í ríkisskuldabréf frá því að sú bindiskylda var innleidd sumarið 2016.

Gaf Már til kynna að ekki yrðu gerðar breytingar á bindiskyldunni fyrr en afleiðuviðskipti með krónuna hafa verið heimiluð og búið verður að losa að fullu um fjármagnshöftin. Unnið sé að endurskoðun á tæknilegum grunni bindiskyldunnar í Seðlabankanum og tillögum að breytingum á lögum sem varða beitingu hennar.

Greiningardeild Arion banka bendir á að það sem veki hvað mesta athygli í uppfærðri þjóðhagsspá sé að Seðlabankinn telji núna að sá mikli viðskiptaafgangur sem hefur verið undanfarin ár fari hratt minnkandi – hann verður fjögur prósent í ár í stað tæpra sex prósenta sem fyrri spá gerði ráð fyrir – og verði orðinn 2,5 prósent af landsframleiðslu eftir tvö ár. Þrátt fyrir þessa þróun þá telur Seðlabankinn engu að síður að svigrúm sé fyrir gengisstyrkingu á komandi árum.

hordur@frettabladid.is



Már gaf til kynna að ekki yrðu breytingar alveg á næstunni á innflæðishöftum bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Ólíkar húsnæðisverðsuppsveiflur




Heimild: Peningamál Seðlabankans 2017/4.

### Snörp leiðrétting húsnæðisverðs ólíkleg

Frá 2012 hefur raunverð húsnæðis hækkað um nærri 50 prósent, sem er svipuð hækkun og varð á árunum 2003 til 2007, en hins vegar er „grundvöllur hækkunarinnar nú allt annar en þá“, eins og það er orðað í Peningamálum Seðlabankans. Nú sé húsnæðisverð að hækka samhliða mikilli hækkun ráðstöfunartekna og á sama tíma er skuldsetning heimila ekki að vaxa hratt líkt og einkenndi síðustu uppsveiflu á húsnæðismarkaði. Þannig telur bankinn að snörp leiðrétting húsnæðisverðs sé ólíkleg.

Ólíkt fyrri uppsveiflu, þar sem ráðstöfunartekjur jukust vegna ósjálfbærrar hækkunar innlendra tekna sem voru fjármagnaðar með erlendu lánsfé, þá er tekjuauki heimila nú knúinn áfram af utanaðkomandi búhnykkjum, einkum bættum viðskiptakjörum.

Bankinn segir að samspil húsnæðisverðs, ráðstöfunartekna og lántöku til húsnæðiskaupa muni leika lykilhlutverk í þróun húsnæðisverðs. Erfitt sé að sjá það hækka með sama hraða og á þessu ári nema skuldir aukist verulega. Án frekari búhnykkja er því líklegast að áfram hægi á hækkun íbúðaverðs og markaðurinn leiti jafnvægis.




# LEIKFANGADAGAR

## 25% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM MERKJUM

FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

16. – 26. nóvember

DJECO
PANDURO LEIR
MJÚKDÝR
MAGFORMERS
QUERCETTI
HAMA PERLUR
BARNABÆKUR
BURSTAKUBBAR
LITABÆKUR
LITIR



Burstakubbar í boxi
Tilboðsverð 4.942 kr.
Verð áður 6.589 kr.




Magformers seglakubbar
Tilboðsverð 5.474 kr.
Verð áður 7.299 kr.




Segulspjald með tölustöfum
Tilboðsverð 1.724 kr.
Verð áður 2.299 kr.




Vatnslitir
Tilboðsverð 1.049 kr.
Verð áður 1.399 kr.




Origami pappírsgoggar
Tilboðsverð 749 kr.
Verð áður 999 kr.




Origami flugvélar
Tilboðsverð 749 kr.
Verð áður 999 kr.




Trélitir, 60 í pakka
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.




Púsluspil
Tilboðsverð 1.124 kr.
Verð áður 1.499 kr.




Pixlað með perlum
Tilboðsverð 2.924 kr.
Verð áður 3.899 kr.
















STÓRSKEMMTILEGT ÚRVAL AF BARNABÓKUM



Köttur á hjólum
Tilboðsverð 2.324 kr.
Verð áður 3.099 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Hagsmunir neytenda



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fyrirkomulag innflutningstakmarkana á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvöru var í tvígang í vikunni dæmt ólögmætt. EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkar takmarkanir brytu gegn ákvæðum EES-samningsins. Ríkið tapaði einnig í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar innheimta ríkisins á útboðsgjaldi á heimild til að flytja inn búvörur á lægri tollum var sögð brjóta gegn stjórnarskrá.

Starfandi landbúnaðarráðherra sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 að íslenska ríkið hefði „brotið gegn EES og um leið gegn hagsmunum íslenskra neytenda með því að koma í veg fyrir innflutning á vörum sem hefði stuðlað að aukinni samkeppni og líklega lægra vöruverði.“

Augljóslega er brýn þörf á að bregðast við þessu með laga- og reglugerðarbreytingum. Enda hafa hagsmunir neytenda greinilega ekki verið hafðir að leiðarljósi. Niðurstaða dómstólanna er eitthvað sem ætti ekki að koma neinum á óvart.

Þannig er þörf á nýrri hugmyndafræði í þessum efnum en samhliða þarf að horfast í augu við þá ömurlegu staðreynd að verksmiðjubúskapur sem síðustu hálfa öld hefur verið knúinn áfram af sýklalyfjum er meiriháttar hnattrænt vandamál.

Í þeirri orðahríð sem brýst út með fyrirsjáanlegum hætti í hvert skipti sem innflutningur búvara er til umræðu verður að hafa þetta í huga. Lausnin verður að felast í því að bæta hag neytenda, bæði með betra og hagstæðara úrvali matvæla og að þeir séu varðir fyrir þeim hættum sem fylgja gegndarlausri ofnotkun sýklalyfja.

Fersk matvæli, eins og grænmeti og kjöt, geta borið fjölónæmar bakteríur, og aukið sýklalyfjaónæmi með ofnotkun sýklalyfja í mönnum og dýrum er einhver mesta heilsufarsógn sem mannkyn stendur frammi fyrir. Um leið og við höfum náð árangri í landbúnaði þá erum við einnig og óbeint að framleiða ónæmar bakteríur.

Íslenskar landbúnaðarvörur hafa algjöra sérstöðu með tilliti til smithættu og það eru forréttindi þeirra sem hér búa að hafa aðgang að öruggum matvælum, að minnsta kosti þegar sýklalyfjaónæmi og smithætta er annars vegar.

Þeirra, sem fá það brýna verkefni að endurmóta fyrirkomulag innflutnings, bíður því sú erfiða vinna að samþætta þessi tvö sjónarmið. Þetta risavaxna verkefni þyrfti að vinna á alþjóðlegum vettvangi, þar sem þjóðir taka höndum saman um að samræma reglur og eftirlit með sýklalyfjanotkun.

Tækifærið sem við fáum núna, eftir rassskellingu ríkisins í héraði og fyrir EFTA-dómstólnum, er því tímabært og mikilvægt.

**Tækifærið sem við fáum núna, eftir rassskellingu ríkisins í héraði og fyrir EFTA-dómstólnum, er því tímabært og mikilvægt.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þori ég, vil ég, get ég?**

**Samhliða gerð stjórnarsáttmála vinnur nú hópur að því innan VG að hringja í flokksráðsmeðlimi til að tryggja að samstarf flokkanna verði samþykkt af grasrótinni. Dylst engum hversu erfitt verður fyrir margan vinstrimanninn að kyngja samstarfinu. Róttækir vinstrimenn og femínistar innan VG klóra sér í hausnum yfir vegferðinni þessa dagana og skilja hvorki upp né niður. Þora þeir, vilja þeir og geta þeir farið í samstarf með höfuðandstæðingi flokksins?**

**Þetta hljóta allir að sjá**

**Svandís Svavarsdóttir, einn valdamesti pólitíkusinn í VG, sló þetta svo sannarlega út af borðinu fyrir kosningar árið 2016. „Vera kann að samstarf af þessu tagi hafi verið á dagskrá í gamla daga,“ sagði Svandís. „Það er hins vegar óhugsandi við núverandi kringumstæður eftir aðdraganda kosninga og uppljóstranir úr Panamaskjölum. Þetta hljóta allir að sjá.“ Það hefur ekkert breyst síðan þá, nema bæst ofan á téðar kringumstæður Svandísar; uppreist æru, þöggun og höfum hátt. En hins vegar þarf pólitískan kjark fyrir vinstri menn til að taka þátt í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki. Greinilegt er að Katrín og Svandís búa yfir þeim kjarki.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Sýnum iðnnámi virðingu



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Viðhorfsbreytinga er þörf gagnvart iðn- og starfsnámi á Íslandi. Hér á landi er hægt að velja úr fjölbreyttum iðngreinum sem allar skipta miklu máli fyrir samfélagið. Við viljum fagfólk og fagleg vinnubrögð á öllum sviðum. Skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki á vinnumarkaði og því mikilvægt að hvetja ungmenni til að sækja sér dýrmæta þekkingu í fjölbreyttu iðnnámi. Undanfarin misseri hafa umbætur verið gerðar á náminu sjálfu og það lagað að nútímanum. Fyrirkomulag á að vera skýrara og öryggi nemenda aukið, svo þeir hafi við upphaf náms vissu fyrir því að geta lokið námi óháð aðstæðum hjá iðnmeisturum. Þá er unnið að því að brúa bilið milli iðnnáms og háskólanáms sem eykur möguleika á frekari menntun síðar meir.

Um árabil hafa ráðamenn talað um að efla iðnmenntun í landinu, en velviljinn hefur ekki dugað til. Viðhorf þeirra í garð iðn- og starfsmenntunar er framþróun til trafala. Þau birtust okkur fyrir skemmstu þegar í ljós kom að erlendir iðnnemar fá ekki lengur dvalarleyfi til náms á Íslandi eftir breytingu á útlendingalögum. Nám í skilningi laganna er eingöngu nám á háskólastigi. Frumvarpið var samþykkt mótatkvæðalaust á Alþingi 2016.

Hér á landi skráðu einungis 14% nemenda sig á starfsnámsbrautir að loknum grunnskóla haustið 2007 en sambærilegt hlutfall meðal ríkja Evrópusambandsins var 50%. Viðhorfsbreytingu og aukið fjármagn til verknámsskóla þarf til að bæta úr. Menntakerfið þarf að vera sveigjanlegt þegar fólk hefur störf við tiltekna iðn og aflar sér svo réttinda og þekkingar síðar þegar ákveðinni færni er náð og áhuginn á iðninni er staðfestur.

Það ætti að vera eitt af fyrstu verkum nýs þings að efla iðnnám og leiðrétta þau mistök sem gerð voru samhliða breytingum á útlendingalöggjöfinni á síðasta ári svo iðnnám standi jafnfætis háskólanámi. Viðhorfsbreytingin þarf að eiga sér stað víða í samfélaginu og væri óskandi að ráðamenn þjóðarinnar færu fremstir í flokki og hömpuðu iðnnámi. Það þarf að auka veg þess og virðingu.

**Hér á landi skráðu einungis 14% nemenda sig á starfsnámsbraut að loknum grunnskóla haustið 2007 en sambærilegt hlutfall meðal ríkja Evrópusambandsins var 50%.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Landið okkar góða, þú og ég

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Stelsjúkt fólk er þjófótt, það vitum við öll, en þjófótt fólk þarf ekki að vera stelsjúkt. Þessi greinarmunur hástigs og lægri stiga á víða við. Tilætlunarsemi getur t.d. komizt á svo hátt stig að henni sé betur lýst sem tilætlunarsýki. Tökum t.d. Pálínu, eiginkonu Ægis Ó. Ægis, forstjóra Gleðilegra jóla hf. Hún er aukapersóna í Delerium búbónis, gamanleik Jónasar og Jóns Múla Árnasona. Frú Pálína er friðlaus nema hún komist yfir bílnúmerið R-9. „Líf mitt er einskis virði án þess,“ segir hún og lætur sig engu varða að Gunnar Hámundarson leigubílstjóri hefur átt númerið frá öndverðu, níu er happatalan hans og konunnar og hann vill ekki láta það af hendi.

**Klárt fyrir þrjú**

Delerium búbónis heyrðist fyrst í útvarpinu 1954 þegar ferill fyrstu helmingaskiptastjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar var rösklega hálfnaður. Þar er þeim lýst Ægi forstjóra og mági hans, jafnvægismálaráðherranum, bróður frú Pálínu. Þeir selja Afríkumönnum maðkétinn fisk og hafa lagt undir sig innflutning á ávöxtum og öðrum jólavarningi. Heilbrigðiseftirlitið setur skipið sem flytur varning þeirra til landsins í sóttkví vegna gruns um hættulegan kvikfjársjúkdóm um borð.

Ægir hringir í forstjóra Heilbrigðiseftirlitsins og segir: „mágur minn bað mig að skila til þín að það losni prófessorsembætti við Háskólann á nýárinu ef þetta verður klárt fyrir þrjú.“ Jafnvægisflokkurinn er dreginn sundur og saman í háði. Í upprunalegri gerð leiksins leysist flækjan með því að kvitturinn um kvikfjársjúkdóminn reynist stafa af saklausri misheyrn, skipið losnar úr kvínni og vinirnir þurfa því ekki að láta Alþingi fresta jólunum.

**Harðari tónn**

Í nýrri gerð leikritsins sem birtist á prenti 1961 kveður við harðari tón. Nú beinist háðið jöfnum höndum að Jafnvægisflokknum og Dreifbýlisflokknum. Einar í Einiberjarunni, „aðalfjármálaséní Dreifbýlisflokksins“, kom ekki við sögu í frumgerðinni nema sem þögul aukapersóna utan sviðs, en í nýju gerðinni birtist hann í öllu sínu veldi. Ægir forstjóri spyr: „Hvernig stendur eiginlega á því að svona þriðja klassa karamellusali lætur sér detta í hug að hann komist inn í jólabissnissinn sem 50 prósent maður – eiga þessi helmingaskipti að gilda alls staðar eða hvað?“ Einar er heimspekingur: „Frjáls samkeppni er auðvitað góð út af fyrir sig ... en það sér hver maður að okkar litla samfélag þolir ekki svona.“

Nú er saklausri misheyrn ekki lengur til að dreifa heldur tekur Einar símtöl upp á segulband til að fjárkúga mágana og mútar frænda sínum í Heilbrigðiseftirlitinu til að ljúga upp kvikfjársmitinu til að knýja mágana til helmingaskipta. Hann kúgar síðan R-9 út úr bílstjóranum til að gleðja frú Pálínu í sárabætur með því að segja bílstjóranum að ráðherranum viðstöddum að ríkisstjórnin sé í þann veginn að setja bráðabirgðalög um að taka öll einsstafsbílnúmer eignarnámi. Mágarnir hafa hitt ofjarl sinn.

**Horfin tíð?**

Delerium búbónis var sýnt í Iðnó 1959 og í Þjóðleikhúsinu 1968. Leikdómari Morgunblaðsins taldi það „ákaflega tímabundið“, en bætti við eins og til öryggis: „það heyrir allt til horfinni tíð, þó við kunnum að eiga von á einhverju svipuðu í framtíðinni.“ Þegar verkið var fært upp 1996, sagði Valgeir Skagfjörð, leikstjóri sýningarinnar, við Morgunblaðið: „Allt sem kemur fyrir í textanum rímar mjög vel við það sem er að gerast í þjóðfélaginu.“ Það er eftir mínu höfði hárréttur skilningur á verkinu. Andrúmið í leikritinu rímar að ýmsu leyti vel við ástand Íslands enn í dag. Hver ríkisstjórnin á eftir annarri hefur nú hrökklazt frá völdum vegna leynimakks og spillingar. Meint sakamál eru látin fyrnast. Hneykslin hrannast upp. Íslenzk stjórnmál eru alræmd um allan heim.

Spillingarslóðinn sem einkum Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn draga á eftir sér nær marga áratugi aftur í tímann. Minni flokkar hafa margir dansað með. Vandinn er kerfislægur. Þar sem fákeppni ræður ríkjum er spilling yfirleitt ekki langt undan. Stjórnmálaflokkarnir hegða sér eins og hagsmunasamtök stjórnmálamanna eins og Mikael Karlsson, prófessor í heimspeki, hefur lýst.

Tilætlunarsýki stjórnmálastéttarinnar æpir á fólkið í landinu nánast frá degi til dags. Látum eitt dæmi duga. „Bjarni þarf fimm eða sex ráðherraembætti“, var sagt um starfandi forsætisráðherra í Fréttablaðinu um daginn eins og blaðamanninum fyndist ekkert sjálfsagðara. Í nýju stjórnarskránni stendur: „ráðherrar skulu ekki vera fleiri en tíu.“

En hvað eru fimm eða sex ráðherraembætti milli vina? Ægir Ó. Ægis og mágur hans jafnvægismálaráðherrann ættu ekki í miklum vandræðum með að afgreiða svo einfalda pöntun, allra sízt með Einar í Einiberjarunni innan borðs.

> En hvað eru fimm eða sex ráðherraembætti milli vina? Ægir Ó. Ægis og mágur hans jafnvægismálaráðherrann ættu ekki í miklum vandræðum með að afgreiða svo einfalda pöntun, allra sízt með Einar í Einiberjarunni innan borðs.




# Viðhorf til gæludýra



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum og leiðsögumaður

**Dýr eru ekki leikföng en geta verið lífsfylling fyrir einsamalt og gamalt fólk.**

Fyrir frekar löngu síðan bjó ég í lítilli stúdíóíbúð og þar bjó við hliðina fullorðin kona. Ég heimsótti hana daglega og fór fyrir hana í útréttingar því hún treysti sér ekki út úr húsinu ein síns liðs. Systir hennar sem var ennþá spræk kom stundum í heimsókn og þá tókum við gömlu konuna á milli okkar, fórum á krá og þær fengu sér hvítvínsglas og höfðu frá mörgu að segja.

Gamla konan átti lítinn páfagauk og sá var henni ómetanlega góður félagi. Hann var mjög gæfur, sat oft á öxl hennar og nartaði í eyrnasnepilinn. Eða hann trítlaði yfir borðið og reyndi að smakka á því sem hún var að borða. Hann kunni líka að tala smávegis og það vakti alltaf mikla lukku. En svo dó litli vinurinn einn daginn – það var rétt áður en ég var að flytja. Gamla konan grét mikið og var óhuggandi. Seinna þegar ég var komin í annað húsnæði vildi ég heimsækja hana en þá var mér tjáð að hún hefði skyndilega látist skömmu áður.

Þann 9. nóvember var grein í Fréttablaðinu þar sem er sagt frá Sigurbjörgu Hlöðversdóttur sem býr í Hátúni 10. Hún á lítinn hund, en hundahald er ekki leyft í blokkum Öryrkjabandalagsins í Hátúni. Henni er gert að flytja þaðan ef hún lætur ekki hundinn frá sér. Þvílík grimmd! Að vilja ræna frá henni besta (og kannski einasta) félaga sínum. Og skýla sér bak við einhverjar ósveigjanlegar og sálarlausar reglur. Þessa kona hefur líklega sinnt sínum hundi mjög vel. Margt gamalt fólk er félagslega einangrað og hefur svo gott af því að hafa einhvern hjá sér, þótt sá sé bara á fjórum fótum, með fjaðrir eða annað.

En svo hlýtur að vera allt í lagi að menn sem búa í einbýli fái sér alls konar dýr, sama hvort þeir hugsa um þau nógu vel. Hundar til dæmis þurfa að komast út að hreyfa sig. Þeir eru félagsverur og þeim líður illa að vera skildir eftir frá morgni til kvölds. Áður en menn fá sér gæludýr þarf að athuga hverjar þarfir þeirra eru. Dýr eru ekki leikföng!

**Ábyrgð á lifandi veru**

Í minni bernsku úti í Þýskalandi var alltaf talsvert af dýrum á heimilinu enda bjuggum við úti í sveit. Við áttum ketti, hunda, kanínur, hænur og skjaldböku. Svo langaði mig svo mikið í naggrís að ég ákvað að gefa mömmu minni einn slíkan í afmælisgjöf. Mamma mín táraðist af hlátri. En pabbi minn var ákveðinn eins og alltaf þegar nýr íbúi bættist við í dýrasafnið: „Ef þið sinnið þessu dýri ekki eins og skyldi þá fer það samstundis!“ Við lærðum þannig að bera ábyrgð á þeim dýrum sem við áttum. Ég held að það geri börnunum gott að alast upp með dýrum og læra að þau hafa sínar þarfir eins og við.

Nú er stutt til jóla. Þá dettur sumum foreldrum í hug að gefa krökkunum lifandi dýr. Krúttlegan hvolp, sætan kettling, mjúka kanínu, hamstur eða annað. Það mun vekja lukku, ekki spurning. En svo tekur hvunndagurinn við. Það þarf að hreinsa kattarkassann, kanínu- eða hamstrabúrið. Það þarf að fara út með hundinn. Stundum er þörf á að fara til dýralæknis og það kostar. Og svo er það sumarfríið. Hvert á að fara með dýrin? Það er dýrt að fara með þau á katta- eða hundahótel. Og allt þetta vesen með þetta yfirhöfuð. Krúttlegi kettlingurinn er orðinn fullorðinn, það þarf að gera hann ófrjóan. Setjum hann frekar út og gleymum honum. Er ekki bara allt í lagi að henda kanínunni út í skóg, hún mun spjara sig?

Gott fólk, hugsið ykkur tvisvar um áður en þið fáið ykkur dýr á heimilið. Það fylgir þessu ábyrgð á lifandi veru í mörg ár. Dýr eru ekki leikföng en geta verið lífsfylling fyrir einsamalt og gamalt fólk.







# Brúin á milli vísinda og atvinnulífs



**Einar Mäntylä**
framkvæmdastjóri Auðnu, undirbúningsfélags um stofnun tækniveitu fyrir Ísland

„Við viljum byggja brú milli vísinda og atvinnulífs þar sem rannsóknir eru hagnýttar þannig að úr verði tækifæri sem leiði til verðmætasköpunar.“ Samtök iðnaðarins í aðdraganda kosninga 2017.

Þessi ósk atvinnulífsins er ekki tilkomin að ástæðulausu. Oft koma óvæntustu uppgötvanirnar út frá grunnrannsóknum og geta leitt til byltingarkenndrar (en. disruptive) nýsköpunar. Við búum vel að frábærum og frumlega hugsandi vísindamönnum sem skara fram úr þegar litið er til birtinga vísindagreina í alþjóðlega virtum tímaritum og alþjóðasamstarfi og við eigum að hlúa vel að þeim. Ísland er hins vegar eftirbátur annarra þjóða þegar kemur að hagnýtingu rannsókna, hugverkavernd og tengslum vísinda við atvinnulífið. Þetta kemur skýrt fram í erlendum úttektum sem gerðar voru m.a. á vegum Evrópusambandsins og OECD á vísinda- og nýsköpunarumhverfinu hérlendis og í samanburði við önnur lönd.

Ein meginorsök er almennur skortur á skipulegu og faglegu tækniyfirfærslustarfi meðal háskóla og rannsóknastofnana. Í öllum löndum í kringum okkur er tækniyfirfærslu sinnt af skrifstofum með sérhæfðu starfsfólki, brúarsmiðum, sem hafa bakgrunn og þekkingu á vísindum, lögfræði, hugverkarétti, viðskiptum og frumkvöðlastarfsemi. Þetta er sjaldnast að finna í einum einstaklingi og því byggja þessar tækniyfirfærsluskrifstofur á teymum sem saman tryggja nauðsynlega þekkingu og reynslu til þess að brúa bilið á milli vísinda og atvinnulífs.

**Mikilvæg tækifæri fara forgörðum**

Slíka skrifstofu/brú er hvergi að finna á byggðu bóli á Íslandi, ekki einu sinni einbreiða. Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss hittist vissulega reglulega til að sinna tækniyfirfærslu en það er gert meðfram fullu starfi nefndarmanna á öðrum vettvangi. Á meðan fara mikilvæg tækifæri innlendra vísindastofnana til verðmætasköpunar og nýsköpunar um allt land forgörðum.

Því er ástæða til að hefja brúarsmíði milli vísinda og atvinnulífs, og það strax. Við erum nú þegar áratugum á eftir öðrum löndum í þessum efnum, en erum þá um leið í stöðu til þess að draga lærdóm af óförum og árangri annarra í þeim efnum og getum tekið mið af þróun tækni- og þekkingaryfirfærslu og væntinga til hennar. Fyrir aldarfjórðungi áttu tækniyfirfærsluskrifstofur (technology transfer offices, TTO) við háskóla og rannsóknastofnanir erlendis að vera þeim mikilvæg tekjulind.

Í dag er ljóst að það er samfélagið sem hagnast mest á starfi þeirra með hagnýtingu vísinda í formi starfa, framþróunar í atvinnulífi og samkeppnishæfni samfélagsins alls. Tækni- og þekkingaryfirfærsluskrifstofur, eða tækniveitur, eru því í raun verkfæri til að efla og miðla samfélagslegum áhrifum vísinda í samfélaginu. Og jú, stundum fá stofnanirnar ríkulegt endurgjald fyrir sitt vísindastarf. Miði er möguleiki. Til þess að eignast miða þarf að stofna tækniveitu sem sinnir tækniyfirfærslu fyrir alla háskóla og rannsóknastofnanir landsins. Stjórnvöld sem fjárfesta milljarða í rannsóknir og þróun ættu að sjá sér hag í því að tryggja eftir mætti að fjárfestingin skili sér til samfélagsins. Við höfum ekki efni á öðru.

Góðu fréttirnar eru þær að undirbúningur er hafinn, allir háskólar landsins og helstu opinberu rannsóknastofnanirnar eru sammála um þörfina og vinna saman undir merki „Auðnu“ að því að steypa annan brúarstöpulinn, fjárfestar og atvinnulífið bíða við hinn stöpulinn. Nú þurfa stjórnvöld að koma að fjármögnun og rekstri sjálfrar brúarinnar svo hún standi ávallt opin fyrir umferð. Þetta eru nauðsynlegir innviðir nýsköpunar í landinu til að hindra að tækifærin skolist ekki á haf út fyrir augum okkar. Lokum hringveginum!

**Nú þurfa stjórnvöld að koma að fjármögnun og rekstri sjálfrar brúarinnar svo hún standi ávallt opin fyrir umferð. Þetta eru nauðsynlegir innviðir nýsköpunar í landinu til að hindra að tækifærin skolist ekki á haf út fyrir augum okkar. Lokum hringveginum!**

# Öryggisógn og þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu



**Jón Pétur Jónsson**
aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum

Umræðunni um aukinn straum flóttamanna til Evrópu tengist oft umræða um aukna hryðjuverkaógn sem Evrópa stendur frammi fyrir. Ekki er beint samhengi þarna á milli en þó er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að hryðjuverkamenn hafa komið til Evrópu undir því yfirskyni að vera flóttamenn. Í því felst mikil áskorun fyrir löggæsluyfirvöld sem og samfélögin öll.

Stundum heyrist í fjölmiðlum eða á samskiptamiðlum á netinu að einstaklingum sem koma til landsins og óska eftir alþjóðlegri vernd ætti að snúa við á Keflavíkurflugvelli þá þegar. Slík framkvæmd er ekki viðhöfð en fyrir því eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi er löggæsluyfirvöldum ekki heimilt að senda einstakling til þess lands sem hann kom frá nema hann uppfylli skilyrði fyrir komu í því landi. Auk þess gera lög um útlendinga þá kröfu að umsókn hvers einstaklings um alþjóðlega vernd skuli skráð og lagt á það mat hvort viðkomandi falli undir skilgreiningu á flóttamanni.

Margar efasemdaraddir eru um ágæti Schengen-samstarfsins. Að auki halda margir því fram að það muni ekki lifa af þær áskoranir sem fram undan eru. Framtíðin ein mun leiða það í ljós. Hins vegar hafa viðbrögð til þess að draga úr öryggisógninni í Evrópu verið margs konar. Ísland er þátttakandi í margvíslegum aðgerðum Evrópusambandsins sem miða að því að draga úr öryggisógninni og efla landamæravörsluna á grundvelli Schengen-samstarfsins.

Með aðild Íslands að Schengen-samstarfinu hefur m.a. verið lögð áhersla á hert eftirlit á ytri landamærunum. Þann 7. október sl. var verklagi við landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli breytt m.a. á þá leið að persónu- og skilríkjaupplýsingar allra farþega sem fara um ytri landmærin eru athugaðar í upplýsingabanka Schengen-samstarfsins (SIS) og gagnabanka Interpol. Þá hélt sjálfvirknivæðing landamæraeftirlitsins innreið sína á Keflavíkurflugvelli 10. júní sl. þegar sett voru upp 10 sjálfvirk landamærahlið. Heimild til þess að nota sjálfvirku hliðin hafa þeir sem eru 18 ára eða eldri, eru ríkisborgarar innan Evrópska efnahagsvæðisins og eru handhafar lífkennavegabréfs. Á næsta ári er stefnt að því að fjölga sjálfvirkum hliðum og útvíkka notkun á þeim til ríkisborgara Bandaríkjanna og Kanada. Sjálfvirknivæðing við landamæraeftirlit stuðlar að auknu öryggi.

Samhliða aukinni sjálfvirknivæðingu er framundan bylting í notkun á lífkennaupplýsingum við landamæraeftirlit. Unnið er að því að innleiða notkun lífkennaupplýsinga í grunnkerfi Schengen-samstarfsins en að undanförnu hefur verið lögð áhersla á að hraða þeirri þróun. Almenn notkun á lífkennaupplýsingum mun stuðla að auknu öryggi. Ísland er virkur þátttakandi í þessari þróun á grundvelli Schengen-samstarfsins.

Þrýstingur á landamæri Evrópu og þar með talið Íslands mun að öllum líkindum aukast enn frekar á næstu árum. Með aðild Íslands að Schengen-samstarfinu er það tryggt að við stöndum ekki ein þjóða frammi fyrir áskorunum framtíðarinnar.

**Ísland er þátttakandi í margvíslegum aðgerðum Evrópusambandsins sem miða að því að draga úr öryggisógninni og efla landamæravörsluna á grundvelli Schengen-samstarfsins.**



# KONUKVÖLD

## THE PIER SMÁRATORGI

### 16. NÓVEMBER FRÁ KL. 18 TIL KL. 22



Fallegir gjafapokar fyrir fyrstu 50 sem versla fyrir 15 þúsund krónur eða meira









**40% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRU OG KERTUM**

**25% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM VÖRUM**

**Beggi og Pacas verða á staðnum og boðið verður upp á léttar veitingar.**







Gildir aðeins þennan eina dag.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890



BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS



Purelife Kísill
HREIN SILICA FYRIR
HÚÐ HÁR OG NEGLUR

K371 sófi
Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

VIÐ BÚUM TIL DRAUMASÓFANN ÞINN
900 útfærslur, engin stærðartakmörk
og 3.000 tegundir af áklæðum


Kíktu í heimsókn!
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga 11-15
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is


# Ósjálfbær skuldsetning og lögvarin einokunarverslun



**Jónas Gunnar Einarsson**
viðskipta-fræðingur

Það er alveg kolröng niðurstaða að kenna krónunni um hrun og okurvexti hérlendis, eins og Baldur Pétursson viðskiptafræðingur gerir í grein í Fréttablaðinu fyrsta nóvember 2017 á bls. 18 og ber heitið: „Kostnaðarsamur og hættulegur gjaldmiðill“, þó alls ekki skuli gert lítið úr hve stórar fjárhreyfingar til og frá landinu geta valdið hér miklum skaða með skaðlegum sveiflum í gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum með bylgjuhreyfingum um allt hagkerfið og ýmsum kostnaði fyrir markaðsaðila, heimilin og fyrirtækin, stofnanir og hagsmunasamtök, stjórnvöld og sveitarstjórnir.

Slíkar skaðlegar hreyfingar jafngilda efnahagsárás á okkar þjóðargjaldmiðil, hagkerfi, land og þjóð og þarf því að taka á samsvarandi, sbr. t.d. þjóðhagsvarúðartæki Seðlabankans sem loksins loksins varnarviðbúnað gegn slíkum árásum sem valda miklum óþarfa kostnaði.

Baldur nefnir ýmsar afleiðingar hrunsins þegar krónan hrundi niðrúr en segir fátt um orsakir, þ.e. viðskiptalega greiningu skortir, því það er gjaldeyrisskorturinn í kjölfar siðblindra viðskiptaákvarðana sem fellir bankakerfið með þeim hrikalegu afleiðingum sem flestir þekkja, ekki krónan.

Bankaúlfar og meðvirk stjórnvöld, meðvirkir stjórnendur og meðvirkir sérfræðingar komust upp með það í allt of langan tíma að ofurskuldsetja bankana í erlendum gjaldmiðlum, einkum dollar og evru. Það er rót bankahrunsins. Ósjálfbær skuldasöfnun í erlendum gjaldeyri.

Icesave var glæfraleg tilraun til að safna erlendum gjaldeyri með loforði um hávexti til þess að greiða af þessum erlendu ofurskuldum sem að lokum námu um tífaldri eða tólffaldri þjóðarframleiðslu Íslands, eftir því við hvaða forsendur er miðað.

Þegar greiningaraðilum erlendis verða loksins ljós fyrir alvöru þessi súperósköp, Lehmanbræður fallnir, vafningasölubullið upplýst og veðköll dynjandi um alla jörð, þá er einfaldlega lokað lánalínum í erlendum gjaldeyri á íslensku bankana og þar á ofan lokað á ríkisvaldið og Seðlabankann af ríkissjóðum og seðlabönkum Evrópu, Bretlands og Bandaríkjanna, sem átta sig á að á Íslandi er greinilega alls ekki allt eins og það á að vera; en bjóða ráð og áfallahjálp með góðvild í fyrstu, sem af einhverjum orsökum er ekki þegin í einhverju erfistéttarmikilmennskubrjálæðiskasti sem af og til grípur landann.

Útlent fólk með viti treysti sér sem sagt ekki lengur til að taka þátt í þessu endemis bulli bankaúlfanna undir staurblindu auga ríkisvaldsins þar sem úlfarnir beinlínis gera út á stærilætið, minnimáttarkennd, meðvirkni og vanþekkingu.

Af þessu leiddi gjaldeyrisskort til að mæta erlendum skuldbindingum sem í framhaldi eru gjaldfelldar og þegar ljóst er að nægar greiðslur verða ekki tiltækar né bakhjarl til þrautavara, þá falla bankarnir. Það er ekki krónunni að kenna. Það er að kenna ofurskuldsetningu í erlendum gjaldmiðlum undir nefinu á meðvirkum eftirlitsaðilum, sérfræðingum, stjórnendum, embættismönnum og stjórnmálamönnum.

**Þrælsfjötrar**

Okurvaxtastigið hérlendis, með þrælsfjötrum verðtryggingar á íbúðalánum og námslánum, er einfaldlega siðblind viðskiptaákvörðun sem ófögur birtingarmynd á skorti á félagsþroska og kemur krónunni lítt við í samhengi utanríkisviðskipta og afleiddrar gengisskráningar þegar lánað er í krónum, greidd eru af í krónum vextir og afborganir og lánið er ótengt erlendum gjaldmiðlum.

Ef spurt er af hverju við borgum íbúðirnar okkar þrisvar og fjórum sinnum í gegnum íbúðalánin, miðað við önnur norræn ríki, borgum framhaldsnámið okkar tvisvar og þrisvar sinnum í gegnum námslánin, borgum alls kyns jólasveinaþjónustugjöld, innheimtugjöld, stimpilgjöld, lántökugjöld og önnur hvítflibbagjöld, þá er það vegna þess að stjórnvöld, stórfyrirtæki, bankar og lífeyrissjóðir hafa ríkisstyrkta einokunaraðstöðu á fjármálamarkaði á Íslandi. Löggilta einokunarverslun.

> Bankaúlfar og meðvirk stjórnvöld, meðvirkir stjórnendur og meðvirkir sérfræðingar komust upp með það í allt of langan tíma að ofurskuldsetja bankana í erlendum gjaldmiðlum, einkum dollar og evru. Það er rót bankahrunsins. Ósjálfbær skuldasöfnun í erlendum gjaldeyri.

Einokunarverslun sem því miður hefur verið og er enn gjörnýtt eins og mögulegt er til þess að okra á okkur viðskiptavinunum, ekki síst í skjóli samfélagslegs heilaþvottar sem ósjaldan vísvitandi þöggun og sniðganga (sbr. núna málefnalegu stjórnarmyndunarviðræðurnar), órökstuddar fullyrðingar eða yfirborðsleg umfjöllun, hagsmunatengdar úttektir, álit, o.fl., oft með góðri hjálp nytsamra sakleysingja á fjölmiðlunum og miklu víðar sem aldrei virðast átta sig vel á þessari þoku sem alltaf skal þyrlað upp samstundis fegrað og blessað járntjald og skjól þessari endemis einokunarverslun þegar landsmenn þora öðru hvoru að mótmæla háum þessu óþolandi opinbera fjárhagslega einelti sem hvergi fær þrifist í okkar nágrannalöndum. Svo einfalt er það.

# Í fótspor annarra



**Þór Rögnvaldsson**
ellilífeyrisþegi

Það hefur löngum verið mér undrunarefni hvað sumir eiga erfitt með að setja sig í fótspor annarra – jafnvel mestu gáfumenn. Ég ætla að nefna dæmi um þetta.

Þann 17. ágúst sl. birtist grein eftir Þorvald Gylfason í Fréttablaðinu sem bar titilinn: „Rússahatur? Nei, öðru nær.“ Hér fjallar Þorvaldur m.a. um viðtöl sem Oliver Stone átti við Pútín Rússlandsforseta og í því samhengi verður honum tíðrætt um þau orð Pútíns að eftir fall Sovétríkjanna hefði sjöundi hver Rússi skyndilega átt heima utan Rússlands.

Nú hlýtur sú spurning að vakna, hvort Þorvaldur Gylfason sé reiðubúinn til þess að skilja þetta vandamál frá sjónarmiði Rússa – sé reiðubúinn til þess að setja sig í fótspor þeirra. Dæmi hver fyrir sig – því að orð prófessorsins í þessu samhengi eru eftirfarandi: „En hvað með það? Er það vandamál? Er það vandamál í augum Þjóðverja að sjöundi hver þýzkumælandi maður býr í Austurríki og Sviss?“

Mann setur hljóðan við að lesa þetta. Að viti Þorvalds Gylfasonar og skoðanabræðra hans eru Rússar slíkt annars flokks fólk að það tekur því ekki einu sinni að svara umkvörtunum þeirra af neinni alvöru. Enda eru röksemdir prófessorsins ekkert annað en þvaður og kjaftæði – af verstu tegund. Austurríkismenn og Svisslendingar eru ekki Þjóðverjar, hafa aldrei verið Þjóðverjar[1] og munu aldrei verða Þjóðverjar. Hins vegar eru íbúar Austur-Úkraínu og Krímskaga Rússar, hafa alla tíð verið Rússar og munu alla tíð vera Rússar.

Alvarlegasta ógnin við heimsfriðinn er þetta Rússahatur Vesturveldanna (BNA og ESB). Vegna þess að ef „Við“ – þ.e. Vesturlandabúar – getum aldrei sett okkur í fótspor annarra þá skiljum við ekki 1) að ef íbúar Vestur-Úkraínu eiga rétt á því að ráða örlögum sínum sjálfir og ganga í ESB – þá eiga íbúar Austur-Úkraínu líka rétt á því að ráða örlögum sínum sjálfir og ganga ekki í ESB heldur sameinast Rússlandi, 2) að aðfarir Rússa á Krímskaga voru ekki landvinningastríð, heldur nauðsynleg ráðstöfun til þess að tryggja Rússum yfirráðin yfir Svartahafsflota sínum. Þetta vita ekki þeir sem vilja ekki vita.

Og svo er það mál málanna: Hvað mundi gerast ef „Við“ settum okkur í spor Norður-Kóreumanna? Jú – „Við“ mundum þá gera okkur grein fyrir því að ráðamenn í Norður-Kóreu eru fyrst og síðast lafhræddir – eðlilega og ekki að ástæðulausu. Þeir hafa komið sér upp kjarnorkuvopnum til þess að reyna að koma í veg fyrir að mesta herveldi allra tíma geri innrás í land þeirra. Þar af leiðir að það er í rauninni minnsta mál að lægja öldurnar á Kóreuskaga. Það eina sem til þarf er að bjóða Norður-Kóreumönnum frið; þ.e. að breyta vopnahléinu í friðarsamning – og, jú, svo líka hitt, að Bandaríkin og Suður-Kórea hætti vopnaskaki sínu við landmæri Norður-Kóreu.

Þessu er hægt að koma í kring á einni viku. Vandamálið er að Bandaríkjamenn vilja ekki frið. En hvers vegna ekki? Hvers vegna vilja Bandaríkjamenn ekki frið á Kóreuskaganum? Jú – ástæðan er sú að þeir vilja ekki setjast að sáttaborði með „ómennunum“ í Norður-Kóreu.

Mesta ógnin við friðinn stafar alltaf af því viðhorfi sem telur sig eiga einkarétt á mennskunni.

Alvarlegasta ógnin við heimsfriðinn er þetta Rússahatur Vesturveldanna (BNA og ESB)

*[1] Ég undanskil árin 1938-45 sem Austurríkismenn vilja helst gleyma.*

**FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ**
**16. TIL 22. NÓVEMBER**

**Kaffi og kökur í boði,**
**16. nóvember í Síðumúla 11**
**og Dalshrauni 13**

# VERKFÆRA SALAN

20
1997-2017

# 20% Afsláttur

**af öllum vörum 16. nóvember,**
*gildir ekki með öðrum tilboðum*

## BORVÉL M12
**BPD-402C 2x4Ah**



Nett borvél með höggi, 38Nm.

MW 4933441935

**27.900 kr.**

## BORVÉL M18
**BPD-202C 60Nm 2x2Ah**



Nett og þæginleg borvél með höggi, 60Nm.

MW 4933443515

**34.900 kr.**

## HERSLULYKILL
**CHIWF12-502X 1/2"**



Herslulykill 1/2″ sem herðir mest 950 Nm og losar 1491 Nm.

MW 4933448418

**69.900 kr.**

## BORVÉL OG HÖGGSKRÚFVÉL
**M18 BLPP2B-502**



Kolalaus Borvél 60Nm m/höggi og kolalaus höggskrúfvél 170Nm.

MW 4933448451

**72.900 kr.**

## BORVÉL OG SDS+ VÉL
**M18 2x5Ah**



Sett með kolalausri borvél 135Nm og 2,5J SDS+ vél.

MW 4933459034

**99.900 kr.**

## RYKSUGA
**AS 30 EMAC**



Öflugasta Milwaukee ryksugan með sjálfvirkum bankara.

MW 4933416080

**109.900 kr.**

## HLEÐSLUBORVÉL
**18V 2×2,5Ah**



Borvél 50Nm frá Ryobi.

RB 5133002214

**24.900 kr.**

## VERKFÆRASETT
**18V 1,5Ah og 4,0Ah**



Sett frá Ryobi með borvél, stingsög, hjólsög og ljósi.

RB 5133002381

**57.900 kr.**

## LOFTDÆLA
**FINI Flash 12v 166l/mín**



Hentug í jeppaferðir og til að dæla í stærri dekk.

FN 8156528FNM290

**49.900 kr.**

## TOPPLYKLASETT
**1/2" + 1/4" 94stk USG**



Topplyklasett með 1/2″ og 1/4″ skröllum ásamt toppum og framlengingum.

USG USGB5094M

**9.990 kr.**

## LÍNULASER
**Saturn 2 RED + þrífótur**



2ja línu laser frá Futech.

FUT 01002

**19.900 kr.**

## PINNASUÐA
**Force 165 með hjálm**



Pinnasuðuvél frá Telwin, 160 amp með fótoselluhjálm.

TW 815863

**37.900 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Tilboð gilda 16-22 nóvember.

Verkfærasalan • Síðumúli 11 - 108 Reykjavík | Dalshraun 13 - 220 Hafnarfjörður • 560-8888 • www.vfs.is


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk Frugt
399 kr. pk.
Grön Balance klementínur 750 g, Ítalía
Klementínur 950 g, Spánn
399 kr. pk.
Clementinen
CAL./SIZE
L
CLEMENTINA
2,3 KG NETO
AGROFRUIT SA
Ódýrt
Klementínur 2,3 kg, Spánn
699 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 20. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN






17 sortir smákökudeig, 500 g

**949** kr. pk.




Jóla brúnkökudeig/ speciudeig 250 g

**389** kr. pk.

**Ódýrt**




Smákökudeig, súkkulaðibita, lakkrís, hvítt súkkulaði

**389** kr. pk.

Smákökudeig, kókos, engifer, piparköku

**239** kr. pk.


KRÓNAN
Krónan mælir með!
-20%
1899 kr. kg
Lambahryggur hálfur
Verð áður 2399 kr. kg
-20%
3199 kr. kg
Ungnauta steikur sérmeyrnað, Írland
Verð áður 3999 kr. kg
-25%
1269 kr. kg
Grísasnitsel
Verð áður 1699 kr. kg
Gott verð!
Grísasíða í sneiðum, Spánn
989 kr. kg
Verð áður 1099 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 20. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN



Ódýrt

Súkkulaði jóladagatal

**155** kr. stk.



Ódýrt

1711 kr. kg




Dumle karamellur, 350 g

**599** kr. pk.




Appolo lakkrís konfekt, 700 g

**760** kr. pk.




Ódýrt

1094 kr. kg

**875** kr. pk.

After Eight 800 g

## Eyjamenn fyrstir til þess að leggja FH að velli í vetur




Alvöru hasar. Stórleikur FH og ÍBV í gær stóð algjörlega undir væntingum. Var frábær skemmtun og æsispennandi allt til enda. FH-ingar voru búnir að vinna alla átta leiki sína í deildinni þar til í gær er þeir urðu að sætta sig við tap fyrir frábæru liði ÍBV sem sýndi sínar bestu hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hún kemur ekki lengur á óvart

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilar á lokamóti LPGA-mótaraðarinnar sem hefst í dag. Staðfesting á frábærri spilamennsku á þessu ári. Ungur kylfingur vann lokamótið í fyrra þannig að allt getur gerst.**

**GOLF** „Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég sá þetta ekki fyrir í byrjun árs en þetta er svo flottur árangur hjá henni,“ segir Karen Sævarsdóttir, sigursælasti kvennakylfingur Íslands, um Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur en hún hefur leik á lokamóti LPGA-mótaraðarinnar klukkan 15.20 að íslenskum tíma í dag.

Aðeins 82 efstu kylfingar mótaraðarinnar fá boð í CME Group Toure Championship eins og það heitir á enskunni en það fer fram á Flórída í Bandaríkjunum. Þeir kylfingar sem komast á mótið eru jafnframt öruggir með fulla aðild að mótaröðinni á næsta ári.

„Það sem hún hefur gert svo vel er að spila sig inn á mótin á lokametrunum. Það er bara frábært og sýnir að þó okkur finnist skorið hjá henni ekki alltaf það besta er það á meðal þeirra bestu á hverjum tíma. Hún er að spila vel undir pressu en það eru margir sem eiga það til að brotna undan pressunni. Þetta er þannig mót að ef hún kæmist ekki fengi enginn annar boð. Þetta er bara fyrir þær bestu,“ segir Karen sem mun lýsa mótinu á Golfstöðinni.

### Bara á bleiku skýi

Ólafía er nú þegar búin að spila á 25 mótum á mótaröðinni, þar af þremur af fimm risamótum ársins sem er svakalega gott fyrir nýliða.

„Hún hefur verið svo öflug undir lokin eins og núna á síðustu mótunum þar sem hún keppti á fjórum af fimm mótunum sem voru í Asíu. Það er alveg frábært og ég hef bara mikla trú á henni núna,“ segir Karen sem þorði ekki að vera svona bjartsýn í byrjun árs.

„Ef þú hefðir spurt mig þegar þetta allt saman byrjaði hvort Ólafía væri að fara að spila í Asíusveiflunni og á lokamótinu hefði ég átt erfitt með að segja það. Ekki nema bara svífandi á einhverju bleiku skýi. En hér er hún, stjarnan okkar, og það er bara frábært. Hún er að spila með bestu stelpunum.“

Ólafía hefur verið að spila undir mikilli pressu undanfarið og staðið sig vel. Mun hún njóta sín undir minni pressu eða er hún orðin vön mikilli pressu, að mati Karenar?

„Bæði og. Maður vill alltaf vera hógvær með væntingarnar en mér finnst það afrek þó að hún verði í neðri hlutanum,“ segir Karen.

> Ég er alls ekki að segja að Ólafía sé endilega að fara að vinna mótið en ég er hætt að kippa mér upp við það þegar hún stendur sig vel.
>
> Karen Sævarsdóttir

### Þorir að vona

Alls eru 250 milljónir íslenskra króna í verðlaunafé á lokamóti LPGA-mótaraðarinnar og sigurvegarinn tekur heim 65 milljónir. Þetta er hæsta verðlaunaféð á mótaröðinni ef undan eru skilin risamótin fimm. Alls hefur Ólafía þénað 22 milljónir króna í verðlaunafé á mótunum 25 og hún getur bætt ríkulega í sarpinn um helgina gangi allt vel. Karen stillir væntingum sínum í hóf en bendir á eina staðreynd um mótið.

„Í fyrra vann þetta tvítug ensk stelpa sem heitir Charley Hull. Það var og er hennar eini sigur á LPGA-mótaröðinni. Þetta er stelpa sem hefur bara slegið í gegn í Solheimbikarnum en er engin stórstjarna þannig að augljóslega er allt hægt,“ segir Karen.

„Ég er alls ekki að segja að Ólafía sé endilega að fara að vinna mótið en ég er hætt að kippa mér upp við það þegar hún stendur sig vel. Hún kemur mér ekki lengur á óvart. Maður verður bara að bíða spenntur þar til þetta hefst og vona það besta en það er allt hægt“ segir Karen Sævarsdóttir. tomas@365.is

Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

## Nýjast

**Undankeppni EM 2019**

**Slóvakía - Ísland 78-62**

**Stig Íslands:** Helena Sverrisdóttir 22, Hildur Björg Kjartansdóttir 9, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9, Thelma Dís Ágústsdóttir 8, Emelía Gunnarsdóttir 4, Sandra Þrastardóttir 4, Berglind Gunnarsdóttir 3, Þóra Kristín Jónsdóttir 3.

Þetta var annar leikur Íslands í undankeppninni og báðir hafa tapast. Stelpurnar voru lengi vel inni í leiknum en byrjuðu síðasta leikhlutann mjög illa og náðu aldrei að koma til baka eftir það.

**Olís-deild karla**

**FH-ÍBV 33-34**

**FH:** Gísli Kristjánsson 7, Einar Eiðsson 7, Óðinn Rikharðsson 5, Ásbjörn Friðriksson 4.
**ÍBV:** Kári Kristján Kristjánsson 10, Theodór Sigurbjörnsson 10, Agnar Smári Jónsson 4, Róbert Hostert 4, Sigurbergur Sveins 3.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 16 | Fram | 8 |
| Valur | 15 | Afturelding | 7 |
| ÍBV | 14 | ÍR | 6 |
| Haukar | 13 | Fjölnir | 3 |
| Stjarnan | 11 | Víkingur | 3 |
| Selfoss | 10 | Grótta | 2 |

**Coca-Cola-bikar kvenna**

**Afturelding - Haukar 15-22**

**ÍR - Víkingur 34-27**

HK, KA/Þór, Stjarnan, ÍBV, Fjölnir, ÍR og Haukar eru komin í 8-liða úrslit.

**SARA Á SKOTSKÓNUM**



Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði eitt marka Wolfsburg í gær er liðið komst í átta liða úrslit í Meistaradeildinni. Liðið gerði þá 3-3 jafntefli við Fiorentina en vann einvígi liðanna, 7-3. Sara kom af bekknum á 70. mínútu og var búin að skora aðeins einni mínútu síðar. Glódís Perla Viggósdóttir og stöllur hennar í sænska liðinu Rosengård eru aftur á móti úr leik eftir 0-1 tap fyrir Chelsea. Chelsea vann rimmuna 4-0 samanlagt.

**STJÖRNUKONUR Í TÉKKLANDI**



Stjarnan mætir í kvöld Slavia Prag í síðari viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu kvenna. Leikurinn fer fram ytra en þeim fyrri lauk með 2-1 sigri tékkneska meistaranna á Samsung-vellinum í Garðabæ í síðustu viku. Stjarnan getur orðið fyrsta íslenska liðið til að komast í 8-liða úrslit keppninnar eftir að núverandi fyrirkomulag var tekið upp. Íslenskum liðum hefur áður tekist að fara svo langt í forverum keppninnar.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.50 | Valur - ÍBV | Sport 2 |
| 18.30 | PGS RSM Classic | Golfstöðin |
| 19.00 | KR - Haukar | Sport |
| 19.00 | LPGA CME Globe | Sport 4 |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Höttur - Keflavík | Egilsst. |
| 19.15 | KR - Haukar | DHL-höllin |
| 19.15 | Stjarnan Þór Ak. | Ásgarður |
| 19.15 | ÍR - Valur | Hertz-h. |
| 19.15 | Tindastóll - Þór Þ. | Sauðárkr. |

**Olís-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Valur - ÍBV | Valshöll |
| 19.30 | Selfoss - Fjölnir | Selfoss |

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2017



# Retró og rauðir skór

Esther Jökulsdóttur söngkonu finnst gaman að klæða sig upp á og er veik fyrir skemmtilegum fötum, einkum þó yfirhöfnum og höfuðfötum. ➔2




**Það eru til ótal raunveruleikaþættir sem snúast um útlit og tísku. Langflestir endast skammt og njóta takmarkaðra vinsælda en nokkrir hafa slegið rækilega í gegn og haft mjög mikil áhrif.**

➔4



KÁPUR

*Töff, hlýtt og flott!*

comma,

SMÁRALIND












Esther sækir innblástur til Stevie Nicks, söngkonu Fleetwood Mac, bæði í tónlistinni og tískunni.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Skósíðir kjólar og leðurfatnaður eru lýsandi fyrir klæðaburð Estherar sem leggur mikið upp úr fötum og finnst gaman að leika sér með stíla og samsetningar. „Ef ég ætti að lýsa stílnum mínum svona dagsdaglega þá myndi ég segja að ég væri að blanda saman stílum frá fimmta og áttunda áratugnum,“ segir hún og viðurkennir að sækja sér fyrirmyndir í söngkonur, bæði hvað varðar raddbeitingu, val á tónlist og klæðaburð. „Ég held að ég sé svona Stevie Nicks og Marlene Dietrich blanda, mér finnst gaman að svona rokkuðum útí kántrí stíl, samanber hatturinn hennar Stevie Nicks en mér finnst mjög gaman að höttum og húfum. Svo finnst mér líka gaman að leika mér með karlmannlegan stíl frá fjórða áratugnum og sæki þá í Marlene Dietrich, jakkaföt, hatta, skyrtur og vesti og svo framvegis. Svo á ég líka til að vera mjög klassísk og finnst þá gaman að skoða hvað Gwyneth Paltrow er að pæla og hvernig hún klæðir sig.“

Esther kaupir fötin sín víða og getur gleymt sér í að gramsa á mörkuðum eftir fjársjóðum. „Ég fer mikið í Rauðakrossbúðirnar og á markaði, en svo er ég líka mjög hrifin af Karen Millen. Ég verslaði mikið í Nostalgíu á sínum tíma og fleiri búðum sem seldu notuð föt og finnst líka æði að kíkja í Kjóla og konfekt og sjá hvað er þar á boðstólum. Svo er ég mjög hrifin af hönnun Birtu Björnsdóttur í Júniform, hún er í heimsklassa í hönnun.“ Yfirhafnir eru veikleiki sem hún viðurkennir fúslega og þá helst leður og skinn. „Ég kaupi samt aldrei nýjar skinnvörur heldur eitthvað sem einhver annar hefur átt og keypt fyrst. Ég keypti til dæmis einu sinni selskinnsjakka í Rauða krossinum á heilar 3.000 krónur og notaði hann þangað til hann nánast datt í sundur. Svo á ég skósíðan pels sem ég keypti á flóamarkaði í Svíþjóð fyrir tveimur árum og hann kemur sér vel þegar fer að kólna.“ Esther kaupir föt helst á útsölum og erlendis og er Búdapest í uppáhaldi þar sem hún segir verslanirnar flottar og hagstætt verð. Hún viðurkennir samt að henni finnist ekki alltaf gaman að kaupa föt. „Það getur verið skemmtilegt, en líka mjög leiðinlegt! Ég þarf að vera í vissu skapi til að versla. Ég er ekki góð í verslunarferðum erlendis, hef litla þolinmæði í það. Sendu mig frekar inn á safn!“

Hún segir jarðarliti vera í uppáhaldi en svo eigi hún mikið svart, eins og flestir Íslendingar. „Ég á samt alveg til að vera í lit. Uppáhaldsskórnir mínir eru eldrauðir úr Kjólum og konfekti og svo keypti ég mér græna tösku í Karen Millen í sumar og grænan kjól í stíl.“ Rautt og grænt leiðir hugann óneitanlega að jólunum og Esther er komin á kaf í undirbúning. „Nú er ég á fullu í að undirbúa Hnallþórujólin okkar Björgvins Franz sem verða í Gaflaraleikhúsinu þann 7. desember og þar verð ég í skemmtilegum fötum frá ýmsum tímabilum. Ég fer líka heim á Austurlandið og syng í Tónlistarmiðstöð Austurlands 3. desember. Síðan erum við Hlynur bróðir minn og fleiri góðir kappar að undirbúa tónleika af diski sem við gáfum út og heitir Letters and Tattletales, en Hlynur er fluttur heim eftir að hafa búið í Noregi svo við erum ólm í að spila saman aftur.“



Græna taskan frá Karen Millen passar vel við svörtu fötin sem Esther viðurkennir að hún eigi aðeins of mikið af eins og þorri Íslendinga.



Rauði leðurjakkinn frá Ralph Lauren er í miklu uppáhaldi en hann var keyptur í verslun með notaða merkjavöru.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




# TAX FREE DAGAR

Fimmtudag 16.11 opið 10-18
Föstudag 17.11 opið 10-18
Laugardag 18.11 opið 10-16
Sunnudag 19.11 opið 13-18

20% afsláttur af öllum fatnaði, skóm og fylgihlutum




~~Verð 27.980~~ -> 22.304



~~Verð 29.980~~ -> 23.984



~~Verð 29.980~~ -> 23.984



~~Verð 26.980~~ -> 21.584



~~Verð 23.980~~ -> 19.184



~~Verð 22.980~~ -> 18.384



hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Bestu þættirnir um tísku

**Það eru til ótal raunveruleikaþættir sem snúast um útlit og tísku. Langflestir endast skammt og njóta takmarkaðra vinsælda en nokkrir hafa slegið rækilega í gegn og haft mjög mikil áhrif.**

Í gegnum tíðina hafa verið gerðir alls kyns sjónvarpsþættir sem tengjast tískuheiminum á ýmsan hátt. Sumir leiknir þættir hafa haft mikil áhrif á tískuna, eins og Sex and the City og Gilmore Girls, en ýmsir raunveruleikaþættir hafa sett tískuna alveg í forgrunn. Þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir og líklega fleiri vondir en góðir. En örfáir hafa notið mikill vinsælda og velgengni.



Heidi Klum og Tim Gunn eru í forsvari fyrir Project Runway. MYND/NORDIC-PHOTOS/GETTY

### Project Runway

Project Runway er bandarískur raunveruleikaþáttur sem snýst um tískuhönnun. Keppendur í þættinum keppa um að hanna flottustu fötin en eru takmarkaðir af tíma, hráefni og þema. Hönnunin er dæmd af hópi dómara og yfirleitt er einn eða fleiri keppandi rekinn úr þættinum í hverri viku þar til örfáir eru eftir. Þessir lokakeppendur hanna svo safn af tískufatnaði fyrir tískuvikuna í New York og sá vinnur sem gerir besta safnið.

Stjórnandi þáttarins er ofurfyrirsætan Heidi Klum. Project Runway hefur unnið fjölmiðlaverðlaun GLAAD, Peabody-verðlaun og tvenn Emmy-verðlaun.

Sextánda sería af Project Runway er að klárast en það er búið að staðfesta að tvær þáttaraðir í viðbót eru væntalegar. Sex hliðarþættir tengdir Project Runway hafa verið framleiddir og auk þess hafa 26 staðbundnar útgáfur af þættinum verið framleiddar víða um heim.

### America's Next Top Model

America's Next Top Model er bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem upprennandi fyrirsætur keppa um að hefja feril sinn sem atvinnufyrirsæta. Fyrirsæturnar keppa í myndatökum og alls kyns áskorunum sem tengjast fyrirsætustörfum og eru dæmdar af hópi dómara. Einn keppandi fer heim í hverri viku og sigurvegarinn fær yfirleitt umfjöllun í stóru tískutímariti, samning við umboðsskrifstofu og fleira.



Tyra Banks og J. Alexander, dómarar í America's Next Top Model. MYND/NORDIC-PHOTOS/GETTY

Þátturinn var búinn til af ofurfyrirsætunni Tyru Banks, sem er líka aðalframleiðandi, stjórnandi og aðaldómari þáttanna.

Það hafa verið gerðar 23 þáttaraðir af America's Next Top Model og sú 24. er á leiðinni. Auk þess hafa yfir 30 útgáfur af þættinum verið framleiddar víðs vegar um heiminn.

### RuPaul's Drag Race

RuPaul's Drag Race er bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem dragdrottningar keppa í alls kyns áskorunum. Þær eru dæmdar af hópi dómara og yfirleitt er einn keppandi sendur heim í hverri viku. Dragdrottningin RuPaul er stjórnandi, kennari og aðaldómari þáttanna.

Titill þáttarins leikur sér með hugtökin „drag queen“, eða dragdrottning, og „drag racing“ eða spyrnu og upphaf þáttarins og þemalagið vísa líka í spyrnu.

Níu þáttaraðir hafa verið sýndar og sú tíunda er væntanleg. Auk þess hafa komið út tveir hliðarþættir og þáttaröð sem gefur nánari innsýn bak við tjöldin.



RuPaul Charles með Emmy-verðlaunin sem hann vann fyrir RuPaul's Drag Race. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Þættirnir hafa verið sýndir víða um heim en það er líka til sílesk útgáfa og bresk útgáfa er sögð væntanleg. Árið 2015 tilkynnti RuPaul að kvikmynd með öllum keppendunum væri í vinnslu.

RuPaul fékk Emmy-verðlaun fyrir stjórn þáttarins árið 2016 og þátturinn sjálfur hefur meðal annars unnið fjölmiðlaverðlaun GLAAD.

### What Not to Wear

What Not to Wear er breskur raunveruleikaþáttur sem snýst um að fríska upp á útlit fólks. Í þáttunum eru einstaklingar sem eru taldir smekklausir tilnefndir af vinum sínum og þeim gefin tískuráð. Þeir fá svo 2.000 pund til að kaupa sér ný föt. Fylgst er með verslunarferðinni og svo er fjallað um hvernig gekk. Seinna var fyrirkomulaginu breytt þannig að stjórnendur völdu þá sem fengu nýtt útlit út frá innsendum myndböndum frá áhorfendum.

Trinny Woodall og Susannah Constantine stjórnuðu fyrstu fimm þáttaröðunum en nýir stjórnendur tóku við í síðustu tveimur þáttaröðunum. Þátturinn var tilnefndur til BAFTA-verðlauna og gerði stjórnendurna landsþekkta í Bretlandi. Þær gáfu út bækur sem byggðu á þáttunum og stjórnuðu hliðarþætti sem fjallaði um tísku á rauða dreglinum.

Þátturinn hefur verið sýndur víða um heim og það er til bandarísk, ítölsk og rússnesk útgáfa af þættinum.

### Queer Eye

Queer Eye, sem hét upprunalega Queer Eye for the Straight Guy, var bandarískur raunveruleikaþáttur sem snerist um að samkynhneigðir karlmenn kenndu fólki að klæða sig, snyrta sig, innrétta, haga sér og sjá um mat. Í hverjum þætti var einhver sem var ekki með þessa hluti á hreinu tekinn fyrir og frískað upp á þetta.

Þátturinn naut mikilla vinsælda og leiddi til sölu á ýmsum varningi og hliðarþáttar sem snerist um konur og öl af sér tólf staðbundnar útgáfur.

Queer Eye hlaut bæði Emmy-verðlaun og fjölmiðlaverðlaun GLAAD.

Gerðar voru fimm þáttaraðir en í byrjun þessa árs tilkynnti Netflix að ný þáttaröð væri væntanleg með nýjum stjórnendum.



# SKEMMTILEGT KONUKVÖLD Í KVÖLD

**FRÁ KLUKKAN 19 - 22**

*Kalli Berndtsen hjálpar ykkur að finna rétta dressið.*



nn cosmetics

*Kristín í No Name verður á staðnum með ráðgjöf og förðun og býður þér að setjast í stólinn.*

## HAPPDRÆTTI

***Einn 50.000 kr. vinningur***
***Tveir 30.000 kr. vinningar***

**LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI**

**HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG.**

**COSMO**
**Kringlunni**



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




Stehmann
Stehmann buxurnar eru komnar aftur!
SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN
LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



LÁTTU EKKI SÍMANN PLATA ÞIG
365 er á sama farsímakerfi og Síminn en á mun lægra verði
11GB + ∞ SMS
2.590 KR.
365.is
1817
365


# Náttfataæði í Bretlandi

**Stórverslunin Primark hefur sett á markað náttfatnað sem merktur er með hinu fræga kaffihúsi úr þáttunum Friends, Central Perk. Eftir að Primark setti mynd af náttfötunum á Instagram varð allt vitlaust.**

Þótt þrettán ár séu liðin frá því hætt var upptökum á Friends-þáttunum eru þeir sýndir víða, meðal annars hér á landi á Stöð 3. Svo virðist sem kynslóð eftir kynslóð horfi á þættina þrátt fyrir að nútímatækni eins og Internet og snjallsímar séu ekki þekkt fyrirbæri í lífi vinanna sex. Aðdáendur féllu strax fyrir náttfötunum sem seldust upp fyrr á þessu ári þegar þau komu fyrst á markað. Nú eru komnar nýjar gerðir sem eru ekki síður vinsælar en fyrri sendingin.

## Nýtt vinaæði

Margir hafa póstað myndum af sér í Friends-náttfötunum á samfélagsmiðlum. Bresk dagblöð hafa sagt frá þessu nýja æði, meðal annars The Sun, Metro, Redonline og fleiri. Nýjustu Friends-náttfötin eru með slagorðinu „Let's go to Central Perk" og eru til í nokkrum útgáfum. Þetta mikla æði kom mörgum á óvart enda langt síðan Friends-þættirnir voru gerðir. Stuttu eftir að Primark póstaði myndinni af nýju náttfötunum fyrir nokkrum dögum voru strax komin á annað hundruð þúsund „like" á myndina. Þá hefur fólk taggað vini sína í gríð og erg um leið og þeir benda á að allir góðir vinir þurfi nauðsynlega að eiga ein svona náttföt.

> **Það hefur verið gagnrýnt í Bretlandi að fólk fari á náttfötunum út í búð, einnig þegar það fer með börnin sín í skólann.**

## Ekki á náttfötunum út í búð

Mörgum finnst þægilegt að nota náttföt sem heimaklæðnað á letidögum. En hvenær er í lagi að ganga í náttfötum? Daily Mail ræddi við sérfræðinginn William Hanson til að spyrjast fyrir um það eftir að tvær dömur sáust ganga um matvöruverslun klæddar náttfötum um miðjan dag. Sérfræðingurinn segir að það sé ekki allt í lagi að vera á náttfötunum úti í búð, nema viðkomandi hafi strokið af sjúkrahúsi en það er svo sem ekki í lagi heldur. „Enginn ætti að láta sjá sig á náttfötunum nema sá sem deilir með þér svefnherbergi," segir hann. Ekki er langt síðan skólayfirvöld í Bretlandi þurftu að banna foreldrum að vera í náttfötum þegar þau komu með börnin sín í skólann á morgnana. Hanson segir að það sé ekki heldur æskilegt að mæta til morgunverðar með vinum sínum á náttfötunum ef maður fær að gista. Hann vill meina að fólk eigi hvorki að sofa nakið eða í nærfötum einum klæða. Eina undantekningin er ef fólk er á hitabeltiseyju eða þar sem er mjög heitt í veðri á nóttunni. Bæði konur og karlar eiga að vera í fallegum náttfötum í rúminu, maður á alltaf að gæta að virðingu gagnvart sjálfum sér," segir sérfræðingurinn.

## Jólanáttfötin vinsæl

Í Bretlandi kallast náttföt pyjamas en orðið er komið frá Indlandi og er fyrst þekkt í Bretlandi á sautjándu öld. Fyrir þá sem ætla að leita að náttfötum í Bandaríkjunum er gott að vita að þar í landi er orðið skrifað pajamas. Þótt náttföt hafi í fyrstu aðeins verið fyrir karla breyttist það síðar. Talið er að Coco Chanel hafi verið brautryðjandi í hönnun náttfata á konur. Hún setti á markað glæsilega hönnuð silkináttföt með buxum fyrir konur í kringum 1920.

Um þessar mundir eru jólanáttfötin að koma í verslanir. Mörgum finnst nauðsynlegt að eiga ein slík ekki síður en jólapeysu.


Svo virðist sem vinirnir í bandarísku þáttunum Friends fari aldrei úr tísku.



Þessi renna út í Primark í Bretlandi.



# AFS á Íslandi í 60 ár

FIMMTUDAGUR 16. NÓVEMBER 2017



# Gaman að sökkva sér í nýtt samfélag

Haukur Harðarson og Agnes Andradóttir fóru í skiptinám á vegum AFS með rúmlega áratugar millibili. Fjarskipti hafa breyst mikið í áranna rás en þau nutu þess bæði að vera einangruð frá Íslandi.



Haukur og Agnes höfðu bæði mikla ánægju af því að verða hluti af nýju samfélagi. MYND/STEFÁN

Haukur Harðarson var 16 ára þegar hann fór til Minnesota í Bandaríkjunum árið 2003 og Agnes Hjaltalín Andradóttir var 17 ára þegar hún fór út til Úrúgvæ árið 2016. Þegar Haukur fór út voru samfélagsmiðlar ekki til, en nú er öldin önnur. Þau nutu þess samt bæði að verða hluti af nýju samfélagi og telja að það sé hollt og gott að skilja gamla lífið eftir heima og sökkva sér í eitthvað nýtt.

### Stórkostlegt og frábært

„Þetta var í einu orði sagt stórkostlegt ár og ég endaði hjá líflegri og yndislegri fjölskyldu,“ segir Haukur. „Þar sem ég hafði æft fótbolta í meira en 10 ár var ég, hægri bakvörður úr KR, allt í einu besti sóknarmaður á svæðinu og vakti athygli fjölmiðla. Það var algjörlega ný tilfinning. Þetta ár var allt ótrúlega óraunverulegt og áhyggjulaust.“

Agnes fór til Úrúgvæ til að upplifa eitthvað nýtt. „Ég valdi Úrúgvæ af því að mig langaði að læra spænsku og enginn vissi neitt um landið. Þetta er líka fyndið nafn,“ segir hún létt. „Þetta var frábært. Ég fékk bestu fjölskylduna í Úrúgvæ og var ótrúlega heppin.“

### Engir samfélagsmiðlar

„Þegar ég var úti voru engir samfélagsmiðlar og ég var ekki með síma á mér,“ segir Haukur „Ég man að ég þurfti að kaupa mér símakort með mílulangri talnarunu til að hringja heim og maður gerði það í mesta lagi einu sinni í viku. Svo talaði ég við vin minn sem var líka í skiptinámi annars staðar í Bandaríkjunum kannski einu sinni í viku. Þetta voru einu samskiptin sem maður hafði á íslensku. Annars var maður bara hluti af þessu samfélagi. Þetta var þitt líf þarna og áreitið var mikið minna en ég hugsa að það sé í dag. Ég get ímyndað mér að í dag sé Ísland miklu nær manni. Það er alltaf allt í beinni. Þú varst bara þarna og fékkst frið til þess, sem var rosalega þægilegt.

Ég man að ég hélt úti bloggsíðu á þessum tíma, bæði fyrir mig og aðra. Það var aðallega til að leyfa fólki að fylgjast með mér,“ segir Haukur. „Maður skrifaði heilu ritgerðirnar allt árið því það var svo mikið á seyði. Svo skrifaði ég eitt bréf sem bróðir minn las upp fyrir fjölskylduna á aðfangadagskvöld.“

> Það þurfa eiginlega allir að upplifa þetta. Fara eitthvert annað, svo maður sjái lífið frá öðru sjónarhorni. Það er mjög hollt. Ég lærði auðvitað spænsku en ég lærði líka betur að vera ég sjálf.

### Hefði viljað meiri einangrun

Agnes segir að hún hafi hringt heim að minnsta kosti einu sinni í mánuði. „Mamma vildi það og svo átti ég líka nýfædda systur þegar ég fór út, sem var auka ástæða til að hafa samband,“ segir hún. „En svo á ég bæði fjölskyldu hér og í Danmörku svo ýmis skyldmenni vildu tala við mann. Maður var bara að reyna að lifa sínu lífi þarna úti en svo vildi fólkið heima alltaf sjá hvað maður var að gera. Það var indælt og auðvitað er æðislegt að geta haft samband, en þetta var stundum svolítið erfitt þegar maður var að reyna að einbeita sér að lífinu úti.“

„Ég hefði miklu frekar viljað gera þetta þegar maður hringdi kannski bara á jólum og sendi kannski einhver bréf og búið,“ segir Agnes. „Þá er þetta miklu meira alvöru. Ég hefði viljað vera meira einangruð. Ég er samt örugglega í miklum minnihluta með þá skoðun.

En þetta er bara eins og með samskipti á netinu yfirhöfuð, þetta er mjög mikill kostur og ókostur,“ segir Agnes. „Það var mjög skemmtilegt að fara einn út, verða hluti af samfélaginu þar og vera ekkert að að pæla í því sem er að gerast heima hjá Íslandi.“

### Lærðu mikið

Haukur og Agnes segjast bæði mæla með AFS-skiptinámi fyrir alla. „Maður lærir svo ótrúlega margt,“ segir Haukur. „Ég lærði æðruleysi, ég lærði að meta Ísland og það var frábært að kynnast fólkinu úti. Svo er ótrúlega gaman að verða góður í ensku. Það er um að gera að drífa sig út.“

„Það þurfa eiginlega allir að upplifa þetta,“ segir Agnes. „Ég mæli með að fara út úr lífinu á svona fimm ára fresti. Fara eitthvert annað, svo maður sjái lífið frá öðru sjónarhorni. Það er mjög hollt. Ég lærði auðvitað spænsku en ég lærði líka betur að vera ég sjálf.“



# Heimurinn bíður þín!

AFS eru alþjóðleg, sjálfstæð félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

AFS er opið samfélag skiptinema, fjölskyldna og sjálfboðaliða sem vinna markvisst að því að tengja saman menningarheima. Samtökin bjóða upp á námstækifæri tengd menningarlæsi þar sem hægt er að öðlast þá þekkingu, færni og skilning sem þarf til að vinna að réttlátari og friðsamari heimi.

Samtökin bjóða upp á fjölbreytt skiptinám í yfir 40 löndum, víðsvegar um heim:

- **Sumarnámskeið (13-18 ára)**
- **3 mánaða dvöl (15-18 ára)**
- **Hálfsárs dvöl (15-18 ára)**
- **Heilsárs dvöl (15-18 ára, 18+)**

Fjölbreytt flóra sjálfboðaliða tekur þátt í skemmtilegu starfi og gefst tækifæri til að efla leiðtogafærni með raunþjálfun og námskeiðum, koma á fót samfélagsverkefnum og láta til sín taka. AFS vinnur einnig með skólum við að þróa þvermenningarlegar vinnustofur, bekkjaskiptaheimsóknir og margs konar viðburði sem auðga allt skólasamfélagið.

Þar sem AFS er ekki einkafyrirtæki er aldrei greiddur út arður í neinu formi og allir fjármunir fara því í verkefni sem stuðla að því að auka skilning á milli menningarheima.



Halldóra Guðmundsdóttir, formaður AFS.

# AFS á Íslandi 60 ára

Árið 1957, þegar Elvis Presley var upp á sitt besta, Handknattleikssamband Íslands var stofnað, Brekkukotsannáll Halldórs Laxness kom út og Pálmi Gestsson leikari fæddist, voru AFS samtökin stofnuð á Íslandi. Alþjóðasamtök AFS eru raunar mun eldri en svo því það voru bílstjórar sjúkrabíla í fyrri heimstyrjöldinni sem stofnuðu þau upphaflega. Í grunninn eru AFS samtök sjálfboðaliða sem trúa því að menningarlæsi sé lykillinn að heimsfriði. Hvorki meira né minna.

En það hefur margt breyst á 60 árum og að svo mörgu leyti. Það er í raun ógjörningur að telja það upp hér. Það er þó enn sem fyrr þetta sama markmið sem drífur AFS áfram og þörfin líklega aldrei meiri en nú. Það sem ég er einna stoltust af í starfi samtakanna hér á Íslandi, fyrir utan að eiga frábæran hóp sjálfboðaliða, dásamlegt starfsfólk og þann kærleika sem einkennir samtökin, þá er það sú staðreynd að við vöndum okkur við að hafa fjölbreytni í sendingu og hýsingu, þ.e. að nemarnir okkar íslensku fari til sem flestra landa og þeir nemar sem við tökum að okkur komi frá sem flestum löndum. Þannig kynnumst við best umheiminum og aukum sannarlega skilning á milli menningarheima.

Í tilefni af þessum 60 viðburðaríku árum AFS á Íslandi stöndum við fyrir hátíðahöldum í Perlunni þann 2. desember nk. og hvet ég alla þá sem tengst hafa samtökunum einhverjum böndum að skrá sig til leiks í gegnum Facebook-síðu AFS á Íslandi. Ég hlakka óskaplega mikið til að sjá sem flesta AFS-ara samankomna til að fagna þessum stóra áfanga!

**Rafræn Nafnleysa**

**Skráðu þig á póstlista AFS og fáðu fréttabréfið okkar, Nafnleysu, sent í tölvupósti! Skráning á info-isl@afs.is eða www.nafnleysa.org**

**AFS á Íslandi** býður upp á skiptinám í yfir 40 löndum




# Afmælishátíð í Perlunni

Í tilefni af 60 ára afmæli AFS verður blásið til veislu í Perlunni laugardaginn 2. desember kl. 20.00. Nú er kjörið tækifæri til að mæla sér mót við árganginn sinn eða hitta gamla vini úr starfsemi AFS og rifja upp góða tíma! Miðaverð er 4.000 kr. á mann og boðið verður upp á léttar veitingar.

Skráning fer fram á Facebook-síðu AFS á Íslandi og þarf hún að berast fyrir 20. nóvember.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: AFS á Íslandi | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is



Stjórn Hollvina AFS á Íslandi: Þorvarður Gunnarsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Erlendur Magnússon.

# Aðstoða við að láta drauminn um skiptinám rætast

Hollvinir AFS á Íslandi er styrktarsjóður sem stofnaður var árið 2013 með það að markmiði að styrkja nemendur til þátttöku í nemendaskiptum AFS. „Styrkveitingar Hollvina skipta suma einstaklinga sem koma frá efnalitlum heimilum afar miklu, en einnig eru veittir styrkir til nemenda sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í námi, listum eða íþróttum. Þannig aðstoða Hollvinir efnileg ungmenni í því að láta drauminn sinn um skiptinám rætast,“ segir Erlendur Magnússon formaður Hollvina.

Umsækjendur um skiptinemadvöl hjá AFS geta sótt um styrk hjá Hollvinum. Á fyrstu fjórum starfsárum Hollvina hefur sjóðurinn veitt 42 skiptinemum námsstyrki vegna lengra og skemmra skiptináms, en heildarstyrkveitingar á tímabilinu nema rúmlega 9 milljónum króna. Sjóðurinn er m.a. fjármagnaður með árlegum framlögum hollvina, ávöxtun höfuðstóls og gjöfum frá gömlum AFS-urum. Hollvinir hittast árlega á aðalfundi sjóðsins og hefur þar myndast skemmtilegur vettvangur eldri AFS-ara til að eiga samskipti í góðra vina hópi og treysta tengslanetið. Aðild að Hollvinum er því gullið tækifæri fyrir fyrrverandi skiptinema til að halda tengslum við AFS og fylgjast með því sem þar er að gerast hverju sinni, samhliða því að leggja starfseminni lið með hóflegu fjárframlagi. Áhugasamir geta sent inn beiðni um inntöku til skrifstofu AFS á Íslandi á netfangið info-isl@afs.org.






„AFS leggur mikla áherslu á menningarlæsi og hvernig hægt sé að byggja upp friðsöm samfélög þar sem fólk hefur jöfn tækifæri í lífinu,“ segir Alma Dóra.

# Sjálfboðaliðar AFS vinna að réttlátari og friðsælli heimi

Skiptinám er ómetanleg lífsreynsla sem maður býr að alla ævi. Ég lærði nýtt tungumál, kynntist nýrri menningu og fékk tækifæri til að kynnast sjálfri mér betur um leið og ég lærði margt um menningarlæsi,“ segir Alma Dóra Ríkarðsdóttir en þegar hún var 17 ára fór hún sem skiptinemi á vegum AFS til Ítalíu og hefur verið sjálfboðaliði hjá AFS síðan.

„Ég bjó í ítölsku fjallaþorpi í tæpt ár og varð hluti af ítalskri fjölskyldu. Ég gekk í ítalskan menntaskóla og komst mjög vel inn í samfélagið sem ég lifði og hrærðist í. Ég lifði í raun sama lífi og dæmigerður ítalskur menntaskólanemi. Þessa reynslu er ekki hægt að öðlast nema vera partur af samfélaginu. Það stækkar þægindahringinn verulega að vera skiptinemi og gefur manni kost á að læra eitthvað nýtt. AFS hefur þá sérstöðu að skiptinemarnir búa inni á heimilum og fá fræðslu frá reyndum sjálfboðaliðum en þannig aðlagast þeir nýju landi miklu fyrr og betur en ella,“ segir Alma brosandi.

Hún mælir hundrað prósent með skiptinámi á vegum AFS. „Það er risastór áskorun, oft erfið, og maður kemur sterkari til baka og búinn að stækka heiminn hundraðfalt með því að stíga aðeins út fyrir þægindarammann. Maður öðlast líka dýrmætt tengslanet, sem er ómetanlegt.“

Í sumar sat Alma svokallað VSS-þing en það stendur fyrir Volunteer Summer Summit og er sjálfboðaliðasumarmót á vegum AFS. „AFS leggur mikla áherslu á menningarlæsi og hvernig hægt sé að byggja upp friðsöm samfélög þar sem fólk hefur jöfn tækifæri í lífinu. Í sumar komu saman 100 sjálfboðaliðar á vegum AFS þar sem þessi málefni voru rædd frá ýmsum sjónarhornum í heila viku. Þingið var haldið á Íslandi að þessu sinni. Að loknu þingi fóru sjálfboðaliðarnir heim með ákveðnar hugmyndir um hvernig hægt er að styðja við jöfn tækifæri í sínu eigin samfélagi.“

Sjálfboðaliðar AFS vinna því ekki einungis að skipulagi skiptináms heldur margs konar fræðslutækifærum tengdum menningu og málefnum sem stuðla að því að skapa réttlátari og friðsælli heim. Það geta allir orðið sjálfboðaliðar hjá AFS og Alma mælir hiklaust með því að allir sem hafa áhuga hafi samband við AFS og taki þátt í starfinu.

## Frá Asíu til Evrópu

PEACE Project er nýtt samstarfsverkefni á milli Evrópu- og Asíulanda AFS en skammstöfunin stendur fyrir Peace in Europe and Asia through Global Citizenship Education. Markmiðið er að búa til sjálfbært þriggja mánaða prógramm milli Asíu og Evrópu. Fyrstu PEACE-nemarnir fara frá Asíu til Evrópu í lok janúar 2018 og mun dvöl þeirra enda á námskeiði í Brussel í Belgíu. Fyrstu nemarnir frá Evrópu fara svo haustið 2018 til Asíulanda og enda sína dvöl á námskeiði í Kúala Lúmpúr í Malasíu. Áætlað er að á fyrsta árinu muni Ísland hýsa einn nema og senda einn.



Jóhanna Gréta, lengst til hægri, ásamt vinkonum.

## Hverjir eru kostir ECTP?

**Jóhanna Gréta Hafsteinsdóttir fór til Ítalíu 2014**

Ég fór í skiptinám innan Evrópu í eina skólaönn í gegnum AFS-prógramm sem kallast ECTP. Það er mikið á því að græða þótt það sé bara þrír mánuðir. Fyrir mér var þetta svo sannarlega betra en ekki neitt. Á svo stuttum tíma nær maður kannski ekki tungumálinu fullkomlega en reynslan sem ég fékk út úr því að standa á eigin fótum og kynnast nýju fólki er dýrmæt. Ég bjó heima hjá ítalskri fjölskyldu og sótti skóla með jafnöldrum mínum. Í enda dvalarinnar er farið á stórt sameiginlegt námskeið um Active Citizenship sem haldið er í Brussel. Maður fær því að heimsækja tvö lönd. Á námskeiðinu hittast allir ECTP-nemarnir víðs vegar að úr heiminum og læra hvernig má verða virkari í samfélaginu og leggja sitt af mörkum. Við fengum að ferðast um Brussel og skoðuðum Evrópuþingið, stóra fundarsalinn og safn um Evrópusambandið. Þetta er hreinlega besta ákvörðun sem ég hef tekið og ég mæli hiklaust með þessu.“



Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri AFS, Abena Amoah, skiptinemi á Sauðárkróki 1989, Halldóra Guðmundsdóttir, formaður AFS og týnda systirin, Nana Yaa Appiah sem var skiptinemi í Kópavogi 1989.

# Leitin að týndu systurinni

## Halldóra Guðmundsdóttir, formaður AFS á Íslandi, fann týnda skiptisystur úr Kópavoginum á heimsþingi í Gana

Heimsþing AFS var haldið í Gana í október síðastliðnum og ég sem formaður AFS á Íslandi fór þangað. Nokkrum dögum áður en ég fór út hitti ég kunningjakonu mína, Kristínu Pétursdóttur, sem hefur unnið með AFS í mörg ár og hún sagði við mig, í gríni náttúrlega: „Heyrðu, fyrst þú ert að fara til Gana værirðu þá ekki til í að finna systur mína sem var skiptinemi heima hjá mér í Kópavoginum 1989? Við misstum því miður alveg sambandið við hana en það væri frábært ef þú gætir fundið hana fyrir mig.“ Og ég sagðist náttúrlega alveg til í það enda búa ekki nema 2,7 milljónir manna í höfuðborg Gana, Akkra og ekkert mál að finna eina konu með ekkert nema nafnið hennar. En mér tókst á einum sólarhring ekki bara að finna systur hennar heldur hitta hana líka og geri aðrir betur. Við erum þarna allra þjóða kvikindi á þinginu og fyrsta kvöldið er veisla til að bjóða alla velkomna. Þar er ég kynnt fyrir konu frá Gana, Abenu Amoah, sem vinnur hjá AFS og hafði einmitt verið skiptinemi á Íslandi, nánar tiltekið á Sauðárkróki, árið 1989. Ég kveikti strax á ártalinu og spyr hana í djóki hvort hún muni nokkuð eftir konu sem hét Nana Yaa Appiah og hafði verið á Íslandi á sama tíma og hún. Abena mundi eftir nafninu en hafði ekki hitt hana í mörg ár og ekkert af henni heyrt. En hún prófaði að gúgla Nönu og viti menn, hún var búsett í Akkra og okkur tókst meira að segja að finna símanúmerið hennar. Við hringdum í hana strax, standandi í sparikjólunum í miðri veislu og hún svaraði! Og við mæltum okkur mót. Ég hafði strax samband við Kristínu og sagði henni að ég væri búin að finna systur hennar og svo hitti ég hana daginn eftir og það voru miklir fagnaðarfundir. Við tókum mynd til að senda Kristínu og þetta var mjög skemmtileg stund og alveg ótrúlegt að ég skyldi finna týndu systurina. Þetta sýnir hvað heimurinn getur verið lítill.“

# Reynsla sem nýtist ævina

## Fjögur af fimm börnum Baldvins Valdemarssonar hafa farið út í skiptinám á vegum AFS. Hann segir þau öll hafa komið til baka fullorðnari, lífsreyndari og víðsýnni.

Um aldarfjórðungur er síðan Baldvin Valdemarsson, bæjarfulltrúi á Akureyri og verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, sendi fyrsta barnið sitt út í skiptinám á vegum AFS. Baldvin á fimm börn og hafa þau öll, utan eldri stráksins, sótt sambærilegt skiptinám undanfarin 25 ár. „Fyrsta barnið mitt og það elsta, dóttirin Katrín Björk, fór til Kanada og líklegast hefur fyrrverandi kona mín selt okkur þá hugmynd á sínum tíma. Hún var skiptinemi á sínum yngri árum og það hefur vafalaust haft mikil áhrif á þennan áhuga hennar.“

Í kjölfarið fylgdu hin börnin á næstu árum. „Næstur var Valdimar en hann fór til New York fylkis í Bandaríkjunum. Þá fór Elva Karitas en hún dvaldi í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Það síðasta var svo Sara Júlía sem dvaldi í Katalóníu á Spáni fyrir tveimur árum. Eldri strákurinn minn komst ekki út þar sem hann var orðinn of gamall en í staðinn tók hann eina önn í háskóla í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum.“

Dvölin ytra gekk mjög vel hjá öllum börnunum segir Baldvin. „Það er ekki hægt að segja annað. Þau mynduðu tengsl við fólk sem



Rebecca frá Ítalíu, fremst á mynd, dvaldi hjá fjölskyldunni í tæpt ár.

enn eru til staðar og munu kannski endast alla ævi. Það er óhætt að segja að þau hafi komið öll miklu fullorðnari til baka, lífsreyndari og víðsýnni.“

Baldvin hefur einnig hýst erlend ungmenni undanfarin ár sem var líka mjög lærdómsríkt. „Við vorum með eina ítalska stelpu í tæplega eitt ár og vorum mjög heppin. Það gekk mjög vel og við höfum hitt hana eftir að hún fór heim. Síðan hef ég hýst tvo krakka til bráðabirgða. Fyrst stelpu frá Austurríki sem dvaldi hjá okkur í þrjá mánuði og seinna ítalskan strák sem dvaldi hjá okkur um tíma þegar fósturfjölskyldan hans fór í frí til útlanda. Þetta gekk allt mjög vel og maður lærir alltaf eitthvað nýtt með hverju ungmenni.“

Hann mælir svo sannarlega með því að bæði ungmenni og foreldrar skoði þennan möguleika. „Þetta er ekki síður lærdómur fyrir fósturfjölskylduna. Þessi tími er ekki alltaf auðveldur en hann er mjög gefandi. Eins og ég segi oft þarf fósturfjölskyldan að uppfylla þrjú skilyrði. Þau þurfa að opna heimili sitt upp á gátt og gera krakkana að eigin fjölskyldumeðlimum. Þau þurfa að opna hjarta sitt og líta á þau sem börnin sín. Og það þýðir um leið að það þarf líka að opna veskið. Þótt nær allt sé borgað fyrir þau verður maður að vera viðbúinn að gera það sama fyrir þau og önnur börn sín.“



Stefán Haukur er lengst til vinstri.

# Hvað lærðir þú á skiptinemadvölinni?

**Stefán Haukur Jóhannesson, AFS skiptinemi í Bandaríkjunum '76-'77 og nýr sendiherra Íslands í London**

Skiptinemadvölin mótaði mig fyrir lífstíð. Þetta er ferðalag út fyrir þægindarammann, á vit óvissu, ævintýra og áskorana. AFS minnkar heiminn, gerir mann ratvísari í heimsþorpinu. Ég held því að skiptinemareynslan hafi eflt mig og stælt, gert mig ódeigari í að sækjast eftir og takast á við oft erfið og flókin verkefni á alþjóðavettvangi og halda ítrekað út í óvissuna.

Þetta var afskaplega gefandi tími en ekki alltaf auðveldur. Sjóndeildarhringurinn víkkar svo um munar og á stuttum tíma eignaðist ég vini frá afar ólíkum menningarheimum. Um leið áttar maður sig betur á því sem sameinar okkur en sundrar. Auk þess gerir þetta mann næmari fyrir fjölbreytni mannlífsins og eykur skilning á mismunandi skoðunum og gildum. Svo má ekki gleyma tungumálinu. Í mínu starfi hefur skipt sköpum að geta tjáð mig af öryggi á enskri tungu. Þetta var því klárlega reynsla sem gaf mér næringarríkt veganesti í bæði leik og starfi.“



# Hvernig er að vera skiptinemamamma?

**Alda Hjartardóttir hýsti 17 ára strák frá Katalóníu á Spáni.**

Þetta var frábær upplifun og lærdómsrík. Ekki einungis kynntumst við annarri menningu heldur einnig eigin landi upp á nýtt og sjálfum okkur um leið. Við vorum einstaklega heppin með einstakling, hann datt inn í okkar fjölskyldu og inn í okkar húmor. Það er lykilatriði að taka skiptinemanum sem einum af fjölskyldunni af heilum hug og eins og þetta sé þitt barn en ekki gestur. Hann var alltaf einn af okkur. Nú er rúmt ár síðan hann fór heim en hann hefur komið tvisvar í heimsókn til okkar og við farið einu sinni til hans. Hann hringir í okkur ef eitthvað merkilegt er að gerast í lífi hans úti og er í miklu sambandi. Ég var alltaf alveg ákveðin í að gera þetta aftur, þetta var svo skemmtilegt. Það runnu reyndar á mig tvær grímur þegar kom að því að kveðja hann. Það var ótrúlega erfitt en auðvitað jafnar maður sig á því. Maður græðir nefnilega eitt barn í viðbót sem er ómetanlegt og ótrúlega falleg upplifun.“



# Hvers vegna að gerast sjálfboðaliði?

**Ægir Jónas Jensson, varaformaður Norðurlandsdeildar AFS**

Ég fór sjálfur sem skiptinemi til Nýja-Sjálands 2015. Þar voru frábærir sjálfboðaliðar sem hjálpuðu mér með margt sem ég þurfti á að halda meðan á dvölinni stóð. Þegar ég kom heim langaði mig að halda áfram sambandinu við AFS og taka þátt í starfinu. Mig langaði til þess að leggja mitt af mörkum svo aðrir gætu öðlast jafn frábæra reynslu af skiptinámi og ég hafði gert. Ég er núna varaformaður í Norðurlandsdeild AFS. Starfið felst meðal annars í að skipuleggja viðburði fyrir nemana og hjálpa þeim með hvað sem er hvort sem það tengist einhverju í skólanum eða öðru.“



SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
RFR.
RFR 300 Power Light
Verð: 7.990kr
RFR Power ljósasett
Verð: 4.990kr
Nagladekk
Verð frá: 6.990kr
Tacx Vortex Smart
Verð: 67.990kr
Tacx Flux Smart
Verð frá: 119.990kr
Vetrarvörur vörur frá Cube, Tacx & Louis Garneau komnar!
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
RolfPRIMA



Flottir kjólar

Verð 7.900 kr.
- stærð 38 - 46
- mörg mynstur og litir

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15


# Vel klæddar súperstjörnur

**Skærustu stjörnur NBA-deildarinnar í körfubolta þéna margar um 2-3 milljarða króna á ári í laun. Fyrir þann pening ætti að vera auðvelt mál að eignast falleg föt í skápinn.**

Eins og fleiri frægar íþróttastjörnur eru margar stjörnur bandarísku NBA-deildarinnar í körfubolta vel klæddar og fylgjast flestar stjörnurnar vel með nýjustu tísku.

Fjölmiðlar, sérstaklega í Bandaríkjunum, fjalla sífellt oftar um það hverju skærustu stjörnur deildarinnar klæðast auk þess sem ljósmyndarar og tískubloggarar fylgja þeim hvert fótmál til að fjalla um og mynda fatnað þeirra.

Það eru ekki mörg ár síðan helsti einkennisklæðnaður leikmanna deildarinnar var hefðbundinn íþróttafatnaður eða gallabuxur og bolur, en það hefur heldur betur breyst undanfarinn áratug. Nokkrar helstu stjörnur deildarinnar eiga eigin fatamerki eða eru í samstarfi við nokkra stærstu tískurisa heims auk þess sem þær eru líka duglegar að sækja ýmsa af stærri tískuviðburðum ársins.



Þótt Dwyane Wade, leikmaður Cleveland Cavaliers, sé eldri en stór hluti leikmanna deildarinnar er hann með þeim svalari og nær alltaf hrikalega flottur til fara. Hann er einn þeirra leikmanna sem hafa hafið samstarf við þekkt tískumerki og verður fróðlegt að sjá hvað fæðist úr því samstarfi næstu árin. Hvítt, svart, grátt og blátt einkennir kappann en skærir litir fá líka stundum að njóta sín. Takið eftir skóreimunum hér.



Russell Westbrook, leikmaður Oklahoma City Thunder, er af mörgum talinn best klædda stjarna deildarinnar. Sterkir skærir litir, stór gleraugu, rifin föt, óvenjulegir hattar, listinn er endalaus. Það er ekki að ástæðulausu sem íþróttatímaritið Sports Illustrated sæmdi hann titlinum „Most Fashionable Athlete“ ársins 2017 .



LeBron James er einn besti körfuboltamaður sögunnar. Fatastíll hans er mjög fjölbreyttur þar sem hann blandar saman ólíkum stílum með mjög góðum árangri. Hvort sem hann klæðist klassískum jakkafötum eða litfögrum íþróttafatnaði þá lítur kóngurinn alltaf vel út. Hér tekur hann þátt í tískusýningu Kith Sport merkisins í haust.



Einn stigahæsti leikmaður deildarinnar undanfarin ár, James Harden sem leikur með Houston Rockets, er yfirleitt sportlega en smekklega klæddur. Hér er hann mættur á tískusýninu Valentino í París í sumar.

MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY





KRINGLUNNI | 588 2300
INDISKA

HEILL HEIMUR
ÁN MYNDLYKILS

Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.



Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is
365

# GAMAN ER AÐ GLEÐJA! NIVEA




Dolce&Gabbana eiga heiðurinn af þessum fögru skóm.

## Poppaðu upp heildarútlitið

Glitrandi skór setja mikinn svip á heildarútlitið og passa við nær allan fatnað, hvort sem um er að ræða kjóla, pils eða buxur. Í raun er sama hvort skórnir eru rauðir, grænir, gylltir að silfraðir, þeir poppa upp klæðnaðinn og gera hann sparilegri. Um leið undirstrika slíkir skór kvenleikann og glamúrinn, sem er aldrei nógu mikill núna þegar tími jólahlaðborða, jólatónleika, aðventuboða og jólaboða er fram undan. Það er líka gaman að klæðast glitrandi skóm sem tekið er eftir á þessum tíma ársins og krydda þannig tilveruna. Glitrandi veski, skart eða aðrir fylgihlutir eiga líka við núna og lífga svo sannarlega upp á látlausan klæðnað.

**Væri ekki upplagt að fá sér glitrandi skó fyrir jólaveislurnar eða jólahlaðborðið? Tískan er sparileg um þessar mundir.**

# Ljósmyndarinn klippti Lupitu án hennar vilja

Leikkonan Lupita Nyong'o, 34 ára, er rasandi út í breska tímaritið Grazia. Lupita prýðir forsíðuna á nóvemberhefti blaðsins þar sem búið er að klippa hár hennar.



Þessi mynd er fengin á Instagram þar sem Lupita fjallar um hárklippinguna

Leikkonan var með tagl á upprunalegu myndinni sem hefur verið fjarlægt á forsíðunni. Hún var ekki spurð hvort þetta væri í lagi. Lupita segir frá myndafölsuninna á Instagram þar sem hún birtir myndina óklippta og er mjög óhress með verknaðinn.

„Ég er mjög vonsvikin með Grazia UK," segir hún. „Þeir báðu mig um að vera á forsíðu blaðsins og svo hafa þeir klippt af mér hárið til að þóknast eigin hugmyndum um fegurð. Ef ég hefði verið spurð hefði ég svarað að ég væri stolt af útliti mínu og bakgrunni. Það er greinilega enn langt í fordómaleysi gagnvart húð og hári svartra kvenna."

Lupita Nyong'o fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í 12 Years A Slave árið 2014 og hefur vakið mikla athygli. Hún á ættir að rekja til Kenía og var alin upp þar til sextán ára aldurs þegar hún flutti til Mexíkó þar sem hún lærði spænsku. Þegar Lupita hlaut Óskarsverðlaunin var hún fyrsti


Lupita Nyong'o er fyrsta konan frá Kenía til að hljóta Óskarsverðlaun.

> Breytingin á Lupitu var ekki gerð af einhverju hatri heldur mun frekar af fáfræði þótt það sé engin afsökun.

leikarinn frá Kenía til að hljóta þessi verðlaun og fyrsta afríska leikkonan. Auk þess var hún fyrsta leikkonan í Mexíkó til að hljóta verðlaunin sem aðalleikkona.

Ljósmyndarinn sem tók myndina á Grazia UK hefur beðið hana innilega afsökunar á útklippingunni og segir hana hafa verið hrikalega mistök. Ritstjóri Grazia harðneitar að hafa beðið um að taglið yrði klippt út. Það hafi alfarið verið ljósmyndarinn, An Le, sem starfar í Bandaríkjunum og tók myndina, sem hafi ráðið för. An Le hefur birt yfirlýsingu þar sem hann biður Lupitu afsökunar og alla þá sem hann hafi sært. Hann segist sjálfur vera innflytjandi og muni í framtíðinni huga betur að því að fegurð sé alls konar. An Le hefur myndað helstu stjörnur í heimi og er vel þekktur sem ljósmyndari í Bandaríkjunum. Hann hefur tekið margar forsíðumyndir fyrir bæði ameríska og enska Vogue. „Breytingin á Lupitu var ekki gerð af einhverju hatri heldur mun frekar af fáfræði þótt það sé engin afsökun. Ég er þakklátur Lupitu fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli," segir hann.

Lupita lét sér ekki nægja að setja athugasemd inn á Instagram. Hún bætti um betur á Twitter þar sem hún notaði myllumerkið #dtmh með vísun í lag Knowles, Don't Touch My Hair.







Löng röð myndaðist fyrir utan verslunina fyrir opnun.

# Fullt hús hjá Lindex

Verslunin Lindex var opnuð nýlega á Akranesi. Mikill fjöldi fólks kom í verslunina fyrsta daginn og er áætlað að um 15% bæjarbúa hafi komið í Lindex þennan dag. Lindex er fyrsta tískuvörukeðjan sem opnar verslun á Skaganum. „Við erum í skýjunum yfir þessum frábæru móttökum sem fóru fram úr okkar björtustu vonum. Við erum gríðarlega þakklát fyrir hvernig til hefur tekist og hlökkum til framhaldsins hér á Vesturlandi," segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

**Lindex hefur verið vel tekið hér á landi. Nýjasta búðin er á Akranesi.**

Við opnun hverrar Lindex verslunar er veittur styrkur að vali starfsfólks sem er ákveðið hlutfall af sölu á opnuninni en að þessu sinni hlýtur Team Rynkeby styrkinn að upphæð 400 þús. kr. og gengur hann óskertur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir líkamlegri eða andlegri getu

SPA R bíll



**TOYOTA COROLLA ÚTSALA**
Nýr 2017 Active Diesel. Álfelgur. Bakkmyndavél. Leiðsögubúnaður ofl lúxus. Á aðeins 2.990.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar til sölu



Honda accord árg 2007 ekinn 166000 km, sjalfskiftur, leður sæti. Ný vetrardekk, skoðaður 2018. Ásett verð 920.000. Mjög gott eintak. Upplýsingar gefur Ómar Simi 8957199.



Honda accord Tourer sport 2003 ekinn 211000, sjalfskitur, leður. Skoðaður 18, nýtt púst og margt annað. Upp Ómar 8957199.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




# 4x4 bílar - góðir í vetur!




**MMC Outlander instyle phev + 4x4.**
Árgerð 2017, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 4.990.000. Ásett verð 5.290.000.** Einn með öllu. Rnr.116038.




**SKODA Kodiaq 4x4 ambition.**
Árgerð 2017, Nýr bíll, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **TILBOÐ 5.890.000.**
**Ásett verð 6.350.000** Rnr.116026.




**SUZUKI Swift 4x4.**
Árgerð 2015, ekinn 96 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **TILBOÐ 1.390.000.**
**Ásett verð 1.550.000** Rnr.212611.




**SKODA Octavia 4x4.**
Árgerð 2015, ekinn 99 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 2.550.000.**
**Ásett verð 3.190.000** Rnr.212677.



**VOLVO S80 awd v8.**
Árgerð 2006, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.490.000.**
1 með öllu Rnr.212701.




**SKODA Superb 4wd.**
Árgerð 2015, ekinn 75 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 3.690.000.**
**Ásett verð 4.290.000** Rnr.115944.



**SUBARU Forester premium.**
Árgerð 2014, ekinn 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.980.000.** Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.212694.




**DACIA Duster.**
Árgerð 2016, ekinn 60 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ 2.190.000.**
**Ásett verð 2.490.000** Rnr.116049.



**KIA Sportage.**
Árgerð 2016, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.790.000.**
Rnr.340813.



**TOYOTA Rav4 x.**
Árgerð 2012, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000.**
Rnr.219217.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS
**BÍLAHÖLLIN**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**




**TOYOTA Land cruiser 150 gx.**
Árgerð 2016, ekinn 60 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **TILBOÐ 7.190.000.**
**Ásett verð 7.890.000** Rnr.212587.




**TOYOTA Land cruiser 120 gx.**
Árgerð 2005, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. **TILBOÐ 2.150.000.**
**Ásett verð 2.490.000** Rnr.212698.



**LAND ROVER Discovery 4 hse.**
Árgerð 2013, ekinn 79 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.790.000.**
Stærri vélin Rnr.212699.

Bílafjármögnun Landsbankans

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar::**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2017, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. nóvember 2017 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2017, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

**Reykjavík, 16. nóvember 2017**

***Tollstjóri***
***Sýslumaðurinn á Vesturlandi***
***Sýslumaðurinn á Vestfjörðum***
***Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra***
***Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra***
***Sýslumaðurinn á Austurlandi***
***Sýslumaðurinn á Suðurlandi***
***Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum***
***Sýslumaðurinn á Suðurnesjum***

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# ÖRLAGASÖGUR FRÁ HAFINU Í SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLD

Illugi Jökulsson

*„Spennandi og fróðleg bók“*




Sögur ÚTGÁFA




**Söluaðilar:**
Ellingsen • Útilíf • Sportver • K Sport • Verslunin Nína • Sportbær • Axel Ó • DanSport
**Heildsöludreifing**: DanSport ehf • Sundaborg 1 • Sími 5530700




JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi
www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600









Hannes Þór Halldórsson og félagar í íslenska landsliðinu fagna sigri á Kósóvó og sæti á HM 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslenska vörnin hefur aldrei verið betri

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur aldrei verið með betri markatölu og aldrei fengið á sig færri mörk í leik en á árinu 2017 en sofandaháttur í Katar á þriðjudaginn kom í veg fyrir að liðið tæki tvö önnur met til viðbótar.**

**FÓTBOLTI** Leikirnir við Tékka og Katar við Persaflóann á síðustu dögum skiptu kannski litlu máli í stóra samhenginu. Landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson talaði sjálfur meira um að þetta væri mórölsk uppskeruferð fyrir hetjur liðsins heldur en að þarna ætti að leggja leikfræðilegan grunn að enn frekari afrekum liðsins.

Strákarnir okkar hafa þrátt fyrir þennan rólega endi á landsliðsárinu skilað íslenska liðinu upp í nýjar hæðir með magnaðri frammistöðu og eins og síðustu ár héldu metin áfram að falla á þessu landsliðsári.

Knattspyrnuárið 2017 var fyrir löngu orðið sögulegt fyrir íslenska karlalandsliðið í fótbolta enda strákarnir okkar komnir inn á HM í fyrsta sinn.

### Átta mörk í plús

Frábær árangur liðsins var líka einstakur því íslenska liðið fékk aðeins á sig 0,58 mörk að meðaltali í leik og skoraði átta mörkum meira en mótherjarnir. Það hefur aldrei gerst áður á landsliðsári þar sem Ísland hefur spilað fleiri en einn landsleik.

Síðustu tveir leikir landsliðsins voru þessir vináttuleikir við Tékklandi og Katar í Katar en liðið vann hvorugan þeirra, tapaði 2-1 fyrir Tékkum og gerði 1-1 jafntefli við heimamenn í Katar. Endirinn var ekki alveg í samræmi við leikina á undan þegar ekkert mátti klikka og strákarnir kláruðu verkefnið með stæl.

Met íslenska landsliðsins hafa fallið hvert á fætur öðru á síðustu árum enda árangur fótboltalandsliðsins verið einstakur og í raun heimsfrétt. Árið 2016 var til dæmis sett nýtt leikjamet (17 leikir), markamet (30 mörk) og met í sigurleikjum (8 sigrar).

### Skoruðu aðeins minna

Íslenska liðið skoraði aðeins minna í ár en varðist aftur á móti mun betur. Þetta er til dæmis aðeins sjöunda landsliðsárið þar sem Ísland fær á sig minna en mark að meðaltali í leik. Íslenska vörnin gerði mun betur en það, því liðið fékk aðeins á sig 7 mörk í 12 leikjum eða 0,58 mörk að meðaltali. Liðið er að fá næstum því marki minna á sig í leik heldur en árið á undan.

> Íslenska liðið fékk nítján færri mörk á sig í ár (7) en í fyrra (26) en spilaði vissulega fimm leikjum færra nú.

> Íslenska liðið lék mest í 371 mínútu á árinu 2017 án þess að fá á sig mark.

Ef það er hægt að finna að einhverju á árinu 2016 var það að íslenska liðið fékk á sig 26 mörk eða 1,5 mörk að meðaltali í leik. Heimir Hallgrímsson og strákarnir lokuðu hins vegar vörninni á árinu 2017 ekki síst í keppnisleikjunum þar sem liðið fékk aðeins á sig eitt mark í síðustu fimm leikjum sínum í undankeppninni.

### Eitt og hálft stig á hvert mark

Varnarleikurinn sá til þess að hvert skorað mark í keppnisleikjum ársins var virði 1,5 stiga því tíu mörk í undankeppni HM skiluðu íslenska liðinu alls fimmtán stigum á árinu 2017.

Skömmu fyrir leikslok á móti Katar á þriðjudaginn stefndi í að íslenska liðið væri að fara halda hreinu í sjöunda sinn á árinu og tryggja sér áttunda sigurleik ársins.

Katarmenn jöfnuðu hins vegar í uppbótartíma og metið yfir hæsta hlutfall sigurleikja frá árinu 1999 (60 prósent) lifir því áfram. Metið frá því í fyrra yfir flesta sigurleiki (8) stendur líka áfram eitt og sér þökk sé þessu óþarfa jöfnunarmarki Katarbúa.

Íslenska liðið vann alls sjö leiki á árinu 2017 eða 58 prósent af tólf landsleikjum ársins.

Það verður þó að taka það fram að árangur ársins 1948 verður reyndar aldrei bættur heldur aðeins jafnaður. Íslenska landsliðið vann þá 2-0 sigur á Finnum í eina landsleik ársins og skoraði Ríkharður Jónsson bæði mörkin.

## Ný met

**Fæst mörk fengin á sig**
**0,58**
**7 mörk á sig í 12 leikjum**

**Gamla metið:**
**0,60 - Árið 1970 (3 mörk á sig í 5 leikjum)**

**Besta markatala**
**+8**
**15 mörk skoruð - 7 mörk á sig**

**Gamla metið:**
**+7 1999 (15-8)**
**+7 1985 (13-6)**

## Næstum því ný met

**Hæsta hlutfall sigurleikja á landsliðsári**
**58 prósent**
**7 sigrar í 12 leikjum**

**Metið sem lifir:**
**60 prósent 1999 (6 af 10)**

**Flestir sigurleikir á ári**
**7**

**Metið sem lifir:**
**8 – Árið 2016**

Eina tapið í mótsleik í ár var hins vegar tap fyrir Finnum í september. Íslenska liðið hefur alltaf getað skorað mörk og sannaði það enn einu sinni á árinu 2017. Liðið skoraði í 9 af 12 leikjum sínum og gerði meira en mark í leik sjötta landsliðsárið í röð.

Íslenska landsliðið hélt því áfram að skora um leið og vörninni var lokað. Það er því engin tilviljun að íslenska fótboltalandsliðið er á leiðinni á HM í fyrsta sinn.

ooj@frettabladid.is

# AÐEINS 4 ÍBÚÐIR Í BOÐI!

# 995 þúsund kr. út og þú átt þína eigin íbúð!

## TIL SÖLU stúdíóíbúðir 25 - 47 fm verð 15.9 til 22.9

## auðveld kaup aðeins 5% útborgun
















# Opið hús í dag kl. 17.30

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
16. NÓVEMBER 2017 FIMMTUDAGUR



✝

Okkar kæri
**Guðfreður Hjörvar Jóhannesson**
Möðrufelli 1, Reykjavík,
lést 10. nóvember sl.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Vinir hins látna.**



✝

Okkar ástkæra
**Jóhanna Sigurðardóttir**
frá Leiti, Dýrafirði,
lést 5. nóvember á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Svanhildur Árnadóttir** **Hilmar Jóhannsson**
**Hilmar Daði Hilmarsson**
**Andri Freyr Hilmarsson**
**Jóhann Rafn Hilmarsson** **Sandra María Filippusdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Reynir Sigurðsson**
áður til heimilis að Skildinganesi 30,
lést á Landspítalanum við Hringbraut 13. nóvember.

**Svala Thorarensen**
**Ragnheiður H. Reynisdóttir** **Níels Eyjólfsson**
**Sigurður Reynisson** **Signý Guðbjartsdóttir**
**börn, barnabörn og langafabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
**Gyða Bergs**
andaðist laugardaginn 11. nóvember á hjúkrunarheimilinu Eir.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 11.00.

**Jón H. Bergs**
**Magnús Helgi Bergs** **Klara Zelei**
**Jón Gunnar Bergs** **María Soffía Gottfreðsdóttir**
**Björn B. Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
**Elísar R. Helgasonar**
Vesturbergi 21.

**Inga G. Guðmannsdóttir**
**Guðmann Elísson** **Anne Katrine Hame**
**Valborg Huld Elísdóttir** **Björn Geir Ingvarsson**
**Úlfhildur Elísdóttir** **Snæbjörn Tr. Guðnason**
**Elsa Kristín Elísdóttir** **Gunnar Viggósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
**Sigrúnar Sigurgeirsdóttur**
Flókagötu 12, Reykjavík.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Mánateig Hrafnistu, Brúnavegi 9, Reykjavík, fyrir góða umönnun.

**Þórdís Ingvarsdóttir** **Sverrir Guðmundsson**
**Sigrún Sverrisdóttir** **Kevin Brennan**
**Jón Óskar Sverrisson** **Erna Sigfúsdóttir**
**Ingvar Þorsteinn Sverrisson** **Ása Ingólfsdóttir**
**Aðalsteinn Sverrisson** **Guðný Guðleif Einarsdóttir**
**langömmubörn.**



**Þessu seglskipi hefur verið komið haganlega fyrir uppi í fjöru til botnhreinsunar en myndin er tekin um það leyti sem hafnargerðinni var að ljúka árið 1917.**

# Gamla höfnin 100 ára

## Í dag á Degi íslenskrar tungu eru einnig önnur merkileg tímamót en það eru hundrað ár frá því að framkvæmdum við Gömlu höfnina í Reykjavík lauk árið 1917.

Í dag eru hundrað ár síðan framkvæmdum við Gömlu höfnina í Reykjavík lauk. Hafnargerðin hófst þann 8. mars 1913 og lauk svo þann 16. nóvember árið 1917. Elsti hluti hafnarinnar er Ingólfsgarður og lauk gerð hans 1915 en Örfiriseyjargarður kláraðist 1917. Járnbraut var lögð frá Öskjuhlíð að höfninni til að flytja efni til hafnargerðarinnar.

Höfnin skiptist í tvennt – Vesturhöfn og Austurhöfn. Nú til dags fer mesta atvinnustarfsemin fram í Vesturhöfninni. Uppskipun úr flutningaskipum var áður í Austurhöfn en fluttist í Sundahöfn árið 1968 enda kom fljótt í ljós eftir síðari heimsstyrjöld að aðstaðan við Austurhöfn væri ófullnægjandi. Austurhöfnin er auðvitað þar sem Harpan stendur meðal annars í dag.

Mikið hefur verið um húllumhæ á árinu í tilefni þessara tímamóta. Í allt sumar var boðið upp á gönguferðir fyrir almenning þar sem gengið var um hafnarsvæðið undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar. Útbúnir voru þættir á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þar sem var fjallað um hafnir Íslands. Í byrjun mánaðar var opnuð ljósmyndasýning fyrir almenning í Ráðhúsi Reykjavíkur en hún mun standa yfir fram í desember.

Í dag verður svo sérstök gönguferð fyrir starfsmenn og hádegisverður.

stefanthor@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16. NÓVEMBER 1624

## Hóladómkirkja fauk í óveðri

Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal fauk af grunni og gjöreyðilagðist í aftaka norðanveðri þennan dag árið 1624. Kirkjan var 230 ára gömul en hún var byggð árið 1394. Hún var síðasta kirkjubyggingin á Hólastað fyrir siðaskiptin árið 1550. Kirkjan var kennd við Pétur Nikulásson biskup, sá var danskur maður og var biskup á árunum 1391 til 1411. Hann lét byggja timburkirkju með framkirkju, kór og stöpli og tveimur stúkum, hvorri á sinni framhliðinni, skrúðhúsi og kapellu. Á henni voru 38 glergluggar og hefur hún verið ákaflega vegleg dómkirkja og með stærstu timburkirkjum í Evrópu á þeim tíma. Hóladómkirkjur hafa alls verið sjö talsins. Eftir að Péturskirkjan fauk var byggð kirkja Halldóru Guðbrandsdóttur árið 1627 og síðar núverandi steinkirkja árið 1763.





✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og afi,
**Kristján Sigurjónsson**
múrarameistari, Reykjavík,
lést mánudaginn 6. nóvember.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. nóvember klukkan 13.00.
Þökkum starfsfólki líknardeildar Kópavogs og Karitas fyrir góða umönnun.

**Sigurjón Heiðar Kristjánsson** **Inga Hanna Gísladóttir**
**Liljar Már Kristjánsson**
**Sóley Jóhannesdóttir**
**systkini, makar og barnabörn hins látna.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Kristín Karlsdóttir**
lést á hjúkrunarheimilinu Eir 6. nóvember sl. Útförin fer fram frá Neskirkju 22. nóvember kl. 13.00.

**Rósalind Alvarsdóttir**
**Karl Alvarsson** **Guðrún Hannele Henttinen**
**Rebekka Alvarsdóttir** **Óskar Sigurðsson**
**Edith Alvarsdóttir**
**Óskar Alvarsson**
**Alvar Alvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

MARGFALT SKEMMTILEGRI




HJARTAVERND

FÖSTUDAG - KL. 19:25

# Landssöfnun Hjartaverndar

Ekki missa af **söfnunarútsendingu Stöðvar 2 og Hjartaverndar** þar sem markmiðið er að útrýma ótímabærum dauðsföllum af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Þátturinn verður fræðsla, grín og tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna um málefni sem snertir okkur öll.

HREYFING · LEXUS · BLUE LAGOON ICELAND · ÞG VERK · Apótekarinn

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Í dag verður vestan strekkingur með kröftugum éljagangi. Á austanverðu landinu rofar til og gæti séð til sólar. Hiti um frostmark.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -4° | -3° |
| ↘12 | ↘12 | →15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -3° | -7° |
| →9 | ↘13 | →15 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -5° | -3° |
| ↖5 | ↑5 | →5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -2° | -3° | -9° |
| ↘7 | ↓9 | ↘3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. drykkur
6. klafi
8. móðurlíf
9. nudda
11. tveir eins
12. yndi
14. prang
16. holskrúfa
17. hár
18. spíra
20. samtök
21. vaða

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
3. belti
4. leiðbeining
5. skelfing
7. sjúkdómur
10. drulla
13. vefnaðarvara
15. útungun
16. skora
19. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** kókó, **6.** ok, **8.** leg, **9.** núa, **11.** nn, **12.** nautn, **14.** brask, **16.** ró, **17.** ull, **18.** ála, **20.** aa, **21.** kafa.
**LÓÐRÉTT: 1.** tonn, **3.** ól, **4.** kennsla, **5.** ógn, **7.** kúabóla, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klak, **16.** rák, **19.** af.

## Skák Gunnar Björnsson

Yinglun Xu (2.518) átti leik gegn Birni Þorfinnssyni (2.395) á alþjóðlega Norðurljósamótinu.

**Hvítur á leik**

**19. Bxh7+!** Polugaevsky lék þessum lék gegn Tal árið 1969 á sovéska meistaramótinu.
**19.…Kxh7 20. Rg5+ Kg6 21. h4! Hc4 22. h5+! Kh6 23. Rxf7+ Kh7 24. Df5+ Kg8 25. e6 Hc7?** (25.…Df6 eins og Tal reyndi en tapaði samt var nauðsynlegt.) **26. h6 Dh4 27. Dg6 1-0.**

**www.skak.is.** Lokastaða Norðurljósamóts.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# WHIRLPOOL STYÐUR ÍSLENSKA TUNGU



Whirlpool var fyrsti framleiðandinn til þess að framleiða þvottavélar og þurrkara með stafrænu kerfisvali þar sem allt viðmót var á íslensku ásamt íslenskum leiðarvísi.

Whirlpool




Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

markhönnun ehf

# nettó



KJÖTSEL

## HAMBORGARHRYGGUR
KJÖTSEL

**999 KR/KG**

-37%

ÁÐUR: ~~1.585 KR/KG~~



## KJÚKLINGALUNDIR
700 GR.

**899 KR/PK**

-40%

ÁÐUR: ~~1.498 KR/PK~~

KJÖTBORÐ

Gott í matinn



-22%

## SS LAMBABÓGUR

**698 KR/KG**

ÁÐUR: ~~895 KR/KG~~



## BEEF WELLINGTON
TILBÚIÐ TIL BÖKUNAR.

**5.999 KR/KG**

-25%

ÁÐUR: ~~7.998 KR/KG~~

ÓDÝRT Í nettó



-20%

## RAUÐSPRETTUFLÖK
M. ROÐI

**878 KR/KG**

ÁÐUR: ~~1.098 KR/KG~~



-20%

## LAXAPATE

**2.878 KR/KG**

ÁÐUR: ~~3.598 KR/KG~~




NÝTT Í nettó

**499 KR/PK**

-100KR

ÁÐUR: ~~599 KR/PK~~

**Tilboðin gilda 16. - 19. nóvember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.






-30%

**PURUSTEIK**
ÚR LÆRI
**1.189 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.698 KR/KG~~

**KALKÚNN 1/1**
4,6-7,2 KG
**998 KR KG**



**LAMBAGÚLLAS**
**1.598 KR KG**

**LAMBAHAKK**
**1.398 KR KG**



**AVOCADO**
HASS 700 GR.
**288 KR STK**
~~ÁÐUR: 575 KR/STK~~

VERÐ SPRENGJA!

-50%

-30%




**LB GULRÓTARTERTA**
STÓR
**1.329 KR STK**
~~ÁÐUR: 1.898 KR/STK~~

*Girnilegt!*

**HÄAGEN-DAZS**
COOKIE DOUGH CHIP/COOKES & CREAM/DULCE DE LECHE/SALTED CARAMEL/STRAWBERRIES & CREAM
**759 KR STK**
~~ÁÐUR: 899 KR/STK~~




-140KR




**MJÓLKURSÚKKULAÐI**
LINDOR. 200 GR.
**579 KR PK**
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~




**HVÍTT SÚKKULAÐI**
LINDOR. 200 GR.
**579 KR PK**
~~ÁÐUR: 698 KR/PK~~




**JÓLADAGATAL**
DESPICABLE ME 3
**298 KR STK**




**JÓLADAGATAL BLEIKT**
DESPICABLE ME 3
**298 KR STK**




**MACKINTOSH**
1,2 KG DÓS
**1.298 KR STK**

# Við sem tölum íslensku eigum aðgang að fjársjóðum

**Málheimar, sitthvað um málstefnu og málnotkun er ný bók eftir Ara Pál Kristinsson þar sem hann leitast við að svara ýmsum forvitnilegum spurningum um stöðu og mikilvægi íslenskunnar í samfélaginu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Ari Páll segir að við megum ekki vera svo upptekin af smáatriðum í forminu að við fælum fólk frá því að reyna fyrir sér með málnotkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dagur íslenskrar tungu vekur ýmsar spurningar um íslenskuna, stöðu hennar og þróun en í bókinni Málheimar, sitthvað um málstefnu og málnotkun, sem kom út nú á haustmánuðum, er einmitt leitað svara við slíkum spurningum og fleiri til. Höfundurinn, Ari Páll Kristinsson, er rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar en hann hefur á orði að í bókinni sé leitast við að skoða viðfangsefnið ekki aðeins út frá íslenskum sjónarhóli.

### Hjartans mál

„Við sem eigum íslensku að móðurmáli, sem eru 90% þeirra sem kallast Íslendingar, höfum náttúrulega mjög sérstakt samband við íslenskuna af því að hún er okkar móðurmál. Síðan eru aðrir íbúar í landinu sem hafa annars konar samband við íslenskuna sem þjóðtungu og aðal samskiptamál landsins. En eins og er með alla hluti þá getur verið gott að víkka sjónarhornið og horfa á önnur málsamfélög og hvernig þau blasa við okkur. Spegla íslenska málsamfélagið og afstöðu okkar til eigin tungumáls í því sem við sjáum gerast í skyldum og óskyldum málsamfélögum.“

Í Málheimum kemur fram að afstaða til móðurmálsins er alls ekki viðlíka hitamál á Íslandi og það er í mörgum öðrum þjóðfélögum. Ari Páll segir að þó svo við séum oft að þrasa um ýmislegt sem varðar form tungunnar, beygingar og hvernig við umgöngumst tökuorð og nýyrði og annað slíkt, þá séu þetta í stóra samhenginu smáatriði í samanburði við hitamálin er varða stöðuna. „Víða er jafnvel tekist á um það hvort tungumál kemst á dagskrá í grunnskólum, sem er mikið hitamál í ýmsum ríkjum þar sem eru fleiri en ein tunga. Svo er annað í þessu sem okkur hættir til að gleyma en það er að málið er tiltölulega samstætt hér um allt land og í flestum þjóðfélagshópum, það er ekki fullkomlega fræðilega verjandi að tala um mállýskur á Íslandi. Það stendur vart undir nafni þó svo það heyrist á mæli okkar hvaðan af landinu við komum. Það eru aðeins smávægileg tilbrigði við t.d. Noreg og öll „slagsmálin“ sem eru enn í norsku samfélagi milli þessara tveggja ritmála sem búin voru til. Átök sem enn sér ekki fyrir endann á.“ Er þá hreinstefna íslenskunnar lúxusvandamál? „Já, ef sjónarhornið er nógu vítt, þá má segja það. En hins vegar þá er þetta okkar hjartans mál sem eigum íslenskuna að móðurmáli og þá verður það að sjálfsögðu hitamál.“

### Aðgangur að fjársjóðum

Víða hefur tungumálum verið beitt í pólitískum tilgangi og dæmi um slíkt er til að mynda að finna hjá þjóðernisflokknum Sönnum Finnum og útilokunarstefnu þeirra gagnvart sænskunni. En skyldi Ari Páll sjá fyrir sér sambærilega beitingu íslenskunnar í pólitískum tilgangi? „Þegar hugmyndafræði á borð við þá sem Sannir Finnar boða þá er öllum meðulum beitt. Tungumál ákveðins hóps er svo augljós samnefnari að það er eins og litur á treyjum hjá íþróttafélagi sem bindur saman vissan hóp. Þá er afar nærtækt að nota eða misnota tungumál til þess að þjóna jafnvel annarlegum markmiðum. En það er eitt af þeim erindum sem ég þykist vera að reka í þessari bók minni að málstýring og málrækt sem horfir til samhengisins í íslensku ritmáli á fullkominn rétt á sér þótt við grípum ekki til slíkra raka til að réttlæta það. Þjóðrembingurinn á ekkert erindi í eðlilega og skynsamlega ræktun og verndun tungunnar.“

Ari Páll leggur áherslu á að með málrækt er átt við það að málnotendur standi saman um það að gera þjóðtungu sína sem best nothæfa til þess að fást við daglegt líf og sem samskiptamál. „En hitt atriðið sem er ekki síður mikilvægt og er jafnvel það mikilvægasta varðandi íslenskuna, sem er að þetta tiltekna tungumál tengir okkur við fortíð sem við eigum auðveldan aðgang að ef ritmálið breytist ekki mjög mikið. Fortíð sem hefur menningarlegt gildi hvort sem það rennur íslenskt DNA í okkar æðum eða eitthvað annað. Þetta eru menningarverðmæti sem eru mikilvæg og við sem tölum íslensku eigum mjög auðveldan aðgang að svo miklum fjársjóðum. En þetta er auðvitað ákveðinn línudans, að misnota ekki þessi hugtök til þess að útiloka ekki aðra hópa.“

### Spurning um ábyrgð

Nú er innflytjendum talsvert að fjölga á Íslandi og þá hlýtur að vakna sú spurning hvernig við eigum að nálgast þetta í þessu samhengi. „Skólakerfið er aðalatriðið í þessu og síðan er mikilvægt að taka líka vel utan um þá sem eru að læra íslensku sem annað mál. Þar sem íslenskan er þjóðtunga þá markar færni í íslensku óhjákvæmilega hvers konar framtíð býðst, hvers konar störfum við getum sinnt. Hversu góð tök viðkomandi hefur á verkfærinu skiptir máli þannig að það er mikilvægt að sinna þessu vel.

Þannig að ef við horfum bara á þá sem eru að flytja hingað fullorðnir þá er mikilvægt að fyrirtæki hafi einhverja málstefnu. Ákveði til að mynda hvert er samskiptamálið á vinnustaðnum og ekki síður að liðka til með þjálfun í íslensku, niðurgreiða námskeið, gera starfsfólki fært að sækja þau á vinnutíma og fleira. Þetta er allt spurning um samfélagslega ábyrgð og að taka afstöðu með íslenskunni. Svo þarf samfélagið auðvitað allt að vera samtaka í því að fólk finni ekki fyrir fordómum og neikvæðni þegar viðkomandi er að prófa sig áfram með að nota íslenskuna. Við megum ekki vera svo upptekin af smáatriðum í forminu að við fælum fólk frá því að reyna fyrir sér með málnotkun.“

### Óþarfa eftirgjöf

Oft er talað um enskuna sem helstu ógn íslenskunnar enda virðist það færast í vöxt að enskan sé notuð sem fyrsti málkostur í ýmsum tilvikum. Nú stendur til að mynda yfir sviðslistahátíðin Everybodys's Spectacular sem er fjarri því að vera einsdæmi um viðburð þar sem enskan virðist vera í öndvegi. „Já, þetta eitt af stóru málunum. Að íslenskan, burtséð frá því hvernig hún er töluð eða skrifuð, njóti þess trausts að við höfum hana í fyrsta sæti. Hún hefur verið í fyrsta sæti í samfélaginu okkar og við getum ekki lokað augunum fyrir því að það er fjöldi fólks sem næst best til á öðrum tungumálum, okkur hættir reyndar til að gleyma að það séu til önnur erlend tungumál en enska, en það þarf að vera eitthvert heilbrigt jafnvægi þarna. Það sem helst gæti ógnað stöðu íslenskunnar sem aðaltungumáls er þessi óþarfa eftirgjöf í stóru og litlu.“

Ari Páll segir að Dagur íslenskrar tungu sé einmitt góð áminning um þetta. „Það er svo auðvelt að gleyma því í amstrinu frá degi til dags hvað íslenskan er sterkur þáttur í sjálfsmynd einstaklinga og hópa. Tungumálið skiptir okkur öll svo miklu máli og þess vegna erum við að fagna degi þjóðtungunnar á þessum tiltekna degi. Það brýnir okkur öll í því að hugleiða gildi hennar fyrir okkur bæði sem samfélag og einstaklinga, auk þess að vera ágætis tilefni til málræktar bæði í skólastarfi og víðar.“

gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR

TALNINGAVOGIR

Mikið úrval
af talningavogum, sem einfalda
talningu á smáhlutum



GOTT VERÐ
CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

# 20% AFSLÁTTUR

JAFNVEL MEIRI!

# AF ÖLLUM LJÓÐABÓKUM

## Í TILEFNI DAGS ÍSLENSKRAR TUNGU




Tómas Guðmundsson - Ljóðasafn




Heilaskurðaðgerðin




Stór olíuskip




Fiskur af himni




Bónus ljóð




Lífdagar

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er 16. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


















„Ég vona að fólk streymi til okkar og nái sér í andlega næringu,“ segir Hanna Rósa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Orðin eru svo hljómfögur

**Á íslensku má alltaf finna svar er dagskrá í tali og tónum sem verður haldin á laugardaginn í Hofi á Akureyri í tilefni 210 ára afmælis Jónasar Hallgrímssonar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Við reynum að hafa hátíðina fjölbreytta. Fengum ungt listafólk og kór til liðs við okkur og svo verður Kristín S. Árnadóttir bókmenntafræðingur með hugleiðingar um Jónas, líf hans og störf,“ segir Hanna Rósa Sveinsdóttir sagnfræðingur um afmælisdagskrá sem haldin verður í Hofi á Akureyri á laugardaginn, 18. nóvember, til heiðurs Jónasi Hallgrímssyni.

Hún kveðst hafa grun um að Kristín bókmenntafræðingur muni ræða eitthvað um nýyrðasmíð Jónasar sem hafi verið stórmerkileg. „Þar kemur skáldið í honum fram, því orðin eru svo hljómfögur,“ bendir hún á.

Hanna Rósa segir mikið af frumsömdu efni á dagskránni. „Ég hlakka til að heyra í rapparanum, Viljari Níu, því ég veit að hann hefur verið að búa eitthvað til sérstaklega fyrir þetta tilefni. Svo er það hann Villi – Vilhjálmur Bragason, sem er annað af Vandræðaskáldunum. Hann ætlar að leika sér með orð, það er í anda Jónasar. Einnig verða lesin ljóð eftir verðlaunahafa í samkeppni í skapandi skrifum og norðlensku tónlistarkonurnar Þórhildur Örvarsdóttir, Helga Kvam og Lára Sóley Jóhannsdóttir syngja og leika nokkur lög við texta Jónasar.

Hanna Rósa starfar í Minjasafninu á Akureyri og situr líka í stjórn Jónasarseturs að Hrauni í Öxnadal, sem stendur fyrir hátíðinni á laugardaginn ásamt Menningarfélagi Akureyrar. „Meginmarkmið Jónasarseturs er að reka Hraun, fæðingarstað Jónasar. Húsið og jörðin voru keypt 2003 og húsið þá tekið í gegn. Nú er búið að merkja nokkrar áhugaverðar gönguleiðir í umhverfi þess. Húsið er leigt út sem fræðimannsíbúð og einnig leigt BHM yfir sumartímann. Það er fjárhagsleg ráðstöfun því þegar hrunið varð hvarf bakhjarl verkefnisins sem var sparisjóðurinn,“ útskýrir Hanna Rósa. „En við höfum líka staðið fyrir viðburðum á hverju ári, Fífilbrekkuhátíð snemma sumars og upplestri, söng og ýmiss konar dagskrá sem er tileinkuð skáldinu.“

Afmæli Jónasar er vissulega í dag, þá verða Jónasarverðlaunin afhent í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. „Við vildum að sjálfsögðu ekki trufla þann viðburð og því færðum við okkar hátíðadagskrá yfir á laugardaginn,“ segir Hanna Rósa. „Við verðum í Hamraborg, aðalsal Hofs. Það kostar ekkert inn og ég vona að fólk hreinlega streymi til okkar og nái sér í andlega næringu.“

## Orð eftir Jónas

**Þessi nýyrði Jónasar eru prentuð á tíu þúsund króna seðilinn og mynda þar Háafjall og Hraundranga.**

**Silfurlitaður, klakabundinn, miðflóttaafl, fjaðurmagnaður, láréttur, hrímhvítur, sálarylur, líkindareikningur, munaðarkliður, sjónauki, sumarvegur, sporbaugur, spegilskyggndur, ljóshraði, tunglmyrkvi, hryggdýr, lindýr, liðdýr, skjaldbaka, skötuselur, haförn, páfagaukur, mörgæs, lífsnautn, lambasteik, baksund, fífilbrekka, bringusund, máttarbaðmur, rafurmagn.**




## Til hamingju með dag íslenskrar tungu!

Í tilefni dagsins er sjónum beint að ritun í skólakerfinu.

Íslenskan er margslungið tungumál og stundum gerum við mistök.
Við látum það ekki slá okkur út af laginu en höldum ótrauð áfram að læra.

Í skólanum fáum við þjálfun í að tjá okkur skilmerkilega og eiga samskipti við aðra í rituðu máli og við getum öll verið sammála um að það sé mikilvægt.

*Að lesa og skrifa list er góð,*
*læri það sem flestir.*
*Þeir eru haldnir heims af þjóð*
*höfðingjarnir mestir.*

www.ms.is

ÍSLENSK MÁLNEFND

ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL

## BÍÓ



Baldvin Z leikstjóri hefur unnið að myndinni nánast síðan áður en hann settist í leikstjórastólinn FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þrjóska, viljastyrkur og yfirnáttúruleg atorka

**KVIKMYNDIR**

**Reynir sterki**
★★★★☆

**Leikstjóri:** Baldvin Z
**Framleiðendur:** Baldvin Z, Arnbjörg Hafliðadóttir, Hörður Runólfsson
**Klipping:** Úlfur Teitur Úlfsson
**Kvikmyndataka:** Bergsteinn Björgúlfsson
**Handrit:** Baldvin Z, Birgir Örn Stefánsson




Styrkleiki er yfirleitt kenndur við öfgakenndan massa og tröllvaxna líkamsbyggingu, en þar sannaði Reynir Örn Leósson sig sem einkennilegt frávik. Reynir sterki var alla tíð utangarðsmaður í leit að viðurkenningu frá samfélaginu sem seint fékkst. Hann átti erfiða æsku og var seinna meir oft séður sem svindlari og fylliraftur.

Aflraunir mannsins voru ótrúlegar, nánast yfirnáttúrulegar, og uppfinningar hans sömuleiðis eftirtektarverðar. Eins og litlu samfélagi fylgir var nóg um kjaftasögur og getgátur, en heimsmetin þrjú sem maðurinn setti standa enn í dag óhreyfð.

Í þessari heimildarmynd Baldvins Z kynnumst við kraftakarlinum, nokkrum úr fjölskyldu hans, göllum hans (sem voru heldur betur margir og því miður hversdagslegri heldur en mætti ætla) og afrekum sem margir klóra sér enn í dag í hausnum yfir. Myndin hefur í áraraðir verið draumaverkefni leikstjórans og segir Baldvin sjálfur í upphafi myndar að hann hafi ekki hætt að hugsa um Reyni síðan í æsku, að hér hafi verið uppi eins konar íslenskt ofurmenni. Bætir hann við að ein af ástæðunum fyrir því að hann vildi gerast kvikmyndagerðarmaður hafi verið að hann vildi fræða fleira fólk um raunir Reynis.

Þótt viðfangsefnið sjálft sé umhugsunarlaust merkilegt er það aldrei sjálfsagður hlutur að heimildarmynd verði það einnig af sjálfu sér. Það eru margar leiðir til þess að segja sögur af afrekum Reynis en gullnáman sem Baldvin hefur sótt í kemur í formi myndefnis sem margt hefur ekki verið sýnt áður. Þetta reynist vera helsti burðarásinn sem skrásetur söguna á glæsilegan hátt, en uppbygging, klipping, áhugaverðir viðmælendur og taumhald leikstjórans skilar ekki bara afburða vel unnu verki, heldur skín eldmóðurinn í gegn og gefur útkomunni eitthvað smávegis auka.

Baldvin daðrar að sjálfsögðu við umræður um hið yfirnáttúrulega, en annað er varla hægt. Reynir var sagður blanda saman líkamsstyrk og aðferðafræði sjónhverfingamannsins. Að sögn Reynis velti hann sér ekkert upp úr þyngdartölum eða hindrunum í raun. Ef hann setti sér fjarstæðukennt markmið var því oft náð með viljastyrknum, og mögulega aukastuðningi frá einhverju að handan.

Áhorfandinn metur það vissulega sjálfur hvort hann kaupir allar frásagnirnar, enda hljóma sumar þeirra eins og eitthvað úr lélegum reyfara. En sönnunin fyrir því fjarstæðukennda sem hann framkvæmdi opnar í rauninni allar umræður á lygilega skondinn máta. Fjölskylda Reynis og aðrir utanaðkomandi segja athyglisverðar sögur og fylgir viðmælendum oftar en ekki mikil útgeislun sem er allt annað en sjálfsögð, sama hvaða efni tiltekin heimildarmynd tekur fyrir.

Fagmaðurinn Bergsteinn Björgúlfsson skreytir myndina með flottri kvikmyndatöku á milli eldra myndefnis og lætur fínustu tónlist frá Eberg koma sér prýðilega fyrir til að betrumbæta bratt en afslappað flæði. Inn á milli piprar Baldvin myndina með stíliseruðum myndlistarbútum sem, ef eitthvað er, hefði mátt vera meira af. Myndefnið er almennt spennandi og með ýmsum leiðum (hljóðupptökum, heimamyndböndum og öðru) öðlast áhorfandinn nánast beina tengingu við Reyni. Eitthvað er um dekkri skugga í frásögninni sem hlaupið er yfir, en Baldvin er nógu skarpur til þess að liggja ekki á hinu óþarfa og það litla sem gefið er í skyn segir meira en þúsund orð þegar upp er staðið.

Nálgun Baldvins er ekki eins og eintóm froða með linnulausum lofsöng eða upptalning á hápunktum. Í staðinn pakkar hann þessu saman í snyrtilega, fræðandi og þrælskemmtilega samantekt um mann sem reyndist vera lifandi dæmi um að allt sé svo sannarlega hægt ef viljinn er fyrir hendi. Slíkt hið sama má segja um hvernig leikstjóranum tókst að þrjóskast áfram til að koma þessu í verk og hafa uppi á myndefninu, sem hefur varla verið áreynslulaust.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg, umræðuverð og vönduð yfirferð yfir aflraunir, persónuleika og galla stórmerkilegs manns. Vel þess virði að kíkja á.













GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM ÖRUGGU HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



„Fyrir fjórum árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði."

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
☎ 611 7799
www.hardkornadekk.is

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

GREEN DIAMOND

# ÖRUGGUSTU VETRARDEKKIN Í HÁLKU samkvæmt prófunum*

UMHVERFISVÆN OG ENDURUNNIN FRAMLEIÐSLA

RADAR.IS

Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Green Diamond Harðkornadekkin mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna í hálku við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgar-svæðinu. Green Diamond Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

**Í Green Diamond heilsársdekkjum eru iðnaðardemantar:**

www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– endast allan líftíma dekksins

[ Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna" dekkjum á Íslandi. ]

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK







| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MURDER ON THE ORIENT EXPRESS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 8 - 10:50 | VIP |
| THOR:RAGNAROK 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| THE SNOWMAN | KL. 10:10 | 16 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

| EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:15 - 8 - 10:20 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 5:15 - 7:45 | 12 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 8 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 | 12 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

| KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 4:45 - 7:30 - 10:15 | 12 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 6 - 9 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 10:30 | 16 |
| MURDER ON THE ORIENT EXPRESS | KL. 8 | 12 |
| THOR:RAGNAROK 3D | KL. 7:30 - 10:15 | 12 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Edda Borg í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld mun Tríó Eddu Borg halda uppi stemningunni frá kl. 21-23. Tríó Eddu Borg er skipað þeim Bjarna Sveinbjörnssyni sem leikur á kontrabassa og Bjarna Má Ingólfssyni gítarleikara auk Eddu Borg sem syngur. Að þessu sinni ætlar Sigfús Örn Óttarsson, Fúsi trommari, að slást í hópinn þannig að hægt er að segja að Edda Borg syngi með tríóinu að þessu sinni. Á dagskránni verða þekktir djassstandardar og dægurlög frá ýmsum tímabilum.



Ylja spilar ásamt Elínu Ey í Bryggjunni brugghúsi í kvöld og það kostar akkúrat ekkert inn.

**Hvað?** Jóhanna Guðrún á Hard Rock á fimmtudögum í vetur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Jóhönnu Guðrúnu þarf varla að kynna fyrir landi og þjóð. Hún mun koma fram í Hard Rock kjallaranum á fimmtudögum í vetur. Frábært tækifæri til að sjá þessa mögnuðu söngkonu á tónleikum.

**Hvað?** Ylja og Elín Ey – live á Bryggjunni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Tónleikar með tónlistarkonunni Elínu Ey og dúettinum Ylju, aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Myndir á sýningu
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Til stóð að einleikarinn Sergej Krylov léki Offertorium á tónleikunum en vegna veikinda kemur verðlaunapíanistinn Yulianna Avdeeva í hans stað og flytur píanókonsert nr. 1 eftir Tsjajkovskij.

**Hvað?** SkuggaJazz á Port9
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Port 9, Veghúsastíg

### Viðburðir

**Hvað?** Café Lingua – Raddir íslenskunnar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Af hverju er íslenskan mikilvæg fyrir þig? og af hverju ert þú mikilvæg/-ur fyrir íslenskuna? Sérstakur gestur á Café Lingua verður Ana Stanicevic sem mun veita okkur innlit í hugleiðingar sínar um þessar spurningar. Ana er norðurlandafræðingur og í doktorsnámi í menningarfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur einnig fengist við þýðingar úr íslensku yfir á serbnesku.

**Hvað?** Ráðstefna – Persónusaga – Þjóðarsaga
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur efnir til ráðstefnu um einstaklingssöfn í opinberri vörslu undir yfirskriftinni Persónusaga – Þjóðarsaga. Á ráðstefnunni verður rædd staða einkasafna sem hluta af íslenskri safnaflóru. Tilgangurinn er meðal annars sá að greina hvaða starfsemi er í kringum slík söfn, hvernig þeim er haldið lifandi og hvort þau styrki eða skekki safneignir einstakra safna og hvaða áhrif tilvist þeirra hefur á listasöguna.

**Hvað?** Hollvinir Hannesarholts – framhaldsstofnfundur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Sjálfseignarstofnunin Hannesarholt var opnuð á fyrrum heimili Hannesar Hafstein á Grundarstíg 10 í Reykjavík í febrúar 2013. Húsið sem er ríflega hundrað ára er opið gestum og gangandi alla daga vikunnar og er hlúð að minningu og arfleifð Hannesar Hafstein og hans kynslóðar sem lagði grunninn að borgarmenningu í Reykjavík. Stofnfundur Hollvina Hannesarholts var haldinn í Hannesarholti að Grundarstíg 10, Reykjavík, miðvikudaginn 25. október kl.17. Hollvinafélagið er öllum opið og verður framhaldsstofnfundur í dag.

**Hvað?** Hátíðardagskrá í Hannesarholti á degi íslenskrar tungu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Á degi íslenskrar tungu verður haldin sérstök heiðursdagskrá í Hannesarholti til heiðurs afmælisbarni dagsins, Jónasi Hallgrímssyni. Páll Valsson bókmenntafræðingur og Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur verða gestgjafar kvöldsins og er aðgangur








BÍÓ ★ PARADÍS — HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 18:00 |
| Varnarliðið | 1800 |
| Sumarbörn | 18:00 |
| Ach Spij Kochanie ENG SUB. | 20:00 |
| The Party | 20:00 |
| Blindrahundur ENG SUB. | 20:00 |
| Final Portrait | 22:00 |
| Thelma | 22:00 |
| Undir Trénu ENG SUB. | 22:00 |





**Rán Flygenring og Hjörleifur Hjartarson fagna útgáfu bókarinnar Fuglar í kvöld.**

ókeypis. Dagskrá kvöldsins beinir augum gesta að minna þekktum kvæðum Jónasar; þar sem óhátíðlegri ljóð, hliðarskáldskapur og jafnvel verri kvæði Jónasar verða kynnt og rædd.

**Hvað?** Ég býð mig fram / 3. sýning
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Ég býð mig fram er listahátíð sem Unnur Elísabet Gunnarsdóttir heldur utan um. Þann 16. nóvember mun Unnur flytja þrettán þriggja mínútna verk eftir þrettán listamenn úr ólíkum áttum. Allir listamennirnir eiga það sameiginlegt að hafa veitt Unni innblástur í gegnum tíðina með listsköpun sinni.

**Hvað?** Bingó / Kalli Bjarni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hvíti riddarinn, Mosfellsbæ
Bingóstjórarnir eru ekki af verri endanum að þessu sinni en það eru þeir Metúsalem Björnsson og Bjarni Haukur sem munu veiða upp lukkutölurnar ykkar. Þeir munu einnig sjá til þess að sem flestir verði í stuði og gefa hressasta borðinu 6 í fötu. Engar áhyggjur samt þótt þú sért á sama borði og Skúli fúli því það verða nokkrar fötur gefnar og þú hefur því næg tækifæri til að færa þig yfir á annað borð. Kalli Bjarni ljær okkur svo ljúfa tóna með englaröddinni sinni eftir að bingóinu lýkur.

**Hvað?** Útgáfufagnaður – Fuglar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslensk grafík, Tryggvagötu
Útgáfa bókarinnar Fuglar eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring. Alls konar misfróðlegt en mjög áhugavert. Stórkostlega skemmtileg, falleg og fræðandi bók um íslenska fugla.

# Kynningarfundur Startup Tourism haldinn í dag

Startup Tourism er viðskiptahraðall fyrir nýjar lausnir og afþreyingu í ferðaþjónustu og er samstarfsverkefni Icelandic Startups, Bláa lónsins, Íslandsbanka, Vodafone, Isavia og Íslenska ferðaklasans.

Á hádegi í dag fer fram sérstakur kynningarfundur á verkefninu í Norræna húsinu en það hefst þann 15. janúar á næsta ári. Opið verður fyrir umsóknir frá og með 11. desember næstkomandi. Á kynningarfundinum mun Andri Heiðar Kristinsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Travelade, fjalla um tækifæri Íslands í alþjóðlegri ferðaþjónustu. Við sama tækifæri verður mentor ársins 2017 verðlaunaður – þar verður valið úr hópi um 100 sérfræðinga, frumkvöðla, stjórnenda, fjárfesta og annarra lykilaðila af sviði ferðaþjónustu sem leggja verkefninu lið með reynslu sinni og tengslaneti.

Tíu fyrirtæki eru valin til þátttöku og fá þau aðgang að fullbúnu skrifstofurými á meðan á verkefninu stendur auk þess sem þeim gefst kostur á að njóta fræðslu og þjálfunar og þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar undir leiðsögn reyndra aðila á sviði ferðaþjónustu.



**Kynningarfundurinn fer fram í Norræna húsinu.**

Meðal þeirra fyrirtækja sem hafa tekið þátt í Startup Tourism eru Buubble, Bergrisi, The Cave People og Myshopover.

Sækja má um á vefsíðu verkefnisins startuptourism.is en eins og áður sagði stendur umsóknarfrestur til 11. desember. **– sþh**







# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur





**JÓLASTJARNAN**
KL. 19:25
Glæsileg og spennandi söngkeppni fyrir unga snillinga og kemur sigurvegarinn fram á stærsta sviði landsins með aragrúa af stjörnum laugardaginn 10. desember á stórtónleikunum Jólagestir Björgvins.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**



**PJ KARSJÓ**
KL. 20:40
Skemmtilegasti bílaþáttur heims í umsjón Péturs Jóhanns sem einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:10
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?



**NCIS**
KL. 22:00
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**THE BLACKLIST**
KL. 22:45
Spennandi sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
**365.is**


### STÖÐ 2

**00.55 The Blacklist**
**01.40 The Mysteries of Laura**
**02.20 Married**
**02.45 Dirty Weeekend**
**04.15 Search Party**
**05.45 The Middle**
**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Kalli kanína og félagar**
**07.45 Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Project Runway**
**11.00 Jamie's Super Food**
**11.50 Hell's Kitchen USA**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Flying Home**
**14.35 The Edge of Seventeen**
**16.30 Friends**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Jólastjarnan 2017** Glæsileg og spennandi söngkeppni fyrir unga snillinga en sigurvegarinn kemur fram á stærsta sviði landsins með aragrúa af stjörnum laugardaginn 10. desember á stórtónleikunum Jólagestir Björgvins. Dómnefndina skipa þau Björgvin Halldórsson, Gunnar Helgason og Katrín Halldóra Sigurðardóttir.
**19.55 Masterchef USA**
**20.40 PJ Karsjó** Nýr og stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns og einkennist af hraða, spennu og húmor en farartæki eru alltaf í forgrunni. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Keppnirnar geta verið í öllu á milli himins og jarðar, en þó allt farartækjatengt. Leikstjórn er í höndum Samúels og Gunnars og eru þættirnir framleiddir af Skoti.
**21.10 The Good Doctor**
**21.55 NCIS**
**22.45 The Blacklist**
**23.30 Real Time with Bill Maher**

### STÖÐ 2 SPORT

**08.45 FH - ÍBV**
**10.15 Seinni bylgjan**
**11.40 Markaþáttur Undankeppni**
**12.10 Ítalía - Svíþjóð**
**13.55 Boston Celtics - Toronto Raptors**
**15.50 Grindavík - KR**
**19.00 KR - Haukar**
**21.10 Premier League World**
**21.40 UFC Unleashed**
**22.25 NFL Gameday**
**22.55 Valur - ÍBV**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05 Atlanta Falcons - Dallas Cowboys**
**09.25 Buffalo Bills - New Orleans Saints**
**11.35 Gary Neville's Soccerbox**
**12.05 Real Madrid - Las Palmas**
**13.45 Barcelona - Sevilla**
**15.30 Spænsku mörkin**
**16.05 Manchester City - Arsenal**
**17.50 Valur - ÍBV**
**19.30 Chelsea - Manchester United**
**21.15 Premier League Review**
**22.10 Katar - Ísland**
**23.50 Írland - Danmörk**

### STÖÐ 3

**01.20 Seinfeld**
**01.45 Friends**
**02.10 Tónlist**
**17.30 Gilmore Girls**
**18.15 The New Girl**
**18.40 Fresh off the Boat**
**19.05 Modern Family**
**19.30 Seinfeld**
**19.55 Friends**
**20.20 Næturvaktin**
**20.50 Gotham**
**21.35 Exodus: Our Journey to Europe**
**22.35 Clipped**
**23.00 Six Feet Under**

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13 Víkingurinn Viggó**
**07.27 Tindur**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Elías**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveins**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Hvellur keppnisbíll**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 K3**
**11.11 Víkingurinn Viggó**
**11.25 Tindur**
**11.36 Mæja býfluga**
**11.48 Elías**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveins**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Hvellur keppnisbíll**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 K3**
**15.11 Víkingurinn Viggó**
**15.25 Tindur**
**15.36 Mæja býfluga**
**15.48 Elías**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveins**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Hvellur keppnisbíll**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**



**Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

### GOLFSTÖÐIN

**07.20 Blue Bay LPGA**
**11.15 Golfing World**
**12.05 Nedbank Golf Challenge**
**18.05 Inside the PGA Tour**
**18.30 The RSM Classic**
**21.30 Golfing World**
**22.20 PGA Highlights**
**23.15 CME Group Tour Championship**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**02.40 Pressure**
**04.10 Meet Joe Black**
**12.20 The Trials of Cate McCall**
**13.55 Before We Go** Rómantísk gamanmynd frá 2014. Kona sem missir af síðustu lestinni frá New York til Boston og er um leið rænd veski sínu fær aðstoð frá bláókunnugum tónlistarmanni sem á 80 dollara til skiptanna. Before We Go gerist öll á einni nóttu í New York.
**15.30 Nancy Drew**
**17.10 The Trials of Cate McCall**
**18.45 Before We Go**
**20.20 Nancy Drew**
**22.00 Straight Outta Compton** Mögnuð mynd frá 2015 byggð á sannsögulegum atburðum og er saga hljómsveitarinnar N.W.A. sem náði gríðarlegum vinsældum á níunda áratug síðustu aldar og var í fararbroddi hipphopptónlistarbyltingarinnar á vesturströnd Bandaríkjanna. N.W.A. (Niggaz Wit Attitudes) var stofnuð árið 1986 af þeim Arabian Prince, DJ Yella, Dr. Dre, Eazy-E og Ice Cube sem allir voru úr Compton-hverfinu í suðurhluta Los Angeles-borgar, en þar hafði þá um langa tíð verið róstusamt og átök algeng á milli íbúanna og yfirvalda.
**00.25 The Patriot**
**03.05 Horns**
**05.05 Straight Outta Compton**

### RÚV

**17.10 Vesturfarar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Stundin okkar**
**18.25 Hrúturinn Hreinn**
**18.32 Flóttaleiðin mín**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós og Menningin**
**20.05 Að rótum rytmans**
**20.50 Í draumi sérhvers manns**
**21.10 Gæfusmiður**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð**
**23.15 Neyðarvaktin**
**23.55 Kastljós og Menningin**
**00.15 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**01.05 How to Get Away with Murder**
**01.50 APB**
**02.35 Imposters**
**03.20 Nurse Jackie**
**03.50 Wisdom of the Crowd**
**04.35 Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**05.20 Better Things**
**05.50 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 The Tonight Show**
**09.45 The Late Late Show**
**10.25 The Voice USA**
**11.55 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Life in Pieces**
**14.40 Survivor**
**15.25 Family Guy**
**15.50 Solsidan**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 The Tonight Show**
**18.50 The Late Late Show**
**19.30 America's Funniest Home Videos**
**20.00 The Biggest Loser - Ísland**
**21.00 No Strings Attached**
**22.50 The Shape of Things**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# EINRÓMA LOF

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi.
Einlæglega miskunnarlaus
en samt svo full af hlýju.
Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið
sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

*Efni syndafallsins er mergjað
og mannlýsingarnar með.
Bók sem heldur lesandanum
við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

*Bók sem ekki er hægt að leggja
frá sér fyrr en hún er búin.
Það sem er svo heillandi
við frásögnina er hvað hún er
hreinskilin og heiðarleg.*
**Marta María Jónasdóttir**

*Með því besta og fallegasta
sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**

★★★★★
*Mikael er einlægur, opinn og kemur
hreint fram í þessari fantagóðu bók!
Hann fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast
og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**Kollster's review**

★★★★½
*Sagan sem Mikael
er að segja okkur
er mikilvæg og hana
ættu allir að lesa.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar,
falleg og nærgöngul þannig að lesandinn
sogast inn í skrautlega en elskulega
fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn.
Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Saga um dauða full af lífskrafti,
ást og mögnuðum mannlýsingum.
Stundum er lífið mesti skáldskapurinn
og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein.
Hún er ógnandi og fögur í senn.*
**Vigdís Grímsdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**




Sögur
ÚTGÁFA

## Heilsan okkar



**Jóhanna E. Torfadóttir**, næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum.

**MJÚKA FITAN ER TALIN HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF Á BLÓÐFITUNA.**

### Hvaða fita er holl?

Almennt er ekki mælt með því að borða mikið af matvælum sem innihalda hátt hlutfall af mettaðri fitu (hörð fita) svo sem feitar kjötvörur, feita osta, rjóma, smjör, smjörlíki og kókosfitu. Embætti landlæknis mælir með að nota frekar mjúka fitu í staðinn fyrir harða fitu. Mjúk fita er í jurtaolíum, feitum fiski, avókadói, hnetum og fræjum en einnig í viðbiti sem er gert úr jurtaolíum, hnetum og möndlum. Ef maður er ekki viss hvaða vöru ætti að velja þá er hægt að athuga hvort hún sé merkt með skráargatsmerkinu en það er opinbert merki sem uppfyllir ákveðin skilyrði, til dæmis að vera með lágt hlutfall af mettaðri fitu.

Ástæða þess að við ættum að takmarka mettaða fitu í mataræði okkar er til að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum. En það er ekki nóg að forðast mettaða fitu, við þurfum að velja vel hvað við borðum í staðinn. Mjúka fitan er talin hafa jákvæð áhrif á blóðfituna og þar fáum við einnig lífsnauðsynlegar fitusýrur.

Við þurfum líka að meta hvernig mataræði okkar er í heild sinni. Gott er að hafa í huga diskamódelið í hverri máltíð þar sem þriðjungur disksins er próteingjafi, þriðjungur er ávextir og/eða grænmeti og þriðjungur heilkornavörur. Fituna fáum við með því að nota jurtaolíu við matreiðsluna og einnig fylgir oftast fita með próteingjafanum. Því er lögð áhersla á fituminni kjöt- og mjólkurvörur (hörð fita) en mikil áhersla á fisk, sjávarfang og vörur úr jurtaríkinu (mjúk fita).

**NIÐURSTAÐA:** Mælt er með því að nota frekar mjúka fitu í staðinn fyrir harða fitu í daglegu fæði.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is**.




MARGIT BRANDT COPENHAGEN
DRANELLA
PULZ JEANS




MOMO
TÍSKUVÖRUVERSLUN
Garðatorgi 1 | www.momo.is | S: 588-2880



Feðgarnir Nökkvi Fjalar og Orri Páll voru glæsilegir sem fyrr – þrátt fyrir fatlann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Slasaði pabba sinn á fótboltamóti

Orri Páll Ormarsson hefur ritað ævisögu Gunnars Birgissonar. Útgáfu bókarinnar var fagnað í vikunni og mætti Orri þar í fatla enda stórslasaður á öxl eftir viðskipti sín og sonarins á fótboltamóti.

Orri Páll Ormarsson, blaðamaður og rithöfundur, mætti í útgáfuhóf vegna nýrrar bókar sinnar, ævisögu Gunnars Birgissonar, í fatla. Orri slasaðist á fjölmiðlamótinu í fótbolta síðastliðinn laugardag þegar hann reyndi að ná boltanum af syni sínum, Nökkva Fjalari, sem er einn af forsprökkum Áttunnar. Ekki vildi betur til en að Orri var aðeins of seinn, flæktist einhvern veginn í löppunum á Nökkva og steinlá. „Mér tókst að slíta liðband í öxlinni en það hefði getað verið verra sögðu sérfræðingarnir. Viðbeinið stóð þarna eitthvað út í loftið. Ég þarf ekki að fara í aðgerð en verð í fatla í einhverjar vikur,“ segir Orri.

**ÞETTA SKRIFAST ALFARIÐ Á MIG. ÉG HLJÓP EINHVERN VEGINN AFTAN Á HANN. ÉG VAR AÐEINS OF SEINN OG FLÆKTIST Í HONUM OG HANN STEINLÁ LÍKA. ÉG GET EKKI BENT Á NOKKURN ANNAN.**

Mikið fjölmenni var í hófinu og var mikið hlegið og mikið brosað enda Orri annálaður gleðigjafi. Hann segir að Nökkvi eigi alveg heimboð áfram í sunnudagslærið. „Þetta skrifast alfarið á mig. Ég hljóp einhvern veginn aftan á hann. Ég var aðeins of seinn og flæktist í honum og hann steinlá líka. Ég get ekki bent á nokkurn annan nema kannski Kristófer, kokkinn hér uppi í Morgunblaði. Hann er alltaf með svo helvíti góðan mat að það er farið að hægjast á manni,“ segir hann. **benediktboas@365.is**

### OFBELDI Á GRÆNLANDI

„Árið 1987 tókum við að okkur að reisa sútunarverksmiðju í Qaqortoq á Grænlandi. Verkinu miðaði vel og ég fór út til að afhenda hluta verksmiðjunnar ásamt Einari heitnum Þorsteinssyni, tæknimanni hjá Blikkási. Að afhendingu lokinni skruppum við á barinn og þar sem þetta var um hávetur og kalt í veðri ætluðum við að taka leigubíl heim á hótel. Við vorum komnir inn í bilinn þegar hóp Grænlendinga dreif að og reif okkur út úr bílnum. Ég reyndi að streitast á móti en mátti ekki við margnum, þeir voru fimm eða sex saman. „Þú ert dauður!“ gall í einum þeirra þegar þeir óku á braut. Ekki var annað í stöðunni fyrir okkur Einar en að ganga heim, upp brekku nokkra í bænum. Þegar upp hana var komið sáum við hvar þrjótarnir biðu eftir okkur. Það þýddi bara eitt; þeir ætluðu að sýna okkur í tvo heimana. Einar var ekki mikið fyrir slagsmál þannig að þetta lenti að mestu leyti á mér og ég fann strax að ég var að berjast fyrir lífi mínu enda árásarmennirnir fullir af dópi og drasli. Höggin gengu á víxl, með höndum og fótum, en eftir nokkra rimmu kom styggð að mönnunum sem létu sig hverfa. Á því augnabliki var adrenalínframleiðslan mikil.

Ég var allur blár og marinn eftir atganginn og með brotnar tennur. Slapp þó við beinbrot. Einar fékk högg á augað og missti við það fókusinn. Það gekk aldrei til baka. Ég fór ekki á spítala fyrr en morguninn eftir og það voru frumstæðar aðstæður; röntgentæki frá sjötta áratugnum og þar fram eftir götunum.

Ég ræddi við lögregluna en fann að það þýddi ekkert að kæra. „Hér gilda bara gömlu lögmálin,“ sagði varðstjórinn.

Forsprökkunum tveimur var nuddað út úr samfélaginu og voru síðar báðir skotnir til bana. Annar á austurströndinni en hinn á Suður-Grænlandi.“

**Úr ævisögu Gunnars Birgissonar**



Sirius

HÁTÍÐAR-
ÚTGÁFA




# Hátíð handa þér

Siríus súkkulaði hefur fylgt íslensku þjóðinni síðan 1933. Við Íslendingar höfum notið Síríus súkkulaðis hversdagslega en ekki síst þegar við viljum gera okkur glaðan dag og njóta þess besta. Með hátíðarútgáfu vinsælla tegunda tekur Síríus þátt í gleðinni með landsmönnum og færir þeim uppáhalds súkkulaðið sitt með hátíðarbrag.

cocoa HORIZONS

NÓI SÍRÍUS




Á myndina vantar Kjartan Óla Eiríksson 1970–2015

Um 200 Íslendingar látast árlega úr ótímabærum hjarta- og æðaáföllum. Um 12 þúsund manns á aldrinum 50–70 ára glíma við afleiðingar slíkra áfalla og lifa við skert lífsgæði vegna þeirra. Með markvissri leit er hægt að finna þessa einstaklinga áður en það er um seinan og koma í veg fyrir áföllin.

Við söfnum fyrir fyrirbyggjandi leit og innleiðingu á öllum heilsugæslum landsins.

Finnum fólk í lífshættu

907 1502 2.000 KR. | 907 1505 5.000 KR. | 907 1508 8.000 KR.

Söfnunarþáttur í opinni dagskrá á Stöð 2, 17. nóvember kl. 19.25

BLUE LAGOON ICELAND · LEXUS EXPERIENCE AMAZING · HREYFING HEILSULIND · ÞG-VERK · Apótekarinn

LÁTTU EKKI SÍMANN PLATA ÞIG

365 er á sama farsímakerfi og Síminn en á mun lægra verði

11GB + SMS

2.590 KR.

Á mánuði

365.is | 1817

365





# Dagur íslenskrar tungu er í dag

Haustið 1995 ákvað þáverandi ríkisstjórn Íslands að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar skálds, yrði dagur íslenskrar tungu. Hann hefur verið haldinn hátíðlegur síðan.

**Skrafað um skrafl**

Formaður Skraflfélagsins, Reynir Hjálmarsson, var kampakátur þegar blaðamaður náði tali af honum, en nýlega lauk Íslandsmóti í skrafli, en alls voru það 17 skraflarar sem öttu kappi í orðfæri.

„Ég var sjálfur að keppa á mótinu og lenti í öðru sæti, en Vilhjálmur Þorsteinsson varð hlutskarpastur og það annað árið í röð. Ég fór í þennan félagsskap fyrir fimm árum og sé ekki eftir því. Við hittumst fyrsta mánudag í mánuði á Lofti hosteli og skröflum. Þessi félagsskapur sameinast í kringum þetta áhugamál en er ekkert tengdur utan þess.“

Reynir er áhugamaður um íslensku og á ekki langt að sækja það en faðir hans, séra Hjálmar Jónsson, en landsþekktur fyrir kveðskap sinn, þeir feðgar eru miklir orðsins menn. En hvað skyldi þurfa til að vera góður í skrafli? „Það er mikilvægt að vera með góðan og ríkan orðaforða og fær í stafsetningu annars er hægt að reka ofan í mann beygingarvillur og aðrar ambögur. Herkænska er lykill að árangri, sjálfur er ég sókndjarfur og vil hafa allt opið meðan aðrir eru varnarsinnaðri.“


Reynir Hjálmarsson.


Vilhjálmur Þorsteinsson.

En það er ekki alltaf átakalaust að keppa í orðaskaki. „Við erum með dómara sem við leitum til, annars er stuðst við orðabækur. Eitt sinn þegar Sigríður systir var að keppa, voru gerðar athugasemdir við orðið „legverkir“ sem hún lagði niður. Við hringdum umsvifalaust í dómara sem er doktor í málvísindum og var orðið samþykkt með þeim orðum að viðkomandi sem mótmælti „ætti að lemja í hausinn með orðabók“, þannig að það getur verið hasar í þessu, segir Reynir Hjálmarsson og hvetur áhugasama orðsins menn að kynna sér starfsemi Skraflfélagsins. **astahrafnhildur@frettabladid.is**

**Limrulimbó**

Rithöfundurinn, þýðandinn, leikstjórinn og skemmtikrafturinn Gísli Rúnar Jónsson er orðhagur maður. Orð verða að list í meðförum hans og er hann einkar lunkinn við að setja saman limrur þar sem húmorinn fær að njóta sín. Gísli Rúnar leyfir lesendum að líta í óútgefið efni, en limrukver eftir hann mun líta dagsins ljós á næsta ári. Þessar limrur birtast í kafla um íslenskt mál en hann mun bera heitið: Íslenskur texti í minnkandi vexti.

### DELERÍUM KLEMENZ
***- þing-Z 1974***

Er Klemenz brá sér til Bremen,
brottfelldu'og drógu í hlé menn
bókstafinn Z(etu)
svo bókhneigðir grétu
og Klemenz sner'aftur sem Klemen.

### EINDAGI TUNGUNNAR
***- með íslenskum texta***

Orðin forða sér árlega
úr orðaforða sem sárlega
fer aftur, uns brátt
eftir er fátt
annað en „segðu“ og „klárlega“.


**Gísli Rúnar Jónsson limrusmiður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Á ÍSLENSKU MÁ ALLTAF FINNA SVAR

Íslenskan er orðaríkt mál en þrátt fyrir það þá hafa landsmenn unun af því að smíða nýyrði eða gefa orðum aðrar merkingar. Á slóðinni http://slangur.snara.is/ er að finna skemmtilegt slangur sem sumt hvert hefur fest sig í sessi en annað síður, en þrátt fyrir það er nýrðasmíði skemmtileg íþrótt.

hahaha...

**negrunarkúr**
tímabil þar sem einstaklingur leggur metnað í að dekkja hörundslit sinn

**greddumóða**
móða sem myndast á innanverðum glugga við ástarathafnir

**ellinaðra**
rafskutla fyrir gamalt fólk eða þá sem eiga erfitt með gang

**straumbreytir**
sá sem hefur áhrif á tískustrauma (e. trendsetter)

**diskóblundur**
að leggja sig áður en haldið er út á lífið

**veiðigalli/veiðivatn**
samkvæmisklæðnaður sem á að hjálpa til við að útvega bólfélaga eða maka, eða ilmvatn sem nýta á í sama tilgangi

**svikmynd**
leikin sjónvarps- eða kvikmynd sem er látin líta út fyrir að vera sönn heimild (e. mockumentary)

**kinderegg**
dökkhærð kona sem er undir niðri ljóska

**maltesín**
jólaöl, blanda af malti og appelsíni

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Fyrir þínar bestu stundir



www.dorma.is

Ný og betri vefverslun

**ALLTAF OPIN**

WYOMING u-sófi á JÓLAVERÐI



30% AFSLÁTTUR

## WYOMING
u-sófi

Klassískur u-sófi. Hægri eða vinstri tunga.
Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði
Stærð: 286 x 200 x 80 cm.

**Fullt verð: 199.900 kr.**

Aðeins **139.930 kr.**



20% AFSLÁTTUR

## TAMPA
u-sófi




Slitsterkt áklæði.
Dökk- og ljósgrár.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **151.920 kr.**



20% AFSLÁTTUR

## TAMPA
tungusófi




Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **95.920 kr.**

## NATURE'S LUXURY
heilsurúm með Classic botni

25% AFSLÁTTUR
af Nature's Luxury á meðan birgðir endast.

| Stærð í cm | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 120 x 200 | 119.900 kr. | **89.925 kr.** |
| 140 x 200 | 129.900 kr. | **97.425 kr.** |
| 160 x 200 | 149.900 kr. | **112.425 kr.** |
| 180 x 200 | 169.900 kr. | **127.425 kr.** |
| 180 x 210 | 194.900 kr. | **146.175 kr.** |

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. $m^2$



JÓLA-TILBOÐ

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.
Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl, koddar, púði og teppi.

Nature's Bedding

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# HEILSÁRS ÞJÓNUSTA

Öll garð- og vetrarþjónusta

...í áskrift



28 ára fyrirtæki

GARÐLIST

ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA

Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - www.gardlist.is






Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is





Sugarbearhair

• VEGETARIAN • GLUTEN & SOY FREE • CRUELTY FREE •

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

#1* BEST SELLER

Get Healthy Hair

Sugarbearhair hárvítamín sem styrkir hár, húð og neglur

* Ég er bjórn sem elskar hár. Dökkt, ljóst, brúnt, rautt og alla liti þar á milli
* Ég elska allar hárgerðir
* Ég ákvað að búa til vítamín fyrir þig upp úr alvöru berjum svo þú munir eftir því að taka það á hverjum degi
* Ég gerði vítamínið líka krúttlegt og sætt, eins og ég er sjálfur




Þú finnur allt um mig á www.regalo.is | Regalo ehf Iceland | Regalofagmenn



Varmadælur & loftkæling

Kælitækni




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.






Ari Tómasson, Þórður Hans Baldursson og Lóa Björk Björnsdóttir eru meðal þeirra sem komu að gerð Planternative. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kjötætur tengdar við raunveruleikann bak við máltíðina

**Planternative er verkefni unnið af stórum hópi fólks úr mismunandi kimum samfélagsins sem þó eiga það sameiginlegt að vera vegan. Um er að ræða vafraviðbót sem breytir orðum sem eru notuð um dýraafurðir yfir í það sem þau segja réttmætara orðalag.**

Planternative er verkefni sem byrjaði fyrir u.þ.b. ári síðan og gekk út á það að smíða hugbúnað sem skiptir út orðum sem notuð eru um dýraafurðir á internetinu fyrir eitthvað sem lýsir því sem um ræðir á réttmætari hátt. Hugbúnaðurinn virkar í flestum vöfrum og á öllum heimasíðum sem innihalda enskan texta.

Það þýðir foie gras í pain paté, happy meal yfir í sad meal og þar fram eftir götunum. Það er eiginlega best að fólk nái bara í viðbótina og prófi svo að skoða t.d. einhverjar grilluppskriftir til að skilja nákvæmlega hvað þetta gengur út á,“ segir Þórður Hans Baldursson en hann og Lóa Björk Björnsdóttir, Ari Tómasson og margir fleiri eru fólkið á bak við verkefnið.

„Tengingin frá dýrinu yfir í vöruna í matvöruversluninni er virkilega veik og tungumálið spilar þar inn í, sérstaklega á ensku. Cow yfir í beef yfir í steak myndar hugmyndafræðilega fjarlægð þar sem varan á diskinum á ekkert sameiginlegt með dýrinu og þar með litlar líkur á að neytandinn fái samviskubit,“ segir Ari.

## Hópur af hæfileikaríkum vegönum

*Hvaða fólk er á bak við þetta?*

„Það myndaðist alveg brjálæðislega gott teymi í kringum þetta verkefni. Næstum eins og allt hæfileikaríkasta fólk landsins sé vegan. Hönnun og branding var t.d. mestmegnis í höndum Gabríels Bachmann og svo kom Svala Hjörleifsdóttir inn í þá vinnu á seinni stigum, þeir Tómas Ken Shimomura-Magnússon og Piers Biddlestone forrituðu hugbúnaðinn með mér en mesta vinnan fólst samt í efnisvinnu, þ.e. a.s. að finna þýðingar á orðunum sem við vildum skipta út.

Þar voru betri en engin þau Lóa, Guðrún Sóley Gestsdóttir, Ari Tómasson, Ýmir Grönvold, Sólveig Einarsdóttir, Kata Jóhannesdóttir, Marinella Arnórsdóttir, Gígja Sara Björnsson, Matthías Karl Karlsson, Guðrún Ýr Eyfjörð, Jón Pétur Þorsteinsson og Ophelié Karoni. Við fengum svo sérlega rágjöf frá Gunnari Jörgen Viggóssyni um ýmis mál,“ segir Þórður.

„Þetta er bara alls konar fólk sem á það sameiginlegt að vera vegan. Ég kem bara stundum með mitt innlegg sem manneskja sem hefur skoðanir og er í listnámi. Vinir okkar hjálpuðu til við að þýða orðin í matarboðum,“ bætir Lóa við.

## Orðið „kjúklingakjöt“ upphafið

*Hvaðan kemur þessi hugmynd?*

„Hugmyndin spratt út frá hugleiðingum um orðanotkun og hugrenningatengsl. Áður en ég varð vegan var ég á veitingahúsi í borginni og það stakk mig þegar ég renndi yfir matseðilinn að í stað þess að boðið væri upp á kjúkling var boðið upp á kjúklingakjöt. Ég man að þessi ofurlitla breyting á orðalagi gerði það verkum að mig langaði ekki að panta neinn af þessum réttum. Breytti hugrenningatengslunum úr girnilega, tilbúna réttinum yfir í bleika, vakúmpakkaða kjötslímið úr kjötkælinum. Þannig að ég pantaði eitthvað annað.

Seinna þegar ég fór að spá í veganisma og þeim aðferðum sem við sem aðhyllumst hann notum til þess að reyna að snúa öðrum rifjaðist þessi pæling upp og kveikti hugmyndin að planternative. Við erum nefnilega svo gjörn á að detta í einhverja „holier than thou“ orðræðu sem að mínu mati er ekki endilega alltaf málstaðnum til framdráttar. Þess vegna held ég að tól sem byggir á húmor í bland við hneykslun og óþægindi gæti verið öflugra en eldræða úr predikunarstólnum,“ segir Þórður. „Skammir og átök valda því að fólk fer í skotgrafirnar og verji sinn lífsstíl, sem er ekki gott fyrir neinn,“ bætir Ari við en Lóa er ekki endilega á sama máli:

„Ég fæ reyndar ekki nóg af „holier than thou“ orðræðu. Þegar maður brennur fyrir einhverju þá er auðvelt að missa sig. Og upplifa sig vera einu manneskjuna sem er með sannleikanum í liði og finnast allir þeir sem borða kjöt vera þrjóskir, íhaldssamir og illa innrættir.“

„Tilgangurinn var að reyna að skapa eins konar vegan kennslutæki sem hefði nógu mikið afþreyingargildi og væri nógu áhugavert til þess að fólk sem væri ekki vegan myndi nenna að tékka á því. Ef það mistekst er planið að fara í skjóli nætur og hlaða þessu niður á allar tölvur sem við komumst í án þess að nokkur taki eftir því,“ segir Þórður aðspurður hvert markmiðið þeirra sé.

„Fólk sem borðar kjöt býr í svo aftengdum raunveruleika. Eins og maturinn þinn sé ekki lík af dýri, heldur bara einhver óskilgreindur bragðgóður hlutur og það myndar ekki hugrenningatengslin á milli matarins og dýrsins. Nema náttúrulega einhverjar sjúkar veiðimannatýpur sem skjóta dýrið sjálfar. Það er annar handleggur. Tilgangurinn er að skapa þessi hugrenningatengsl hjá fólki sem leiðir ekki hugann að þessu í sínu daglega amstri,“ svarar Lóa og bætir við: „Draumur minn er að það verði til skynsamleg umræða um dýraafurðalausan lífsstíl. Fólki finnst þetta enn þá svo róttæk ákvörðun að kjósa þannig mataræði en það sem mér þykir mun róttækara er að ákveða að nokkur dýr þurfi að deyja bara svo að þú getir farið í gegnum daginn þinn.“

Á planternative.com má bæði nálgast vafraviðbótina sem og meiri upplýsingar um verkefnið.

**stefanthor@frettabladid.is**

HJARTNÆM SÝNING UM MIKILVÆGI VINÁTTUNNAR

★★★★

„Bergur Þór sýnir og sannar enn einu sinni hversu hugmyndaríkur og fær leikhúslistamaður hann er"

SBH. Morgunblaðið

„Varla hægt að gefa börnum betri gjöf"

MK. Víðsjá

★★★★

„Jólaflækja bræðir skammdegið í burtu og býður gleðinni heim"

SJ. Fréttablaðið

# Jólaflækja



Tilnefnd sem barnasýning ársins á Grímunni 2017.



## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA – TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

08.11.17 – 14.11.17




**1** Myrkrið veit
Arnaldur Indriðason




**2** Saga Ástu
Jón Kalman Stefánsson




**3** Þitt eigið ævintýri
Ævar Þór Benediktsson




**4** Sakramentið
Ólafur Jóhann Ólafsson




**5** Þúsund kossar
Jón Gnarr




**6** Mistur
Ragnar Jónasson




**7** Rúna
Sigmundur Ernir Rúnarsson




**8** Gunnar Birgisson
Orri Páll Ormarsson




**9** Flóttinn hans afa
David Walliams




**10** Skuggarnir
Stefán Máni

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






Valdís í essinu sínu í kjólnum ásamt eiginmanni sínum, Friðþjófi Arnari Friðþjófssyni.



Eins og sjá má var mikið lagt í kjólinn. Hún notaði lítið teikningar.



Steinarnir og perlurnar, alls þrjátíu þúsund, voru sett á í höndunum.

# Handlímdi 30 þúsund steina á brúðarkjól

**Hanna Rún Bazev Óladóttir** var vakin og sofin yfir brúðarkjól vinkonu sinnar sem hún gerði frá grunni á níu vikum. Hágrét þegar hún gekk inn kirkjugólfið.

Ég hef aldrei saumað brúðarkjól fyrir neinn. Ég hef verið að sauma danskjóla fyrir mig en það er annað að sauma fyrir aðra," segir Hanna Rún Bazev Óladóttir sem hannaði brúðarkjól fyrir Valdísi Sylvíu Sigurþórsdóttur. Hún eyddi 300 klukkustundum í kjólinn sem hún kallar Mónadísu, enda var hún staðráðinn í að gera kjólinn að sínu Mónu Lísu verki.

„Hún hringdi í mig níu vikum fyrir brúðkaupið og spurði hvort ég væri til í þetta en ég afþakkaði. Hún bað mig um að hugsa málið til enda og mér fannst eins og einhver væri að gefa mér merki um að ég ætti að taka þetta verkefni að mér. Ég sagði því já á endanum. Þetta var mitt Mónu Lísu verkefni og ég var staðráðin í að gera eitthvert listaverk. Ég vildi hafa hann geggjaðan.



Glæsilegar saman á brúðkaupsdaginn, Valdís og Hanna.

En ég fattaði þegar ég var búin að eyða 10 klukkustundum í kjólinn að ég myndi ekki ná að klára hann fyrir brúðkaupið með því að vinna bara á daginn þannig að ég fór að vinna á nóttunni líka."

Þegar styttist í brúðkaupið var unnið myrkranna á milli. Maður Hönnu og sonur fóru út úr húsi og hún fékk Hanna næði til að klára kjólinn. „Brúðkaupið var á laugardaginn og þegar ég afhenti kjólinn á föstudag þá var ég ekki búin að sofa síðan á miðvikudag og var því orðin svolítið þvoglumælt."

**300**

**klukkutímar fóru í brúðarkjólinn.**

**30.000**

**steinar og perlur voru límd á kjólinn.**

Kjóllinn sló í gegn í brúðkaupinu og hefur Hanna fengið mikið hrós fyrir hann. Brúðurin geislaði og glitraði sem aldrei fyrr og gerði kjóllinn glæsilegt brúðkaup enn glæsilegra. „Ég er stolt og ánægð með kjólinn og ekki síður þakklát henni Valdísi að trúa svona á mig. Hún peppaði mig upp og lét mig öðlast trú á því að ég gæti þetta. Hún lét mig hafa trú á sjálfri mér.

Mig langaði aðeins að gráta þegar ég setti síðasta steininn í og kláraði kjólinn. En táraflóðið kom þegar hún tók fyrstu skrefin inn kirkjugólfið. Þá grét ég og maðurinn minn líka."

**benediktboas@365.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*









## 168.000 km² 4G kerfi

Vodafone hefur algjöra sérstöðu í farsímaþjónustu sem teygir sig um landið og miðin á 168.000 ferkílómetra svæði. Við vinnum stöðugt að því að auka gæði og dreifingu kerfisins til framtíðar. Nú síðast með uppfærslu háhraða í 4G+ sem nær allt að 250 Mb/s.

## 4G í 50 löndum

Með 4G í símanum þínum opnar Vodafone þér stöðugt og hnökralaust samband hvert sem leið þín liggur bæði innanlands og erlendis í samstarfi við Vodafone Group. Vodafone fylgir þér til 50 landa nú þegar og fleiri lönd bætast stöðugt við.

## Sjónvarp gegnum 4G

Ný uppfærsla á Vodafone Sjónvarpi færir þér dagskrána þína um 4G beint í símann. Njóttu þess besta sem framtíðin hefur að bjóða með stöðugri tengingu og sjónvarpsefni á ferðinni. Náðu í Vodafone PLAY appið fyrir símann þinn strax í dag.

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Frosta Logasonar



## Hjartað og heilinn

Ég er alveg undarlega rólegur yfir þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem nú standa yfir. Sjálfstæðisflokkur, Framsókn og Vinstri græn hafa alltaf verið þrír síðustu flokkarnir sem ég mundi kjósa. Einhverntíman hefði ég orðið brjálaður yfir tilhugsuninni um þetta stjórnarmunstur.

Ég sé líka að margt fólk sem ég hef átt samleið með í gegnum tíðina er eðlilega að missa vitið á samskiptamiðlum yfir þessari þróun mála.

Hvernig mér tekst að halda ró minni í þessum aðstæðum er mér ekki alveg ljóst. En það er ekki vegna þess að ég hafi misst áhuga pólitík eða samfélagsmálum almennt.

Ég held að það hafi meira að gera með pólariseringuna sem hefur, að mínu mati, harðnað all svakalega í okkar litla samfélagi að undanförnu. Ég er satt best að segja kominn með topp nóg af henni. Útum allt má sjá upphrópanir í hástöfum um hvað hinn og þessi eru hryllilegir og fólk alveg gáttað á að góða fólkið ætli nú að hleypa vonda pakkinu með í stjórn landsins. Það er einhvernvegin alltaf nóg af vondu fólki til að skemma allt.

Ég get viðurkennt að þessi tilfinning er undarleg en nú virðist ég ekki hafa jafn mikinn áhuga á róttækum samfélagsbreytingum eins og ég hafði áður. Hugsanlega er það vegna þess að framganga róttæklinganna heillar mig ekki lengur. Tilraunir þeirra til að skrímslavæða allt og alla hafa umbreytt þeim sjálfum í ófrýnilegar ófreskjur. Það er nefnilega þannig að þegar fólk leggur of mikla áherslu á að láta hjartað ráða för vill það oft brenna við að heilinn gleymist heima. Því miður.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

HUMAR
3.900 kr/kg
STÆRÐ 30/40
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

